4

Amor og Drangi bestu kynbótahrútarnir

10

Líkur á tvöföldun laxeldis á næstu tveimur árum

32

Mikið af næringarefnum enn ónýtt

Bændablaðið

8. tölublað 2022 • Fimmtudagur 28. apríl • Blað nr. 609 • 28. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Fyrstu lömbin voru fædd í Austurhlíð í Biskupstungum þegar Trausti Hjálmarsson sauðfjárbóndi var heimsóttur á dögunum. Auk þess að vera nýlega kjörinn formaður Deildar sauðfjárbænda þá er hann einnig nýliði í stjórn Bændasamtakanna. „Þar er margt sem bendir til þess að sauðfjárbændur séu að standa sig mjög vel í alþjóðlegum samanburði. Það eru verðmæti fyrir okkur sem þjóð að eiga svona góða og öfluga sauðfjárbændur. Við megum ekki tapa því niður," segir Trausti. – *Sjá nánar á bls. 28–29.*

Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Garðyrkjuskólinn:

Garðyrkjukennurum sagt upp

Síðastliðinn mánudag fengu allir garðyrkjukennarar Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi uppsagnarbréf. Guðríður Helgadóttir, starfsmenntanámsstjóri skólans, segir að þetta hafi komið mjög flatt upp á kennarana.

Fimm starfsmönnum var sagt upp í 4,5 stöðugildum hjá Landbúnaðarháskóla Íslands sem Garðyrkjuskólinn heyrir undir.

Guðríður segir að í skýringum með uppsögninni komi fram að með vísan til ákvörðunar menntamálaráðherra um tilfærslu starfsmenntanáms í garðyrkju og skyldum greinum frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSU), verði störf kennaranna við Landbúnaðarháskólann lögð niður.

„Það á að gerast 1. ágúst en samningur um þá yfirfærslu liggur ekki fyrir. Lilja Alfreðsdóttir ráðherra fullvissaði alla starfsmenn hér, um að það yrði engum sagt upp, heldur færðust starfsmenn á milli skóla. Hún sagði líka að öll starfsemin á Reykjum ásamt starfsmönnum færi undir FSU," sagði Guðríður.

Garðyrkjunámið sem starfrækt er á Reykjum í Ölfusi mun tilheyra Fjölbrautaskóla Suðurlands frá og með 1. ágúst næstkomandi.

„Samkomulagsdrög eru á teikniborðinu og unnið er að því að leysa málefni námsins," segir Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari FSU.

/HKr./ghp

Æðarræktendur uggandi vegna fuglaflensunnar

– Alifuglaræktendur óttast einnig stöðuna en aflífa hefur þurft milljónir alifugla í Evrópu, Ameríku og Asíu vegna smits

Æðarræktendur eru mjög uggandi vegna fuglaflensunnar sem borist hefur til landsins með farfuglum og fundist víða um land. Æðarfuglinn er villtur fugl og er því erfitt að verjast þessum vágesti.

Samkvæmt upplýsingum sem Matvælastofnun hefur nýlega gefið út er ljóst að þessi skæða fuglaflensa er útbreidd í villtum fuglum og mikil smithætta fyrir alifugla og aðra fugla í haldi manna.

Að sögn Margrétar Rögnvaldsdóttur, sem nýlega tók við sem formaður Æðarræktarfélags Íslands, þá er æðarfuglinn á þessum árstíma að gera sig kláran í að setjast upp og fara að huga að hreiðurgerð.

„Við æðarræktendur höfum rætt þessa hættu okkar á milli og höfum eðlilega áhyggjur af þessu. Við höfum ekki enn orðið vör við grunsamleg veikindi eða séð dauða fugla. Þótt æðarfuglinn sé staðfugl þá er þessi mikla smithætta til staðar. Farfuglarnir streyma auðvitað nú til landsins, einmitt þegar líður að varptíma æðarfuglsins, sem er í raun eini tíminn sem hann sest að uppi í landi," segir Margrét.

Farfuglar verpa oft inni í æðarvarpi

„Óhjákvæmilega er hann þar í nálægð við aðrar tegundir; eins og gæsir sem verpa oft inni í æðarvarpi og ýmsir mófuglar. Við tókum saman almennar leiðbeiningar fyrir æðarbændur vegna smitsjúkdómahættu og birtum á vef félagsins. Þær snúast mest um mikilvægi forvarna sem felast fyrst og fremst í því að gæta fyllsta hreinlætis í umgengni við æðarfuglinn – að fólk beri sjálft ekki smit með sér. Einnig eru þar leiðbeiningar um hvernig eigi að bera sig að þegar grunur vaknar um smitsjúkdóma í varpinu," segir Margrét.

Hún áætlar að tæplega 400 vörp eða ræktunarsvæði séu á landinu, um allt land nema á söndunum á Suðurlandi, flest á Breiðafjarðarsvæðinu. Í stærstu vörpunum séu um sex til átta þúsund hreiður og því segir hún að mikið sé í húfi. „Ég vona að skæð flensan herji ekki á slík vörp þar sem þéttleikinn er mikill. Það er svolítið misjafnt eftir svæðum hvenær varp hefst, fyrst er það nú á Suðurlandi í byrjun maí en hjá mér á Melrakkasléttu er það ekki fyrr en í lok maí."

Getur borist í menn

Fuglaflensa af stofni H5N6 hefur smitast í fólk í Kína. Samkvæmt vefsíðu Minnesotaháskóla þá hefur fólk smitast af fuglaflensunni i Cichuan-héraði í Kína. Þann 4. apríl var 56 ára gamall maður lagður illa haldinn inn á sjúkrahús, en hann hafði komist í snertingu við alifugla áður en hann varð var við veikindi 31. mars. Alls hefur verið tilkynnt um 13 smit í fólk af völdum H5N6 veirunnar í Kína.

Samkvæmt gögnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO hafði verið tilkynnt um smit í 239 mönnum á heimsvísu þann 31. mars síðastliðinn af H5N1 stofni. Þar af hafa 134 látist. Það er auk smita sem greinst hafa í Asíu af H5N6 stofni, en 75 rannsóknastofur hafa tilkynnt um smit í fólki af þeim stofni á svæðinu við vestanvert Kyrrahaf síðan 2014. Af þeim hafa 32 látist. Ekki er þó enn vitað til að fuglaflensuvírusinn hafi smitast milli manna.

Tugir milljónir fugla aflífaðir

Fuglaflensan hefur verið að breiðast út í Evrópu og hefur þurft að aflífa milljónir alifugla af þeim sökum, m.a. í Noregi og Danmörku, sem flestir hafa smitast af H5N1 veirunni. Þá hefur fuglaflensu orðið vart í 126 sýslum í 29 ríkjum Bandaríkjanna. Þar hafa um 31 milljón fugla smitast af sama veirustofni, bæði villtir fuglar og alifuglar á stórum fuglabúum og í bakgörðum hjá fólki sem þurft hefur að aflífa.

Í stöðugri viðbragðsstöðu

Jón Magnús Jónsson, bóndi á Reykjabúinu í Mosfellsbæ, segir að það séu talsverð tíðindi að flensan skuli vera þetta útbreidd. Enn sem komið er sé hún eingöngu í villtum fuglum en alifuglabændur hér á landi fylgja gríðarlega stífum verklagsreglum við sóttvarnir á búunum sem hjálpar til við að halda veirunni úti og að koma í veg fyrir mikið tjón.

„Við erum auðvitað mjög áhyggjufullir en þá er ekkert annað í stöðunni en að skerpa á öllum sóttvörnum og umgengnisreglum í kringum búin," segir Jón Magnús.

Engin merki um veika fugla

„Engin merki um veika fugla hafa sést hjá alifuglabændum. Það er mikið í húfi fyrir okkur að passa eins vel upp á búin og kostur er, því ef smit berst inn í alifuglahús þá má segja að þetta sé búið spil," segir Jón Magnús.

Hann bætir við að alifuglabændur hafi fram til þessa ekki lent í hremmingum vegna skæðrar fuglaflensu og þakkar það þeim hörðu vinnureglum varðandi sóttvarnir sem hafa tíðkast á Íslandi, í þeim tilgangi að verjast salmonellu- og kampýlóbaktersýkingum.

/smh /HKr.

FRÉTTIR

Bændablaðið:

Guðrún Hulda Pálsdóttir ráðin ritstjóri og tekur við 1. júní

Guðrún Hulda Pálsdóttir hefur verið ráðin til að ritstýra Bændablaðinu og tekur við af Herði Kristjánssyni þann 1. júní næstkomandi. Hún er fyrsti kvenritstjóri blaðsins frá stofnun þess árið 1995.

Guðrún Hulda hefur starfað á Bændablaðinu síðastliðin sjö ár sem blaðamaður, auglýsingastjóri og umsjónarmaður Hlöðunnar, hlaðvarpi Bændablaðsins.

Hörður tók við ritstjórnartaumunum í byrjun árs 2011 og undir hans stjórn hefur velgengni blaðsins aukist jafnt og þétt.



Guðrún Hulda Pálsdóttir.

Sterk staða Bændablaðsins

„Staða Bændablaðsins er sterk því lesendur vita að þeir geta gengið að innihaldsríkri umfjöllun, óvæntri þekkingu og mikilvægum upplýsingum, auk þess sem blaðið er vettvangur fyrir áhugaverð skoðanaskipti. Ég mun halda áfram þeirri vegferð sem Hörður hefur, með þvílíkri natni og eljusemi, leitt undanfarin ár. Við erum lítill en samhentur hópur sem stöndum að blaðinu og munum áfram miðla upplýsandi fregnum af landbúnaði og fjölbreyttum málefnum honum tengdum á skýran og heiðarlegan hátt," segir Guðrún Hulda.

Áður ritstjóri Eiðfaxa

Guðrún Hulda hefur 15 ára reynslu í fjölmiðlum. Áður en hún kom til starfa á Bændablaðinu starfaði hún hjá tímaritinu Eiðfaxa sem ritstjóri og blaðamaður og þar áður hjá Morgunblaðinu. Guðrún Hulda er með BA gráðu í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og nam umhverfis- og auðlindafræði á meistarastigi í sama skóla.

Eitt víðlesnasta blaðið

Bændablaðið er eitt víðlesnasta blað landsins. Það er gefið út hálfsmánaðarlega í 32.000 eintökum, auk þess sem vefurinn bbl.is er rekinn undir því.

Blaðinu er dreift inn á öll lögbýli en einnig er hægt að nálgast blaðið á ýmsum almennum dreifingarstöðum eins og á bensínstöðvum og í verslunum. */smh*

Bændablaðið

leitar að liðsauka

Bændasamtök Íslands leita að öflugum einstaklingi í þéttan starfshóp útgáfusviðs sem gefur út Bændablaðið. Starfið kallar á mikla framtakssemi og metnað gagnvart fjölmiðlun.

Starfið felur í sér vinnslu á fjölbreyttu efni tengdu landbúnaði, fyrir miðla Bændablaðsins. Skilyrði fyrir starfinu er mjög gott vald á íslensku ritmáli, samskiptahæfni og framtakssemi. Færni í umbroti og tæknileg kunnátta er mikill kostur.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Drifkraftur, samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Leiftrandi áhugi á landbúnaðartengdum málefnum.
- Þekking á vélum og tækjum er æskileg.

Einnig er tekið við umsóknum um skrif í lausamennsku.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún Hulda Pálsdóttir gegnum netfangið **gudrunhulda@bondi.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá auk kynningarbréfs. Umsókn, merkt ***Umsókn um starf hjá Bændablaðinu***, berist eigi síðar en 12.maí nk. á netfangið **vigdis@bondi.is.**

Bændablaðið er málgagn bænda og landsbyggðar og kemur út hálfsmánaðarlega í prentformi. Auk þess heldur blaðið úti vefsíðunni bbl.is.

Bændablaðið

Kemur næst út

12. maí

Stórhækkanir á orkukostnaði, áburðarverði og öllum aðföngum til landbúnaðarframleiðslu er að leiða til hækkana á matvælaverði um allan heim. Mynd / Unsplash

Mælingar OECD sýna mestu hækkanir matvælaverðs á heimsvísu í yfir 30 ár

– Framleiðslukostnaður bænda hefur um leið aukist langt umfram afurðaverð

Hagfræðingur hjá ASÍ sagði í kvöldfréttum Sjónvarpsins sunnudaginn 24. apríl að verð á mjólkurvörum og kjöti hafi hækkað mun meira en verð á innfluttri matvöru síðastliðið hálft ár og fyrirtæki nýttu hverja smugu til að hækka verð. Þessi orð hafa vakið reiði meðal bænda þar sem þau stangast algjörlega á við verðþróun erlendis varðandi kostnað við matvælaframleiðslu og alþjóðlega verðlagsþróun á undanförnum mánuðum.



Aðildarríki OECD.

Samkvæmt tölum Efnahags- og þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (OECD), þá hækkaði matvælaverð í mars á heimsvísu að meðaltali um 12,6% á milli mánaða. Hefur matvælaverð aldrei hækkað meira á milli mánaða síðan OECD hóf slíkar mælingar fyrir meira en þrem áratugum. Áhrifin eru mest í þróunarlöndunum.

Samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem ná allt til ársins 1990 er þar líka að sjá verulegar matvælaverðshækkanir. Vísitala matvælaverðs hefur síðan hækkað um 19% það sem af er þessu ári, að mestu eftir að Rússar réðust inn í Úkraínu.

Víða um heim hafa yfirvöld gripið til niðurgreiðslna á matvörum af þessum sökum eins og í Egyptalandi þar sem brauð er selt undir verði á korninu sem fer í að baka það.

Bæði hvatt til aukningar matvælaframleiðslu og samdráttar hjá bændum

OECD hvetur bændur til að planta meira til að auka matvælaframleiðsluna en þar berjast menn við þær þversagnir að skortur hefur verið á áburði og orka og öll aðföng hafa verið að hækka verulega í verði. Það neyðir bændur til að draga úr sinni framleiðslu sem leiðir aftur til verðhækkana á matvælum. Þá eykur það enn á vandann að bændur í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar um lönd hafa verið hvattir af stjórnvöldum til að hætta framleiðslu á landi sínu til að mæta umhverfis- og loftslagsmarkmiðum.

ASÍ telur áhrif erlendra kostnaðarhækkana óveruleg

Er þetta sérlega athyglisvert í ljósi orða hagfræðings ASÍ, Auðar Ölfu Ólafsdóttur, sem hefur umsjón með verðlagseftirliti ASÍ. Fréttamaður RÚV bendir á að töluvert hafi verið rætt um verðhækkanir erlendis sem geti leitt til þess að Íslendingar flytji inn verðbólgu. Auður segir að þvert á móti hafi verð á innlendri framleiðslu hækkað meira en verð á innfluttum mat. Verðhækkun á áburði og bensíni geti skýrt þetta að einhverju leyti. Auður telur hins vegar markaðsbrest vera helstu skýringuna. Hún nefnir íslensku mjólkur- og kjötframleiðsluna sérstaklega og segir:

„Á síðasta hálfu ári hefur verð á kartöflum hækkað um 1,1%. Verð á kjöti hefur hækkað um 7,6%. Búvara án grænmetis hefur hækkað langmest í verði. Þá er ég að tala um mjólkurvörur, olíu og feitmeti en kjöt líka. Fiskur hefur líka hækkað í verði. Brauð og kornvara einhvers staðar í miðjunni. Hins vegar erum við að sjá að ávextir og grænmeti hefur hækkað minnst í verði. [...] Skortur á samkeppni vegna verndarstefnu vegna hárra tolla. Heildsölu- og smásöluverslanir þurfa að huga að því að sýna samfélagslega ábyrgð og fara eftir þeim lögum, reglum og gildum sem gilda í þessu samfélagi og nýta ekki hverja smugu til að okra á almenningi."

Gríðarlegar kostnaðarhækkanir valda bændum vandræðum

Ekki þarf að leita lengra en til Bretlands til að sjá að stórhækkun framleiðslukostnaðar er að hafa gríðarleg áhrif á framleiðslu landbúnaðarafurða sem hafa hækkað þar hlutfallslega meira í verði en á Íslandi.

Í umfjöllun breska landbúnaðarritsins Farmers Weekly þann 21. apríl síðastliðinn er fjallað um samdrátt í landbúnaðarframleiðslu vegna verðbólgu í aðkeyptum aðföngum sem komin er í 24%. Þar er líka sýnt fram á hvernig verðþróun á framleiðsluvörum bænda er langt frá því að halda í við kostnaðarverð. Á meðan aðföng hafi hækkað í verði um 24% hafi smásöluverðsvísitalan á framleiðsluvörum bænda aðeins hækkað um 5,6%. Að óbreyttu mun þetta leiða til samdráttar í matvælaframleiðslu.

Kartöflubændur koma sérlega illa út úr þessu, en þar hefur orðið 2% verðlækkun á síðustu sex mánuðum á meðan kostnaðurinn hefur aukist um 27%. Í mjólkurframleiðslu nemur kostnaðaraukinn 21% en hækkun á smásöluverði er 19%. Í nauta- og lambakjötsframleiðslunni nemur kostnaðaraukinn 21% en smásöluverð hefur hækkað til neytenda um 11%. */HKr.*

Færeyingar héldu fánadag sinn hátíðlegan 25. maí og buðu gestum að taka þátt í athöfn á Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Forsætisráðherra Færeyja, Bárður Á Steig Nielsen, flutti þar ræðu og lýsti sögu færeyska fánans sem átti 100 ára afmæli 2019. Fjallaði hann einnig um náin samskipti Íslendinga og Færeyinga og sem dæmi um það upplifðu Færeyingar sig heima þegar þeir kæmu til Íslands og það sama mætti segja um Íslendinga sem færu til Færeyja. Guðni TH. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti þar einnig ræðu og fjallaði m.a. um fánasögu Íslendinga og góð samskipti þessara nánu frændþjóða. Við þessa athöfn spilaði færeyska tónlistarkonan Guðrið Hansdóttir þrjú lög og boðið var upp á þjóðlegar færeyskar veitingar. Mynd / Hörður Kristjánsson

Hringferð **SA** 2022

Fyrirtækin okkar og framtíðin

Í maí fundum við með félagsfólki SA um allt land. Ræðum efnahagsmálin, komandi kjaraviðræður og það sem þér finnst skipta máli.

DAGSKRÁ HVERS FUNDAR

Fyrri hluti → Sérfræðingar SA kynna stöðu efnahagsmála og eiga vinnufund með félagsmönnum til að fá þeirra innlegg í komandi kjaraviðræður.

Síðari hluti → Fræðsla til félagsmanna um starfsmanna- og kjaramál. Sérfræðingar vinnumarkaðssviðs SA fara yfir starfsmanna- og kjaramál sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir og skipta fyrirtækin okkar máli.

DAGSKRÁ

5. maí → **Borgarnes**, Landnámssetrið, kl. 9:30
11. maí → **Ísafjörður**, Edinborg Menningarmiðstöð, kl. 10:30
12. maí → **Akureyri**, Hótel KEA, kl. 9:30
17. maí → **Vestmannaeyjar**, Salur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja
18. maí → **Selfoss**, Hótel Selfoss, kl. 9:30
25. maí → **Egilsstaðir**, Icelandair Hótel Hérað, kl. 9:30
31. maí → **Reykjavík**

Fleiri fundir auglýstir síðar.
Nánari upplýsingar um fundina og skráningu má finna á **sa.is**.

sa.is

FRÉTTIR

Fagfundur sauðfjárræktarinnar:

Amor og Drangi bestu kynbótahrútarnir

– Þóroddsstaðir útnefnt besta ræktunarbúið, en einkenni margra gripa frá búinu hversu sterkir þeir eru til kynbóta á mæðraeiginleikum

Fagfundur sauðfjárræktarinnar var haldinn 7. apríl á Hvanneyri. Venju samkvæmt voru veitt hrútaverðlaun sæðingastöðvanna, sem telja má til þeirra æðstu í sauðfjárræktinni. Að þessu sinni var Amor 17-831 frá Snartarstöðum II valinn besti lambafaðirinn og Drangi 15-989 frá Hriflu útnefndur besti kynbótahrúturinn. Í fyrsta skipti var nú einnig besta sauðfjárræktarbúið verðlaunað og hlotnaðist Þoroddsstöðum í Hrútafirði sá heiður.

Veglegur farandgripur var veittur fyrir besta sauðfjárræktarbúið. Þau verðlaun eru veitt úr minningarsjóði Halldórs Pálssonar en sauðfjárdeild Bændasamtaka Íslands stendur fyrir því að þessi verðlaun eru nú veitt. Sauðfjárræktarráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) sjá um val á verðlaunahöfum, sem byggir á reglum sem samþykktar hafa verið af fagráði sauðfjárræktar. Þeir gera einnig grein fyrir rökstuðningi sem hverjum grip fylgir.

Um gerð umsagna og veitingu verðlauna sáu ráðunautarnir Eyþór Einarsson, Árni B. Bragason og Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Afkvæmin hafa holdfyllt bak og frábær lærahold

Að sögn Eyþórs byggir val á besta lambaföður á niðurstöðum dóma frá haustinu 2021. „Horft er til þeirra hrúta sem áttu yfir 100 fullstigaða syni. Við valið er tekið tillit til flokkunar lambanna, fallþungaeinkunnar og kynbótamats en hrútarnir þurfa að standast ákveðnar lágmarkskröfur. Áhersla er lögð á góða útkomu úr ómmælingum og stigun lambanna.

Ræktendur Amors 17-831 frá Snartarstöðum II í Núpasveit, þau Helgi Árnason og Sigurlína Jóhannesdóttir, hreppa hnossið fyrir besta lambaföðurinn. „Faðir Amors er Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum og móðurfaðir hans er Korni 10-520 frá Þverá. Amor kom á sæðingastöð haustið 2018 og fékk góða notkun tvö fyrstu árin. Heldur dró svo úr ásókn í hann í vetur og spilar þar örugglega inn í að dætur Amors mættu sýna meiri mjólkurlagni. BLUP kynbótamat hans fyrir gerð, fitu, frjósemi og mjólkurlagni er í sömu röð: 121 – 107- 105 – 101,“ segir Eyþór.

„Afkvæmi Amors hafa einkar holdfyllt bak og frábær lærahold. Öflug gerðin kemur skýrt fram í góðri flokkun sláturlamba og fáir stöðvahrútar skjóta honum þar ref fyrir rass. Vænleiki lambanna er góður.

Amor 17-831 frá Snartarstöðum II var valinn besti lambafaðirinn.
Mynd / Aðsend

Drangi 15-989 frá Hriflu var útnefndur besti kynbótahrúturinn.
Mynd / Aðsend

Hann getur gefið hreinhvít lömb með prýðilega ull. Við val Amors var horft til þess að enginn af þeim hrútum sem til álita komu skila jafn þykkum bakvöðva, en um 200 synir hans mældust með 32,9 mm þykkan vöðva sl. haust,“ segir í umsögninni um Amor.

Dætur sem skila góðum vænleika

Að sögn Eyþórs er besti kynbótahrúturinn valinn út frá alhliða reynslu en sá sem er útnefndur þarf að hafa verið öflugur bæði sem lambafaðir og ærfaðir. „Að lágmarki þarf að vera komin tveggja ára reynsla á dætur hrútsins sem til eru komnar í gegnum sæðingar. BLUP kynbótamat hrútsins þarf að vera að lágmarki 105 stig fyrir gerði og mjólkurlagni dætra og 100 stig fyrir fitumat og frjósemi.

Einnig er horft til vænleika afkvæmanna,“ segir Eyþór.

Ræktandi Dranga 15-989 eru Vagn Sigtryggsson sem á því heiðurinn af besta kynbótahrútinum ásamt Hriflubúinu í Þingeyjarsveit. „Faðir hans er einnig frá Hriflu en það er Dreki 13-953. Drangi er því þriðji hrúturinn í beinan karlegg til að hljóta viðurkenningu sem mesti kynbótahrúturinn en Dreki hlaut þann heiður árið 2019 og Grábotni 06-833 árið 2013. Drangi var valinn inn á sæðingastöð sumarið 2017 eftir að hafa sýnt frábæran árangur sem lambafaðir heima í Hriflu. Því miður entist honum ekki aldur til að þjóna á stöðvunum nema eitt ár en þann vetur voru tæpar 700 ær sæddar við honum.

Drangi skilaði þroskamiklum lömbum með þykkan bakvöðva og ágæt lærahold. Þau vor fremur fitulítil. BLUP kynbótamat hans fyrir gerð stendur nú í 109 stigum og fyrir fitu 113 stigum. Dætur hans hafa verið prýðilega frjósamar og skilað mjög góðum vænleika. Kynbótamat hans fyrir frjósemi stendur í 103 stigum og fyrir mjólkurlangi í 112 stigum,“ segir Eyþór.

Í umsögn um Dranga segir: „Drangi er sannarlega einn af öflugustu alhliða kynbótahrútum stöðvanna og er vel að því kominn að vera útnefndur „mesti kynbótahrútur sæðingastöðvanna árið 2021“.

Þóroddsstaðir ræktunarbú ársins

Í fyrsta sinn voru veitt verðlaun fyrir besta sauðfjárræktarbúið á fagfundi sauðfjárræktar. Að sögn Eyþórs var búið valið út frá heildareinkunn kynbótamats en aðeins koma til greina bú sem standast ákveðin skilyrði. „Einungis er horft til búa með 100 eða fleiri fullorðnar ær. Afurðir þurfa að hafa verið yfir landsmeðaltali. Frjósemi sé yfir 1,9 lamb á hverja fullorðna á og 0,9 á veturgamla á.

Gerð sláturlamba sé yfir 9,2 í einkunn og fitan sé á bilinu 5,4 til 7,6. BLUP kynbótamat ánna þarf að vera að meðaltali yfir 100 stigum fyrir gerð, fitu, frjósemi og mjólkurlagni. Reiknuð er heildareinkunn kynbótamats fyrir ær fæddar á bilinu 2011 til 2020 og er búunum raðað upp eftir þeirri einkunn. Þegar heildareinkunn er reiknuð er sett þak á kynbótamat fitu við 110 stig og frjósemi við 120 stig,“ segir Eyþór.

Verðlaunahafarnir; Sigurlína Jóhannesdóttir, Snartarstöðum II, Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum og Vagn Sigtryggsson, Hriflu. Mynd/UnnsteinnSnorri

Ætíð mjög góðar afurðir

Gunnar Þórarinsson og Matthildur Hjálmarsdóttir hafa staðið að búrekstrinum á Þóroddsstöðum. Í umsögn RML sem fylgir verðlaununum segir: „Búið á Þóroddsstöðum hefur lengi verið mjög virkt í ræktunarstarfi sauðfjár á Íslandi. Þar hafa nokkrum sinnum verið haldnar afkvæmarannsóknir úrvalshrúta í Miðfjarðarhólfi fyrir sæðingastöðvarnar en að auki hefur búið verið þátttakandi í afkvæmarannsókn nánast árlega síðan skipulegar afkvæmarannsóknir í núverandi mynd hófust árið 1999.

Frá búinu hafa komið nokkrir hrútar á sæðingastöð gegnum tíðina. Þeir eru: Ljóri 95-828, Oddur 02-942, Bósi 08-901, Gutti 13-984, Kappi 16-839 og Sammi 16-841. Einkenni á mörgum gripum sem koma frá Þóroddsstöðum er hversu sterkir þeir eru til kynbóta á mæðraeiginleikum, þ.e. frjósemi og mjólkurlagni dætra. Í dag eru helstu ættfeður á Þóroddsstöðum byggt á greiningu ætternisgagna búsins þeir Sammi 16-841 og Bósi 08-901. Þeim að baki eru eldri höfðingjar eins og Lóði 00-871, Hörvi 92-972 og Strammi 83-833 enn mjög áhrifamiklir ættfeður í framræktun hjarðarinnar á Þóroddsstöðum.

Auk þess að hafa verið mjög virkt í ræktunarstarfi sauðfjár gegnum árin hafa afurðir á Þóroddsstöðum ætíð verið mjög góðar. Því til staðfestingar er búið eitt fárra búa sem hefur alltaf náð inn á lista yfir Úrvalsbú hjá RML sem hefur verið birtur síðan 2013.

Sauðfjárbúið Þóroddsstaðir í Hrútafirði er því vel að þessum verðlaunum komið sem ræktunarbú ársins 2021.“

/smh

Þóroddsstaðir í Hrútafirði.
Mynd / HKr.

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Minningarsjóður Halldórs Pálssonar gefur verðlaunagripinn fyrir besta ræktunarbúið

Minningarsjóður Halldórs Pálssonar gefur verðlaunin í minningu Halldórs Pálssonar og heiðrar þar með hans mikla ævistarf sem m.a. lagði grunninn að þeim miklu framförum sem orðið hafa í kynbótastarfi í sauðfjárrækt síðustu áratugina.

Einn af þekktustu vísindamönnum þjóðarinnar

Halldór var einn af þekktustu vísindamönnum þjóðarinnar. Hann lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Edinborg 1938. Doktorsverkefnið var á sviði vaxtarlífeðlisfræði sauðfjár og fjallaði ritgerðin um kjötgæði og kjöteiginleika skoskra sauðfjárkynja og samanburð við eiginleika íslenska fjárins. Verkefni sitt vann Halldór undir leiðsögn hins þekkta búfjárræktarmanns dr. John Hammonds.

Búnaðarmálastjóri

Árið 1937 hóf Halldór störf hjá Búnaðarfélagi Íslands og starfaði þar allt til ársins 1980. Fyrst sem sauðfjárræktarráðunautur og síðar sem búnaðarmálastjóri. Halldór kom að stofnun sauðfjárræktarbúsins að Hesti í Borgarfirði árið 1943. Halldór skildi eftir sig mikið ævistarf, hvort sem horft er til verkefna hans á sviði búfjárrannsókna en ekki síður í starfi sínu sem búnaðarmálastjóri. Það er því vel við hæfi að heiðra minningu og ævistarf Halldórs Pálssonar með því að kenna þessa viðurkenningu, Halldórsskjöldinn, við hann.

Þessi veglegi skjöldur er útskorinn af Sigríði Jónu Kristjánsdóttur, Siggu á Grund. Sigga er uppalin í Villingaholti í Flóa, dóttir Ingvars Kristjáns Jónssonar og Grétu Svanlaugar Jónsdóttur. Sigga hefur stundað útskurð frá því að hún var barn og var farin að skera út eftir pöntunum þegar hún var 12 ára. Sigga hefur unnið bæði úr horni og tré. Hún er í grunninn sjálfmenntuð en stundaði nám við City and Guilds Art School í London. Siggu var veittur Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar 2010. Sigga er einn færasti útskurðarmeistari landsins og er verk eftir hana að finna úti um allt land. Hún hefur einstakt lag á því að skera út sauðfé og hross og hefur oft verið leitað til hennar til að skera út verðlaun fyrir hin ýmsu tilefni.

Taktu vel á móti vorinu

ENNEMM / SÍA / NM-010233

N1 Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki

Tegera girðingarhanskar

Frábærir hanskar í girðingarvinnuna. Fóðraðir í lófum. Ljóst leður á lófum og blátt tau á baki.

Stærðir: 10-11.

Vnr. 9616 K2 2001

Dunlop Field Pro öryggisstígvél

Mjög góð öryggisstígvél með nýju sniði. Sólinn er með frábæru gripi. Öryggistá og plata í sóla. Létt og þægileg við flestar aðstæður. Þola allt að -20°C frost.

Stærðir: 37-48.

Vnr. 100008118

Gólfkústur

Verksmiðjukústur eða heimiliskústur úr viði. Frábær í vorhreingerninguna.

Stærð: 28 cm.

Vnr. A074 551000

Handbursti

Hvítur handbursti með stuttu handfangi og stórum haus.

Stærð: 27 cm.

Vnr. 6485A D7W

Plastpokar

Glærir plastpokar úr endurunnu plasti.

Stærð: 700×1100×0,03 mm.
50 stk. á rúllu.

Vnr. A095 3121010215

Varta rafhlöður

Rafhlöður Varta Longlife AA

8 stykki í pakka.

Vnr. A983 V7098

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
Höfn s. 440 1462 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – **Sími smáauglýsinga: 563 0300** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Ljósin blikka

Viðvörunarljós blikka nú um allan heim vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í matvælaframleiðslu. Fæðuöryggi þjóða er ógnað og víða eru menn farnir að búa sig undir mögulegan skort á matvælum á komandi mánuðum og misserum.

Það er ekki bara stríðið í Úkraínu sem er að leiða til þessa ástands, því áður en til þess kom var fyrirséð að ört hækkandi orkuverð t.d. í Evrópu var að leiða til mikils samdráttar í áburðarframleiðslu. Stríðið í Úkraínu ýtti enn frekar undir þann vanda auk þess sem viðskiptabann á Rússa hefur haft gríðarlegar afleiðingar m.a. fyrir landbúnaðarframleiðslu í Brasilíu og víðar. Brasilíumenn hafa ekki fengið nauðsynlegan áburð og það hefur síðan aftur áhrif á kjöt- og kornmarkaði heimsins. Sama staða er uppi í Evrópu og Ameríku. Við það bætist vandi úkraínskra bænda við að koma frá sér kornframleiðslu síðasta árs og fyrirséð óvissa þar í landi vegna landbúnaðarframleiðslu á þessu ári.

Vaxandi alþjóðavæðing í viðskiptum hefur síðan leitt til staðbundins vanda víða um lönd þar sem framleiðsla matvæla og ýmiss konar iðnvarnings hefur færst til láglaunalanda. Eftir sitja heilu þjóðirnar sem búnar eru að leggja niður stóran hluta af sinni matvæla- og iðnaðarframleiðslu og stóla á innfluttar vörur sem þegar er orðið erfitt að fá keyptar.

Þessi þróun er þvert á hvatningu stofnana Sameinuðu þjóðanna árum saman um að þjóðir heims tryggi sjálfbærni og sitt eigið fæðuöryggi. Þessi hvatning hefur ekki verið sett fram sem einhver hræðsluáróður, heldur í ljósi síendurtekinnar reynslu af styrjöldum og margvíslegum náttúruhamförum. Það liggur fyrir að þegar þjóðir geta ekki lengur útvegað þegnum sínum mat, þá leiðir það til upplausnar og flótta fólks í leit að betra lífsviðurværi.

Það hefur verið lenska sumra stjórnmálamanna á Íslandi að tala niður áhyggjur manna af fæðuöryggi. Þá hafa viðkomandi gjarnan verið sakaðir um einangrunarhyggju, heimóttarlega og gamaldags þjóðernishyggju og hræðslu við alþjóðleg samskipti.

Alþjóðahyggja í viðskiptum og ofuráhugi á aðild að Evrópusambandinu er mjög litaður af sama hugsunarhætti. Skiptir þá engu þó menn sjái nú svart á hvítu hrikalegar afleiðingar af gegndarlausri alþjóðavæðingu þar sem verið er að flytja vörur heimshorna á milli með gríðarlegri orku- og hráefnasóun í skjóli misnotkunar á ódýru vinnuafli. Afar sérkennilegt er því að hlusta á talsmenn flokka sem að grunni til kenna sig við baráttu verkalýðs, reka áróður á þessum fölsku nótum. Að það sé bara allt í lagi að misnota vinnuafl í öðrum löndum til að framleiða ódýrar neysluvörur fyrir Vesturlandabúa. Þá lítur slíkt heldur ekkert sérlega vel út í öllu talinu um að draga þurfi úr losun koltvísýrings vegna hlýnunar loftslags.

Öfgar af öllu tagi, hvort sem þeir fela í sér skefjalausa alþjóðavæðingu eða harðsvíraða þjóðernis- og einræðishyggju geta aldrei leitt til réttlætis í samskiptum fólks og þjóða. Umburðarlyndi gagnvart menningu og lífsgildum ólíkra þjóða og þjóðflokka hlýtur að vera mun farsælla.

Fer ekki best á því að við reynum að standa sjálf í lappirnar og vera sem mest sjálfbjarga með fæði, klæði og aðrar nauðsynjar? Verum ekki sífellt að leita að viðskiptalegum smugum til að nýta okkur eymd fólks í öðrum löndum. Byggjum okkar velmegun fremur á því sem okkar land og þekking getur gefið af sér. Þannig ættum við best að geta hjálpa þeim sem á þurfa að halda og það á okkar eigin forsendum en þurfum þá ekki að byggja slíkt á eymd annarra. */HKr.*

Hækkanir matvælaverðs í heiminum eiga sér vart fordæmi

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Gleðilegt sumar, ágæti lesandi, og takk fyrir veturinn sem hefur verið á margan hátt ögrandi og ekki síður gefandi. Það hefur verið venja í gegnum árin að Garðyrkjuskólinn bjóði heim á sumardaginn fyrsta og var svo í ár. En nú er staðan sú að öllum starfsmönnum skólans hefur verið sagt upp og framtíð námsins og starfseminnar óljós.

Ráðherra menntamála hefur sagt að starfsemin fari undir Fjölbrautaskóla Suðurlands, en enn er óleyst aðstaða skólans hvort það verði á forræði Landbúnaðarháskólans eða FSU. Ég vil hvetja ráðamenn þjóðarinnar til að höggva á þennan vandræðalega hnút sem er uppi og bera hag starfsmenntanámsins fyrir brjósti svo starfsemi að Reykjum megi vera vagga umhverfis- og garðyrkjunáms til framtíðar.

Gögn sýna að innflutt matvæli eru líka að hækka í verði

Á dögunum birtist frétt á miðlum ljósvakans þar sem rætt var við hagfræðing ASÍ þar sem talsvert var rætt um verðhækkanir á matvælum og talað um ofurhækkun á íslenskum landbúnaðarvörum. Það er athyglisvert að í fréttinni er fullyrt að „verð á mjólkurvörum og kjöti hefur hækkað mun meira en verð á innfluttri matvöru síðastliðið hálft ár“. Þetta er ekki í fullu samræmi við það sem kemur fram ef skoðuð eru gögn yfir verðlagsþróun hjá Hagstofu Íslands. Matvörur eru að hækka um 4% síðustu 6 mánuði (október 2021–mars 2022). Þar af er kjöt að hækka um 7,6% og mjólkurvörur um 3,8%. Hins vegar eru vöruflokkar þar sem við finnum einkum innfluttar matvörur að hækka líka. Hér má nefna kaffi, te og kakó, sem hækkar um 5,3% yfir tímabilið, og brauð og kornvörur, sem hækka um 5% yfir tímabilið. Fullyrðingar í fréttinni um að verð á mjólkurvörum og kjöti hafi hækkað mun meira en verð á innfluttri matvöru síðastliðið hálft ár stenst því ekki skoðun. Það er hins vegar full þörf á því að fylgjast vel með þróun þessara mála á næstunni, því miðað við þær fréttir sem nú berast erlendis frá eru líkur á að matvælaverð muni fara hækkandi.

Matvælaverð erlendis er líka að hækka

Árið 2021 hækkaði matvælaverð í heiminum um 28,1% samkvæmt vísitölu matvælaverðs sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur gefið út frá árinu 1990. Vísitala matvælaverðs hefur síðan hækkað um 19% það sem af er þessu ári, að mestu eftir að Rússar réðust inn í Úkraínu. Þetta eru hækkanir á matvælaverði sem eiga sér vart fordæmi og er þegar farið að bitna á fátækari þjóðum heimsins. Því er spáð að matvælaverð í heiminum haldi áfram að hækka og að aukinn kostnaður dragi úr framleiðslunni. Við þessari þróun þarf að sporna og tryggja það að landbúnaðarframleiðsla dragist ekki saman.

Frá upphafi árs 2021 hefur matvælaverð í Evrópu hækkað um 7,3% samkvæmt gögnum frá Eurostat. Á sama tíma hefur verð á matvælum á Íslandi hækkað um 5,1% samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands. Hækkun matvælaverðs hér á landi er í samræmi við þróun sem á sér stað erlendis.

Hver á að framleiða matinn?

Skilaboð ASÍ til bænda voru skýr. Opna þarf fyrir aukinn innflutning á matvælum og þar með flytja út störf sem unnin eru hér á landi. Er hægt annan daginn að berjast fyrir hækkun launa, sem sannarlega er þörf á, hinn daginn kalla eftir því að fluttar verði inn matvörur frá löndum sem greiða lægri laun? Er það sú samfélagslega ábyrgð sem ASÍ er að boða?

Það er taktlaust að ráðast á innlenda matvælaframleiðslu sem einhvern blóraböggul vegna hækkana á matvælaverði í heiminum. Reyndar má segja að á síðustu árum hafi bændur tekið á sig gífurlega kjaraskerðingu í formi lækkaðs afurðaverðs sem m.a. annars hefur haldið á móti hækkun matvæla og verðbólgu. Aðföng í landbúnaði eru að jafnaði að hækka um 20–30% milli ára. Ef bændum er ekki tryggð afkoma af sinni frumframleiðslu þá mun þeirra framleiðsluvilji hverfa. Í heimi með hækkandi matvælaverði og minnkuðu framboði þurfum við sem þjóð að ákveða hver á að framleiða okkar mat og hafa atvinnu af því.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Í logni á Bíldudal. Rauða húsið með flata þakinu fyrir miðri mynd heitir Sæbakki. Það var byggt af Reinald Kristjánssyni árið 1920, en áður bjó hann á Kaldá í Önundarfirði. Reinald fæddist árið 1866 í Eyrarhúsum í Tálknafirði og starfaði lengi sem landpóstur og ferðaðist þá með póstinn frá Ísafirði til Bíldudals, fótgangandi yfir fjöll og firnindi jafnt vetur sem sumar. Þekktar eru tvær bækur Reinalds, „Á sjó og landi“, sem lýsa hans æviferli, búskap og sjómennsku á árabátum og fleiru. Í seinni bókinni er m.a. fjallað um Skúlamálin á Ísafirði sem Reinald var vitni að. Þar kom mjög við sögu mikill vinur hans og félagi, Sigurður Jóhannsson frá Hafnardal í Nauteyrarhreppi og bóndi á Gildsbrekku í Súgandafirði. Hann var iðulega kallaður „Sigurður skurður“. Gerir Reinald góða grein fyrir þeirra vinskap í seinni bókinni, en þeir sórust meira að segja í fóstbræðralag að fornum sið eftir hörð slagsmál þeirar á milli þar sem hvorugur hafði betur. Voru þeir þá nýkomnir í land á Ísafirði úr róðri á árabát sem þeir voru hásetar á og hafði rétt náð landi eftir mikla baráttu í vondu veðri. Upphaf slagsmálanna var að þeir voru að reyna að ganga í augun á ungum stúlkum sem þarna voru að vinna við vöskun á fiskinum sem þeir höfðu komið með í land. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Opinn dagur Garðyrkjuskólans að Reykjum á sumardaginn fyrsta:

Vilmundur handhafi Hvatningarverðlauna garðyrkjunnar 2022

Vilmundur Hansen, blaðamaður Bændablaðsins og garðyrkjufræðingur, hlaut Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2022 sem afhent voru á opnu húsi Garðyrkju - skólans að Reykjum á sumardaginn fyrsta.

Vilmundur, sem er fyrrum nemandi skólans, hefur m.a. haldið utan um Facebook-síðuna vinsælu, Ræktaðu garðinn þinn, sem er vettvangur þar sem hægt er að afla sér upplýsinga um allt sem tengist ræktun. Auk þess hefur Vilmundur skrifað bækur og óteljandi greinar á þessum vettvangi um ræktun. Hann hlaut hvatningarverðlaunin fyrir ötula miðlun þekkingar og fræðslustarf.

Af sama tilefni hlaut Björn Bjarndal Jónsson skógfræðingur, garðyrkjufræðingur og búfræðingur, heiðursverðlaun garðyrkjunnar. Björn hefur unnið að afurðamálum Skógræktar um langt árabil og verið í fararbroddi við að vekja athygli á mikilvægi brunavarna í skógrækt á Íslandi. Hann hefur ritað bókarkafla og fjölda greina í bækur, blöð og tímarit um skógrækt í víðum skilningi. Samhliða störfum sínum hefur hann sinnt stundakennslu við Garðyrkjuskólann á Reykjum og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og er vinsæll kennari.

Þá voru Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma sæmdir titlinum Verknámsstaður garðyrkjunnar 2022. Hjá kirkjugörðunum starfa garðyrkjufræðingar allt árið en starfsemin spannar allt frá trjá- og blómarækt til grafartöku og umhirðu um minnismerki. Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri kirkjugarðanna, tók við verðlaununum fyrir þeirra hönd. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti þeim Vilmundi, Birni og Kára verðlaunin.

Ingibjörg Sigmundsdóttir, sem átti og rak Garðyrkjustöð Ingibjargar, hlaut umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar sem bæjarstjórinn, Aldís Hafsteinsdóttir, afhenti.

Hefð er fyrir því að Garðyrkjuskólinn á Reykjum opni hús sín á sumardaginn fyrsta. Fjölmennt var sem endranær og gátu gestir kynnst starfsemi skólans, virt fyrir sér hina ýmsu anga ræktunar, blómaskreytinga og skrúðgarðyrkju auk þess að kaupa afurðir á markaðstorginu. */ghp*

Vilmundur Hansen ásamt forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, sem færði honum verðlaunin.

Björn Bjarndal hefur tekið þátt í og stýrt fjölda samstarfsverkefna, bæði á innlendum, norrænum og evrópskum vettvangi. Hann hlaut heiðursverðlaun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Gestir gátu fræðst um býflugnarækt.

Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri kirkjugarðanna, tók við verðlaunum fyrir Verknámsstað garðyrkjunnar.

Guðríður Helgadóttir var glæsileg að vanda og setti hátíðardagskrána.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis, og Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Starfsfólk og nemendur skólans seldu íslenskt grænmeti á markaðstorginu.

Börnin gátu grillað sykurpúða.

Skemmtilegar blómaskreytingar settu svip sinn á Reyki.

MÆLT AF MUNNI FRAM 296

Lesendur fengu í síðasta vísnaþætti örlitla nasasjón af vísnagerð **Bjarna Stefáns Konráðssonar**. Hollráð er að gera Bjarna betri skil í þessum þætti. **Haukur Halldórsson** frá Sveinbjarnargerði, þá formaður Stéttarsambands bænda, skrapp til Bahama ásamt konu sinni Bjarneyju. Birtist mynd af honum í dagblaði þar sem hann var umkringdur fáklæddum konum á baðströnd Bahama. **Bjarni Stefán** orti þá þessa limru:

Á dögunum hélt til Bahama,
þar heillað'ann glæsileg dama.
Hún fór úr að neðan
og frýsaði á meðan
svo formanni stóð - ekki á sama.

Eitt sinn stóð **Bjarni Stefán** framan við lyftu Bændahallarinnar og var þar í samræðum við mann inni í lyftunni. **Þórólfur Sveinsson**, varaformaður Bændasamtakanna, kom þar að, en í því lokaðist lyftan svo Þórólfur sá aldrei viðmælanda **Bjarna Stefáns**. Því spurði Þórólfur: „Ertu nú farinn að tala við lyftur, Bjarni minn?" Bjarni Stefán orti af þessu tilefni:

Bjarni er býsna vel giftur
en brjóstviti mest öllu sviptur,
sem hrakandi fer
því fávitinn er
farinn að tala við lyftur.

Næstu vísu nefnir **Bjarni Stefán** „Mannasiðir". Efnistök stökunnar vekja einmitt upp vangaveltur um handabandið, sem á Covid-tímum hefur nánast verið bannað:

Að heilsa með handabandi
er helvíti góður siður
og það væri mikið miður
ef myndi hann leggjast niður.

Um **Hrafnkel Karlsson**, bónda á Hrauni í Ölfusi og stjórnarmann í Bændasamtökum Íslands, orti **Bjarni Stefán**:

Í Ölfusinu er alltaf nóg
af illum fnyk og dauni,
við búandhokur baukar þó
og býr á Litla-Hrauni.

Gísli Rúnar Konráðsson frá Frostastöðum, bróðir **Bjarna Stefáns**, er auðvitað frjósamur vísnagerðarmaður líkt og margir þeirrar ættar. Ugglítið myndu margir vilja bera þetta einstaka skopskyn sem þessi vísa Gísla geymir og ort var á ættarmóti Frostastaðaættarinnar:

Kynjagripi ættin hefur alið
og ekki gott við þvílíku að gera.
En frændur sína fær víst enginn valið
þó fjarskyldari sumir mættu vera.

Það sykrast til mín vísur frá **Ingólfi Ómari Ármannssyni**. Nú er sá hraðkvæði Skagfirðingur genginn vorinu á vit í næstu tveimur vísum:

Vonir kvikna, vaknar þrá
vetrarkyljur þagna.
Kvaka þrestir kvistum á
komu vorsins fagna.

Vekur lýði vorsins tíð,
verma þíðar stundir.
Brumar víðir, brosir hlíð
blómum skrýðast grundir.

Í hús mín barst nýlega vísnakver eftir **Svein Skagfjörð Pálmason**. Sveinn er fæddur á Reykjavöllum í Skagafirði, og hefur ort þétting af lausavísum um dagana. Sveinn hefur verið mjög virkur í sönglífi, og margar af stökum hans tengjast kórstarfi og kórferðalögum. Á þorrablóti skagfirsku söngsveitarinnar var eitt sinn efnt til spurningakeppni. **Sveinn** var spurður hvort takmarka ætti barneignir:

Öll þau takmörk eigi vil,
sem ástarleiki þvinga.
Best væri þó að búa til
bara Skagfirðinga.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Mikil ásókn er í verslunar- og þjónustulóðir, hesthúsalóðir og íbúðalóðir á Hellu. Nánari upplýsingar um lausar lóðir má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins, www.ry.is. Mynd / Guðmundur Árnason

Mikill áhugi á iðnaðar- og hesthúsalóðum á Hellu

Mikill áhugi er á lausum lóðum á Hellu sem hafa verið auglýstar til umsóknar. Um er að ræða verslunar- og þjónustulóðir við Faxaflatir ásamt athafna- og iðnaðarlóðum við Sleipnisflatir.

Einnig hefur verið opnað fyrir umsóknir um lóðir í öðrum áfanga nýs hesthúsahverfis á Rangárbökkum.

Á síðasta ári var öllum lóðum í fyrri áfanga hverfisins úthlutað og styttist í að framkvæmdir hefjist þar.

„Það hefur líka verið mikill uppgangur í byggingu íbúðarhúsnæðis og eru sem stendur aðeins fjórar einbýlishúsalóðir og þrjár raðhúsalóðir lausar til úthlutunar á Hellu, en unnið er að undirbúningi fyrir næstu íbúðagötur í Ölduhverfi, auk þess sem deiliskipulag fyrir hið nýja Bjargshverfi vestan Ytri-Rangár er í vinnslu," segir Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra. */MHH*

Matvælaþing og þingsályktunartillaga:

Aðgerðaráætlun matvælastefnu í mótun

Matvælastefna fyrir Ísland verður kynnt á Matvælaþingi sem matvælaráðherra mun boða til í haust.

Í framhaldi verður stefnan lögð fram sem þingsályktunartillaga á vorþingi 2023 og mun henni fylgja ítarlega tímasett aðgerðaráætlun ásamt tillögum að fjármögnun og útfærslu einstakra aðgerða.

Innan matvælaráðuneytisins er nú unnið að útfærslu matvælastefnunnar sem byggð er á tillögu að landbúnaðarstefnu (Ræktum Ísland!) frá árinu 2021 og Matarauðlindinni Ísland, matvælastefnu sem varpaði fram framtíðarsýn matvælalandsins Íslands til næstu 10 ára og gefin var út í árslok 2020. Auk þess verður byggt á annarri fyrirliggjandi stefnumótun sem snertir verkefnið eins og fram kom í greinargerðinni „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla" sem ráðherra gaf út í lok febrúar síðastliðinn.

Gert er ráð fyrir að stefnan verði leiðarstef þegar kemur að matvælaframleiðslu á Íslandi, hvort heldur sem er á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs eða fiskeldis.

Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Sigurðar Eyþórssonar, sérfræðings hjá matvælaráðuneytinu á ráðstefnunni Maturinn, jörðin og við, sem haldin var á Hótel Selfossi dagana 7. og 8. apríl síðastliðinn.

Markmið ráðstefnunnar var að hvetja til upplýstrar umræðu um áskoranir í matvælaframleiðslu með hliðsjón af loftslagsmálum, heilsusjónarmiðum og fleiri áhrifaþáttum á neyslu og lífsstíl fólks en hún var haldin af félaginu Auður norðursins í samstarfi við Byggðastofnun og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Um tuttugu erindi voru á dagskrá ráðstefnunnar sem beindi sjónum að áhrifum á samfélög, byggð og atvinnulífi í landinu. */ghp*

Hestamannafélagið Fákur 100 ára:

Reiðtúr um miðborg Reykjavíkur

Hestamannafélagið Fákur fagnaði aldarlangri starfsemi sinni þann 24. apríl síðastliðinn.

Í tilefni dagsins lögðu um hundrað knapar og fákar þeirra upp í reiðtúr um miðborg Reykjavíkur. Fyrir reiðinni fór Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sem sat stóðhestinn Eld frá Torfunesi. Honum til stuðnings voru Sigurbjörn Bárðarson, hestaíþróttamaður og heiðursfélagi í Fáki, Guðni Halldórsson, formaður Landssambands hestamanna og Hjörtur Bergstað, formaður Fáks.

Veðrið lék við hópinn og vakti mikla athygli vegfarenda miðbæjarins, að sögn Hjartar.

„Ég held að svona sýnileiki sé mjög vanmetinn hjá okkur hestamönnum. Við þurfum að vera duglegri að fara með hestinn til fólksins og kynna hann. Ég sá það á samfélagsmiðlum eftir reiðina, fékk skjáskot héðan og þaðan úr heiminum þar sem verið var að birta myndirnar. Þetta var augljóslega verðmæt auglýsing bæði fyrir borgina og hestinn okkar."

Veðrið lék við miðborgina og vakti hópreiðin verðskuldaða athygli. Myndir / Gígja Einarsdóttir

Fákur í fararbroddi

Fákur er fyrsta hestamannafélag landsins, en það var stofnað árið 1922. „Bændasamfélagið var að flytja í bæinn og menn stunduðu hestamennsku í Reykjavík. Fákur var stofnaður sem íþróttafélag en meginmarkmið þess var hagabeit, að hýsa hestinn og kappreiðar," segir Hjörtur en félagsmenn Fáks í dag eru um 1.600 talsins.

Auk þess segir Hjörtur að félagið sé brautryðjandi á mörgum sviðum. „Það var til að mynda fyrir tilstuðlan Fáks sem Landssamband hestamannafélaga var stofnað. Fákur hýsti sambandið fyrstu árin og gaf þá m.a. út tímaritið Hestinn okkar. Einnig var félagið brautryðjandi alþjóðasamtakanna FEIF," segir Hjörtur. */ghp*

Um 100 þátttakendur fylktu liði á aldarafmæli elsta hestamannafélags landsins.

Kísilmálmsverksmiðja PCC á Bakka við Húsavík. Mynd / HKr.

Landsvirkjun og PCC á Bakka við Húsavík:

Kanna framleiðslu á grænu metanóli

Landsvirkjun og þýska fjárfestingafélagið PCC SE hafa ákveðið að rannsaka möguleika þess að fanga og nýta útblástur frá kísilmálmsverksmiðju PCC á Bakka við Húsavík til framleiðslu á grænu metanóli.

Grænt metanól og annað rafeldsneyti mun koma í stað jarðefnaeldsneytis í skipum.

Fjöldi fjárfesta og fyrirtækja veðjar nú á að grænt metanól geti spilað lykilhlutverk í orkuskiptum skipaflotans. Framleiðsla á grænu metanóli krefst endurnýjanlegra kolefnagjafa frá kísilverksmiðju PCC á Íslandi og endurnýjanlegrar orku frá aflstöðvum Landsvirkjunar.

Ferlið við myndun metanóls kallar á inntak hreins koltvísýrings og vetnis frá rafgreiningu vatns, þar sem eina aukaafurðin er súrefni og vatn. „Að umbreyta koltvísýringi úr úrgangi í verðmæta auðlind með því að nýta og framleiða eldsneyti fyrir iðnað mun hjálpa til við að draga úr loftslagsbreytingum og hraða umskiptum í hringrásarhagkerfi," segir í tilkynningu frá Landsvirkjun. */MHH*

Loksins hægt að hittast í raunheimum. Þátttakendur verkefnisins Matsjáin á uppskeruhátíð sem haldin var á Hótel Laugarbakka. Mynd / SSNV

Vel heppnuð uppskeruhátíð Matsjárinnar

Uppskeruhátíð og matarmarkaður Matsjárinnar var haldin á Hótel Laugarbakka á Norðurlandi vestra fyrir skömmu.

Um var að ræða lokaviðburð 14 vikna „masterclass" námskeiði sem fór af stað í byrjun janúar 2022. Á þessu 14 vikna tímabili voru haldnir sjö fræðslufundir og sjö svokallaðir heimafundir sem fram fóru á netinu.

Lagt var upp með að veita fræðslu til smáframleiðenda matvæla til að styðja þá í að auka verðmæta- sköpun, styrkja stöðu sína, efla framleiðslu og auka sölutekjur og sjálfbærni í rekstri.

Markmið Matsjárinnar var að auka innsýn þátttakenda í rekstur og innviði fyrirtækisins með það fyrir augum að finna leiðir til að auka hagkvæmni, bæta rekstur, auka fagmennsku og innleiða samfélagsábyrgð, að því er fram kemur á vefsíðu Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Á síðasta heimafundinum var svo uppskeruhátíð verkefnisins og matarmarkaður þar sem þátttakendur, sem allir eru félagsmenn í Samtökum smáframleiðenda matvæla, gátu loksins hist í raunheimum og gestum gafst tækifæri til að kynna sér og kaupa vörur þeirra.

Daginn eftir heimsóttu þátttakendur smáframleiðendur á svæðinu, þar með talið Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd. */MÞÞ*

5x40

MILLJÓNIR Í AÐAL-VINNING

NÝTT HAPPDRÆTTISÁR HEFST Í MAÍ

DREGIÐ ALLA FIMMTUDAGA

Fimm 40 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 20 milljónir á einfaldan miða
Miðaverð er 1.900 kr. fyrir einfaldan miða og 3.800 kr. fyrir tvöfaldan miða
Drögum út meira en 52 þúsund vinninga á árinu

VERTU MEÐ | das.is | 561 7757

das
HAPPDRÆTTI

FRÉTTIR

Metár í framleiðslu fiskafóðurs hjá Laxá á Akureyri:

Vöxtur fram undan í fiskeldi og líkur á að framleiðslan tvöfaldist á næstu árum

– Skoða möguleika á að reisa nýja verksmiðju sem gæti sinnt öllum markaðinum

Metár var í framleiðslu fiskafóðurs hjá Laxá á Akureyri á síðasta ári. Seld voru 12.045 tonn að verðmæti 2,6 milljarðar króna, sem er 10% aukning á milli ára. Auk þess að framleiða fiskafóður endurselur Laxá yfir 600 tonn af startfóðri og sérfóðri frá Biomar og Skretting, það er fiskafóður sem vélbúnaður verksmiðjunnar á Akureyri getur ekki framleitt.

Hjá Laxá starfa í dag 9 fastráðnir starfsmenn sem allir hafa 10 til 30 ára starfsreynslu og segir Gunnar Örn Kristjánsson framkvæmdastjóri það skapa mikinn stöðugleika í framleiðslugæðum í fiskafóðri frá fyrirtækinu.

Hvað innlenda framleiðslu á fiskafóðri varðar framleiðir Laxá um 85% af magninu og er með 75% hlutdeild í fiskafóðri fyrir landeldi. Gunnar segir að til að styrkja stöðuna enn frekar sé nú verið að taka í notkun afurðasíló sem rúmar 400 tonn af fiskafóðri.

Um er að ræða fjárfestingu upp á 250 milljónir króna. Hefur hún í för með sér að nú er möguleiki á að framleiða fóður beint í afurðasíló og þaðan er því lestað beint í fóðurtank sem ekur með fiskafóður til eldisstöðva þar sem því er dælt upp í síló.

„Það er mikið umhverfismál að vera laus við að nota plastsekki og trébretti til að afhenda fiskafóður til viðskiptavina en auk þess skapast mikið hagræði í vinnu og öryggismálum á eldisstöðvum með minni meðhöndlun fóðurs á staðnum," segir Gunnar.

Innlend framleiðsla tryggir lágt kolefnaspor

Hann segir að til að tryggja gæði fiskafóðurs frá Laxá og uppfylla kröfur viðskiptavina sé starfsemin vottuð í bak og fyrir með Global GAP vottun og ASC vottun. Þannig er vottað að rekjanleiki fóðurs sé tryggður frá eldisstöð og að uppruna hráefna auk þess sem vottað er fyrir ábyrgð í innkaupum, sjálfbærni hráefna, framleiðslu afurða, öryggismálum í verksmiðju og umhverfismálum. Í ECO fiskafóður frá Laxá eru eingöngu notuð náttúruleg gæðahráefni og notkun erfðabreyttra hráefna er ekki heimil.

Gunnar bendir á að innlend framleiðsla á fiskafóðri tryggi lágt kolefnafótspor með því að nota 50% af hráefnum með uppruna hérlendis og einnig sé í framleiðslunni notuð hrein orka.

Gunnar segir að hátt hlutfall fiskimjöls og lýsis sé í fóðrinu, en með því er ekki bara verið að tryggja fiskinum bestu fáanlegu næringarefni því notkun innfluttra jurtamjölsafurða er einnig lágmörkuð í framleiðslunni. Notkun jurtamjöls í fóðrinu skapa um 50% af kolefnaspori í laxeldi sökum skógareyðingar fyrir ræktarland.

Flutt fram og til baka

„Það er svo ekki til að bæta stöðuna að við flytjum inn 60 þúsund tonn af fiskafóðri frá Noregi og Skotlandi fyrir sjóeldi á laxi og í raun er þá búið að flytja fiskimjöl og lýsi frá Íslandi til þess að flytja það til baka aftur sem hluta af hráefnum í fiskafóðri," segir Gunnar og bendir á að því sé mikilvægt að hérlendis verði reist stór verksmiðja til að framleiða fiskafóður sem geti annað öllum innlenda markaðinum.

Gunnar Örn Kristjánsson, framkvæmdastjóri Fóðurverksmiðjunnar Laxár, segir að framtíðin sé björt hjá fyrirtækinu verði rétt haldið á spilum. Stefnt er að því að framleiða um 13 þúsund tonn af fóðri í ár og gert ráð fyrir að sú tala tvöfaldist á næstu þremur árum í takt við aukið fiskeldi hér á landi. Myndir / Laxá

Mikill vöxtur framundan í fiskeldi

Gunnar segir mikinn vöxt fram undan í fiskeldi hér á landi og að líkindum sé almenningi sú stærðargráða ekki fyllilega ljós. Til að mynda var útflutningur eldislax á síðasta ári 33 þúsund tonn að verðmæti 28 milljarðar króna og eingöngu þorskafurðir eru verðmætari tegund í 300 milljarða króna gjaldeyri af heildarsölu sjávarfangs. Fiskeldi muni á næstu árum þrefaldast í magni þegar 100 þúsund tonna útgefin laxeldisleyfi í sjó verða fullnýtt og með því fer verðmætið af sölu eldislax upp fyrir 90 milljarða. Fiskeldi sem atvinnugrein hafi gert mörg byggðarlög á Vestfjörðum og Austfjörðum lífvænleg aftur og í stað þess að þiggja styrki frá Byggðastofnun sé þar nú til staðar traust atvinna sem skila gjaldeyristekjum í þjóðarbúið.

Afkastageta verksmiðju Laxár Fiskafóðurs er um 30 þúsund tonn á ári. Fjárfest hefur verið í nýjum fóðursílóum sem taka 400 tonn af fóðri og er hægt að framleiða fóður beint upp í afurðasíló sem lestað er í fóðurtank sem ekið er með til eldisstöðvanna. Þetta er umhverfismál, engir plastsekkir og trébretti lengur í notkun.

„Það er sama hvort horft er á landnýtingu, kolefnaspor, sjálfbærni, fóðurnýtingu eða hollustu afurða, þá er eldislax einfaldlega besti próteingjafinn fyrir ört fjölgandi mannkyn," segir hann.

Ný atvinnugrein sem gefur miklar gjaldeyristekjur

Samlegðaráhrif eru mikil með vaxandi fiskeldi og hefðbundnum sjávarútvegi að sögn Gunnars, en í raun sé það bara fiskeldisþátturinn sjálfur sem þurft hafi að sækja fjármagn og þekkingu erlendis frá.

„Það er vægast sagt lágkúruleg umræða að Norðmenn séu að arðræna okkur með fiskeldi í íslenskum fjörðum, því þegar uppbygging á laxeldi í sjó hófst árið 2010 var nóg fjármagn til staðar í bönkum og lífeyrissjóðum. Þar á bæ þorðu menn þó ekki að taka áhættuna og því var leitað til Norðmanna með þolinmótt fjármagn. Þetta hefur fært okkur nýja atvinnugrein sem gefur miklar gjaldeyristekjur og það má að miklu leyti þakka hugrökkum íslenskum frumkvöðlum sem fóru af stað í þessa vegferð, að byggja upp fiskeldi í íslenskum fjörðum. Við værum ekki komin á þennan stað nú nema fyrir fjármagn og þekkingu frá norskum fiskeldisfyrirtækjum.

Framleiðslan á Akureyri mun tvöfaldast

Ofan á aukið laxeldi í sjó hérlendis koma svo áætlanir um stóraukið landeldi á laxi og að því standa fjársterkir innlendir aðilar með Samherja Fiskeldi í fararbroddi.

„Ef áætlanir ganga eftir þá getur magnið orðið allt að 80 þúsund tonn sem mun fleyta gjaldeyrisöflun af fiskeldi upp fyrir 150 milljarða króna sem yrði þriðjungur af heildarsölu sjávarfangs. Þar sem Laxá getur ekki framleitt þetta fituríka fóður fyrir sjóeldið, þá er aukið landeldi sá vaxtarbroddur sem við horfum á til skamms tíma og innan þriggja ára mun framleiðslan tvöfaldast hérna á Akureyri. Samhliða þeim vexti sem verður á næstu árum verður einnig horft til lengri tíma með því að kanna hagkvæmni og möguleika á nýrri verksmiðju fyrir framleiðslu á fiskeldisfóðri, með það að markmiði að sinna öllum markaðinum sem mun nær örugglega vaxa upp í 200 þúsund tonn af fiskeldisfóðri næsta áratuginn. Það er því mikið um að vera í fiskeldinu og framtíðin björt fyrir Laxá ef rétt verður haldið á spilunum," segir Gunnar. /MÞÞ

fastus.is

KAFFIVÉLAR SEM HENTA ÞÍNUM REKSTRI

GOTT KAFFI KÆTIR

BRAVILOR BONAMAT

Bravilor TH
Frábær uppáhellingarvél með vatnstanki.

Bravilor THa
Frábær uppáhellingarvél með vatnstengi.

Bravilor Sprso
Handhæg og öflug baunavél sem hentar smærri fyrirtækjum.

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Sími 580 3900 I fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn

- Íslensk framleiðsla með stuttum afhendingartíma.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- CE vottaðar steinullareiningar samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT gjöriðið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Landbúnaðarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar:

Fagna áformum um áburðarverksmiðju

Landbúnaðarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar þeim áformum HS Orku, Fóðurblöndunnar og Kaupfélags Skagfirðinga að kanna hagkvæmni þess að reisa innlenda áburðarverksmiðju.

„Slík verksmiðja gæti aukið sjálfbærni innlendrar matvælaframleiðslu og samtímis skapað öruggari skilyrði til fóðuröflunar í landbúnaði. Óheyrilegar hækkanir á innfluttum áburði gera enn augljósari nauðsyn þess að framleiða sem mest af innlendum áburði, lífrænum sem ólífrænum,“ segir í bókun landbúnaðarnefndar. */MÞÞ*

Hörgársveit:

Styrkir varmadæluvæðingu vegna húshitunar

Forsvarsmenn Hörgársveitar höfðu frumkvæði að því að fá ráðgjafa til að skoða varmadæluvæðingu í sveitarfélaginu.

Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri segir að varmadæluvæðing sé meðal annars til komin vegna þess að ekki sýndist hagkvæmt að leggja hitaveitu á öll svæði sveitarfélagsins. Alls eru 19 íbúar að skoða þann kost að setja upp varmadælu í híbýlum sínum, en sveitarfélagið veitir styrki til verksins.

„Varmadælur eru nú orðnar mjög hagstæður kostur í rekstri húshitunar, þannig að um hagkvæman kost ætti að vera að ræða til framtíðar til að losna við kostnaðarsama rafhitun, enda er gert ráð fyrir í nýjum reglum að niðurgreiðslur haldi áfram,“ segir Snorri. Í framhaldi af heimsókn ráðgjafa í sveitarfélagið sem skoðaði kosti varmadæluvæðingar þar var ákveðið að Hörgársveit myndi veita fjárstyrk til þeirra fasteignaeigenda í sveitarfélaginu sem taka inn slíka dælu og draga þar með úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Snorri segir að miðað sé við að föst búseta og lögheimilisskráning sé í íbúðarhúsnæðinu og að það sé á svæði þar sem dreifikerfi hitaveitu nær ekki til. Á nokkrum svæðum innan sveitarfélagsins háttar svo til að því verði ekki við komið að nýta hitaveitu, ýmist tæknilega eða með hagkvæmum fjárhagslegum hætti.

Borgardalur.

Kostnaður við kaup og uppsetningu varmadæla er að meðaltali um 2,3 milljónir króna á hverjum stað. Ráðgjafarþjónusta kostar 300 þúsund krónur að auki þannig að upphæðin nemur um 2,6 milljónum króna fyrir hvern þann sem tekur inn varmadælu. Orkustofnun hefur gefið út að hún styrki verkefnið um 1,0 milljón, Hörgársveit ætlar að styrkja verkefnið um 600 þúsund krónur, þ.e. sveitarfélagið mun greiða ráðgjafarþjónustuna og veita 300 þúsund krónur að auki í styrk vegna kaupa á varmadælunni. Má því áætla að kostnaður fasteignaeigenda verði nálægt einni milljón króna.

Snorri segir að þessi upphæð sé svipuð og ef viðkomandi fasteignaeigandi þyrfti að greiða fyrir heimtaugagjöld vegna hitaveitu, ekki síst þar sem fjarlægðir yrðu miklar frá stofnæð hitaveitunnar. */MÞÞ*

Byggðin mun falla vel að landslaginu og landhalli á svæðinu nýttur til að allar íbúðir hverfisins njóti mikils útsýnis.

Mikil uppbygging fram undan í Eyjafjarðarsveit:

Framkvæmdir við nýtt Ölduhverfi í landi Kropps hefjast í sumar

– Íbúðum í Hrafnagilshverfi verður fjölgað um helming

Skrifað hefur verið undir samning um uppbyggingu nýs íbúðahverfis, Ölduhverfis, í landi Kropps í Eyjafjarðarsveit. Nýja hverfið verður hluti af þéttbýliskjarnanum við Hrafnagil, en þar er að finna alla helstu þjónustu sveitarfélagsins, s.s. leik- og grunnskóla, sundlaug, íþróttahús og skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Byggðar verða 200 nýjar íbúðir í hverfinu. Til viðbótar verður íbúðum í Hrafnagilshverfi fjölgað verulega.

Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, segir að Ölduhverfi verði mikilvæg viðbót við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Hrafnagilshverfi og rími vel við þá stefnu sveitarfélagsins að byggt sé upp í og við þann þéttbýliskjarna. Þegar framkvæmdum í Ölduhverfi lýkur auk þeirra svæða annarra í Hrafnagilshverfi er búist við að í allt verði um 400 íbúðir í boði í þéttbýliskjarnanum og íbúar í allt um 900 talsins. Nú eru þar fyrir um 80 íbúðir en fyrir liggur að fjöldinn mun tvöfaldast með nýju deiliskipulagi sem er í auglýsingu.

Sveitarfélagið er sjálft að hefja viðamikla uppbyggingu í innviðum sínum með byggingu á nýjum leikskóla og metnaðarfullum endurbótum á Hrafnagilsskóla, bókasafni sveitarfélagsins og íþróttaaðstöðu fyrir almenning. Mikilvægt sé að sjá fram í tímann hvernig byggð þróist en Ölduhverfi sé stór partur af því.


Um 200 íbúðir verða byggðar í Ölduhverfi og má gera ráð fyrir að íbúarnir verði um 500 í allt þegar hverfið verður fullbyggt.

Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, og Viðar Helgason, talsmaður Ölduhverfis, undirrita samning um uppbyggingu Ölduhverfis í landi Kropps skammt norðan við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit.

Um 500 íbúar í fullbyggðu hverfi

Finnur Yngvi segir að Ölduhverfi muni auka breidd þeirra búsetukosta sem í boði eru í sveitarfélaginu „en íbúðirnar virðast vera fjölbreyttar og henta mjög vel, hvort sem er fyrir þá sem eru að byrja að búa, fjölskyldufólk eða eldri íbúa sveitarfélagsins,“ segir hann. Í fullbúnu hverfi verða um 200 íbúðir.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við Ölduhverfi hefjist síðari hluta þessa árs. Uppbyggingin verður í einkaframkvæmd, þar er átt við uppbyggingu og lagningu innviða, s.s. gatna- og stígagerð og fráveitukerfi. Að þeirri uppbyggingu lokinni mun Eyjafjarðarsveit taka við og eignast opin svæði, lóðir, götur, gangstíga og aðra þá innviði sem tilheyra rekstri sveitarfélaga og annast viðhald þeirra til frambúðar.

Hverfið er umlukið skógi

Í nýja hverfinu er gert ráð fyrir lágri byggð eins til tveggja hæða húsa, einbýlis-, par- og raðhúsum ásamt litlum sex til átta íbúða fjölbýlishúsa. Byggðin mun falla vel að landslaginu og landhalli á svæðinu verður nýttur til að allar íbúðir hverfisins njóti mikils útsýnis.

Góð aðstaða verður í hverfinu fyrir þá sem kjósa rólegt og fallegt umhverfi og njóta um leið góðrar aðstöðu til útivistar. Hverfið er að mestu umlukið skógi, en á undanförnum árum hefur verið staðið fyrir umfangsmikilli skógrækt á svæðinu á rúmlega 100 hektara svæði. Stórt opið svæði er í miðju hverfinu sem einnig tengist fjölbreyttum skógarstígum og vinsælum hjóla- og göngustíg milli Akureyrar og Hrafnagils.

/MÞÞ

Ályktun Búnaðarþings:

Samstaða meðal kjötframleiðenda

Búnaðarþing samþykkti ályktun þess efnis að Bændasamtökin myndi samstarfshóp með sérfræðingum og fulltrúum allra búgreina kjötframleiðenda um innflutning, útflutning og innanlandsneyslu kjöts. Hópurinn verður skipaður þvert á búgreinar með fulltrúa frá hverri grein.

Með samstarfshópnum á að efla samstöðu kjötframleiðenda um heildstæða markaðssetningu á íslensku kjöti en mælaborð landbúnaðarins verður nýtt til að fylgjast með neyslu innanlands

Þá á að efla greiningar á áhrifum innflutnings á innlenda framleiðslu og fylgjast með hvort íslenskar afurðastöðvar nýti útflutningskvóta á kjöti.

Verkefnis hópsins verður meðal annars að leita leiða til að safna gögnum um hlutdeild íslensks kjöts í verslunum, veitingahúsum, skyndibitastöðum, matvælafyrirtækjum og hjá opinberum stofnunum, svo sem skólum og sjúkrahúsum. Fylgst verður með innflutningi á kjöti, tegundum og tímabilum og skoðað í samhengi við neyslumynstur eftir árstíðum, viðburðum, ferðamannafjölda o.þ.h. Aflað verður gagna um útflutning á kjöti, hve mikið selt, hvaða tegundir og á hvaða markaði.

Í greinargerð með ályktuninni kemur fram að kjötframleiðendur á Íslandi séu í eðlilegri samkeppni innbyrðis en geta með samstöðu, þekkingarmiðlun og samlegðaráhrifum staðið vörð um atvinnugreinina í heild. „Íslenska búvörumerkið mun auðvelda neytendum að finna innlent kjöt í verslunum en fyrir utan merktar vörur er ógerningur að vita hvaða kjöt er í tilbúnum matvælum t.d. á skyndibitastöðum, veitingahúsum o.s.frv. Innflutning og sölu er hægt að finna á mælaborði landbúnaðarins.

Mögulega væri hægt að hagræða innlendri framleiðslu á tímalínu til að mæta samkeppni erlendis frá. Gögn um útflutning gætu gagnast við skipulagningu í búrekstri og markaðsstarfi kjötgreina," segir í ályktuninni. */ghp*

Verkefni hópsins verður meðal annars að leita leiða til að safna gögnum um hlutdeild íslensks kjöts í verslunum og veitingahúsum. Mynd / íslensktlambakjot



Blóðmerabúskapur:

Breytingar á skilyrðum

Matvælastofnun hefur birt breytt skilyrði fyrir blóðtöku úr fylfullum hryssum fyrir árið 2022.

Í þeim fer hámarksfjöldi hryssa í stóði úr hundrað niður í sjötíu hryssur, dýralæknar mega ekki hafa fleiri en 3 hryssur í blóðtöku samtímis, settur er hámarksaldur á blóðtökuhryssu við 24 ár og gerð er ríkari krafa um skráningar við innra eftirlit með starfseminni, s.s. á holdastigun og frávikum við meðferð við rekstur og blóðtöku.

Í skýrslu sem Matvælastofnun birti á vef sínum í gær er farið yfir eftirlit stofnunarinnar með velferð hryssna sem notaðar eru í blóðtöku til vinnslu afurða. Þar eru m.a. tilteknar forsendur mælikvarða á blóðbúskap hryssnanna og það eftirlit sem haft er með fölöldum þeirra. Er það mat stofnunarinnar að blóðtaka úr fylfullum hryssum, eins og hún á að vera framkvæmd hér á landi skv. lögum, reglugerðum og skilyrðum Matvælastofnunar, stangist ekki á við lög nr. 55/2013 um velferð dýra.

/ghp

FRÉTTIR

Grímsey. Mynd / Akureyri.is

Háskólinn á Hólum:

Rannsókn á þróun ábyrgrar eyjaferðaþjónustu

Fyrir skömmu hlaut Háskólinn á Hólum styrk úr Frumkvæðasjóði Byggðastofnunar til rannsókna og þróunar á ábyrgri eyjaferðaþjónustu. Verkefnið er unnið í Grímsey í nánu samstarfi við samfélagið í eyjunni og með hagsmuni þess og náttúrunnar að leiðarljósi.

Grímsey er nyrsta byggða ból á Íslandi þar sem útgerð hefur verið grunnatvinnuvegur íbúa. Eyjan er einstök náttúruparadís við heimskautsbaug sem laðar að sér sífellt fleiri áhugasama ferðamenn. Þörfin fyrir að þjónusta ferðafólk hefur að sama skapi aukist undanfarin ár, meðal annars vegna fjölgunar á komum skemmtiferðaskipa. Innviðir eyjunnar eru þó takmarkaðir og samfélagið í Grímsey viðkvæmt þar sem íbúum hefur fækkað samhliða dvínandi atvinnumöguleikum.

Eyjasamfélög lítið verið rannsökuð á Íslandi

Á Íslandi hafa smærri eyjasamfélög í kringum landið lítið verið rannsökuð. Markmið verkefnisins er að rannsaka eðli og áhrif ferðaþjónustu í Grímsey og í framhaldi af því, vinna stefnumótun og aðgerðaráætlun fyrir ferðaþjónustu í eyjunni, í anda ábyrgrar stýringar ferðamála. Í þróun ábyrgrar ferðaþjónustu er áhersla á það hvernig einstaklingar og hópar bregðast við og takast á við þau sjálfbærniverkefni sem staðið er frammi fyrir á hverjum stað. Vinna að verkefninu verður í takt við þá framtíðarsýn og starfsmarkmið sem þegar hefur verið unnin með íbúum í gegnum byggðaþróunarverkefnið Glæðum Grímsey.

Afla þekkingar

Rannsókninni er ætlað að afla þekkingar á sviði eyjafræða, byggða- og ferðamálafræða, auk þess sem það mun hafa áhrif á nærumhverfi með því að vinna að uppbyggingu og atvinnusköpun í íslensku eyjasamfélagi. Verkefnisstjóri er Laufey Haraldsdóttir. lektor í ferðamáladeild Háskólans á Hólum og samstarfsaðilar eru, auk ferðaþjónustuaðila í Grímsey, verkefnið Glæðum Grímsey og Rannsóknarmiðstöð ferðamála á Akureyri. Þetta fjölþætta samstarf mun hafa samlegðaráhrif til þekkingarsköpunar og styrkingar byggðar í Grímsey með auknum búsetu- og atvinnumöguleikum á forsendum íbúa og náttúru eyjunnar, segir í frétt á vefsíðu Háskólans á Hólum þar sem þetta kemur fram.

/MÞÞ

Undirrita viljayfirlýsingu um byggingu og rekstur gagnavers á Akureyri:

Hefjast handa í sumar og fyrsti áfangi klár snemma á næsta ári

Framkvæmdir við byggingu nýs gagnavers við Akureyri hefjast fyrri hluta komandi sumars og er gert ráð fyrir að þeim ljúki og fyrsti áfangi gagnaversins verði tekinn í notkun á fyrri hluta næsta árs.

Gagnaverið mun fjölga störfum í hátækniiðnaði á svæðinu, en um 15 ný störf skapast í kringum starfsemi þess. Það er fyrirtækið atNorth sem stendur fyrir framkvæmdum.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri atNorth, og Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, rituðu undir viljayfirlýsingu um byggingu og rekstur gagnaversins á Akureyri á Listasafninu á Akureyri. Samkvæmt viljayfirlýsingunni leigir fyrirtækið lóð til starfseminnar á skipulögðu athafnasvæði í útjaðri bæjarins en þetta verkefni er liður í uppbyggingu græns iðnaðar í höfuðstað Norðurlands.

Lóðin sem um ræðir er ætluð undir hreinlega umhverfisvæna starfsemi. Athafnasvæðið allt er um 6,5 hektarar að stærð.

Dreifa starfseminni og áhættunni

„Akureyri er mjög fýsilegur kostur fyrir þessa starfsemi," segir Eyjólfur, en félagið rekur gagnaver í Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Stokkhólmi í Svíþjóð og er mikil eftirspurn eftir þjónustu þess. Í kjölfar eldgossins í Geldingadölum á Reykjanesi í fyrra hafi umræða um að skoða fleiri staði farið af stað, enda ákveðinn veikleiki að vera með allt á sama stað.

„Með því að dreifa starfseminni dreifum við líka áhættunni," segir hann.Möguleikar hafi opnast til að setja á fót orkufrekan iðnað á Akureyri með tilkomu Hólasandlínu 3 sem liggur milli Akureyrar og Hólasands og eins Blöndulínu sem liggur til Akureyrar frá Blönduvirkjun.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri atNorth, og Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, undirrita viljayfirlýsingu um byggingu og rekstur gagnavers sem reist verður á athafnasvæði við Akureyri. Gert er ráð fyrir að það verði tekið í notkun á fyrri hluta næsta árs og skapa um 15 störf til að byrja með. Kostnaður nemur á bilinu 2 til 3 milljörðum króna. Mynd / MÞÞ

„Eftir að raforkumálin í Eyjafirði eru komin í betra horf er Akureyri einn besti kostur sem hægt er að hugsa sér fyrir starfsemi gagnavers," segir Eyjólfur.

Þekking til staðar og góðar samgöngur

Þar komi nokkrir þættir til sem skipti sköpum, en auk þess sem afhendingaröryggi raforku er fyrir hendi nú, er fyrir á svæðinu þekking sem nauðsynleg er og þá eru samgöngur góðar, gott innanlandsflug og innan tíðar bætist beint flug til útlanda við.

„Það eru líka til staðar fyrirtæki sem geta veitt okkur þjónustu við reksturinn og viðhald á tæknibúnaði okkar," bætir hann við.

Fyrirtækið mun bæði veita erlendum og innlendum viðskiptavinum þjónustu frá gagnaverinu á Akureyri. „Vistun og vinnsla gagna fer þá fram á fleiri stöðum en áður, aðgengi að gagnatengingum úr landi verður betra og öryggismálum verður enn betur fyrir komið," segir Eyjólfur.

Eyjólfur segir að hafist verði handa við framkvæmdir í byrjun sumars og gert ráð fyrir að hægt verði að taka gagnaverið í notkun einhvern tíma á fyrsta ársfjórðungi næsta árs.

„Við höfum undirbúið málið vel og það tekur ekki langan tíma að reisa byggingarnar," segir hann. Kostnaður við fyrsta áfanga verksins nemur á bilinu 2 til 3 milljarða króna og gert er ráð fyrir að um 15 starfsmenn starfi við gagnaverið til að byrja með.

Jákvæð samfélagsáhrif

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, fagnaði þeirri uppbyggingu sem fyrirtækið atNorth er að hefja á Akureyri og segir hana styrkja atvinnulífið á svæðinu.

„Þetta verkefni rímar vel við nýlegar innviðaframkvæmdir á Norðausturlandi sem tryggja raforkuflutning inn á svæðið. Aukið öryggi í flutningi raforku inn á Eyjafjarðarsvæðið gerir uppbyggingu af þessu tagi mögulega með öllum þeim jákvæðu samfélagsáhrifum sem fylgja," segir Ásthildur.

/MÞÞ

HMS hlýtur viðurkenninguna Byggðagleraugun 2022:

Árangursrík uppbygging starfsstöðvar á Sauðárkróki

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV, hafa veitt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, HMS, viðurkenninguna Byggðagleraugun 2022 fyrir árangursríka uppbyggingu starfsstöðvar stofnunarinnar á Sauðárkróki.

Byggðagleraugun er viðurkenning sem stjórn SSNV veitir til ráðuneytis eða stofnunar sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans.

Starfsstöðin hefur mikla þýðingu fyrir samfélögin á Norðurlandi vestra og þykir fyrirmyndardæmi um árangursríkan flutning verkefna á landsbyggðina. Starfsstöðin hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin misseri og fer starfsmönnum fjölgandi með fjölgun verkefna. Vinnustaður eins og HMS hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið, segir á vef samtakanna.

„Stjórn HMS hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að ekki bara viðhalda starfsemi á Norðvesturlandi heldur að efla hana og styrkja. Frá því HMS var stofnað hefur stöðugildum á Sauðárkróki fjölgað um meira en þriðjung og í dag eru tæplega 30 starfsmenn sem tilheyra starfsstöðinni.

Það felast mikil tækifæri í að reka opinbera þjónustu á landsbyggðinni, starfsumhverfið er frábært og lífsgæði starfsmanna eins og best verður á kosið," segir Hermann Jónasson, forstjóri HMS.

Ingibjörg Huld Þórðardóttir segir á vef samtakanna að eitt helsta baráttumál íbúa á Norðurlandi vestra hafi verið fjölgun starfa í landshlutanum, störf séu það sem skiptir mestu þegar kemur að því að fjölga íbúum og efla samfélögin. „Fjölgun opinberra starfa er einn liður í því. Það er afar ánægjulegt að finna skilning stjórnenda HMS á því hvaða tækifæri felast í því fyrir stofnanir að efla sínar starfsstöðvar á landsbyggðinni og það er þess vegna sem ákveðið var að veita HMS viðurkenninguna að þessu sinni," segir hún.

/MÞÞ

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager

Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm

Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl

Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl

Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl

Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl

Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm

Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm

Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm

Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl

Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli

Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli

Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli

Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli

Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

NYTJAR HAFSINS

Hringormavandinn fyrr og nú

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Sú var tíðin að vaxandi tíðni hringorms í fiskholdi olli íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum svo miklum útgjaldaauka að gripið var til róttækra aðgerða til þess að stemma stigu við þessum vágesti með því að stórauka veiðar á sel sem er millihýsill hringormsins. Á síðustu árum hefur verið fremur hljótt um hringormavandann, sem svo var nefndur á sínum tíma, þótt enn þurfi að tína hringorm úr fiski. Hver er staðan núna og hvað er helst til ráða?

Hverfum fyrst aftur til ársins 1985. Þá kom fram á Fiskiþingi að áætlað væri að frystiiðnaðurinn þyrfti að greiða allt að 200 milljónir króna og saltfiskframleiðendur 60-70 milljónir króna á ári í vinnulaun við að hreinsa hringorm úr fiskholdi. Það jafngildir samtals um 2,7 milljörðum króna á núvirði.

„Þetta vandamál verður fiskvinnslunni sífellt erfiðara," er haft eftir Halldóri Bernódussyni frá Suðureyri í Fiskifréttum í nóvember 1985. Hann sagði að bæði fjölgaði orminum í hverju kílói af fiski og eins yrðu kröfur erlendra kaupenda um ormafríar fiskafurðir æ strangari.

Hringormanefnd

Ekki er dregið í efa að bein tenging sé milli fjölda sela við landið og fjölda hringorma í fiski. Eftir að erlend umhverfissamtök fóru að beita sér gegn selveiðum á áttunda áratug síðustu aldar með frönsku leikkonuna Brigitte Bardot í broddi fylkingar féll markaðurinn fyrir selskinn og þar með dró mikið úr selveiðum hér við land sem annars staðar. Við þessu vildu fiskvinnslumenn á Íslandi sporna og beittu sér fyrir stofnun svonefndrar hringormanefndar sem greiddi verðlaun fyrir hvern veiddan sel. Við það stórjukust veiðar á ný og náðu fyrra marki sem var 6-7 þúsund dýr á ári. Kjötið var nýtt sem fóður í loðdýrarækt en þegar halla tók undan fæti í þeirri grein var ekki lengur grundvöllur fyrir veiðunum, auk þess sem sögur af rotnandi selshræjum á víðavangi fóru fyrir brjóstið á mörgum.

Úrskurður á beinum og ormum sem kunna að leynast í fiskholdi hefur verið snar þáttur í fiskvinnslu á Íslandi um áratuga skeið. Mynd / Fiskifréttir HAG



Hringormar. Sá brúni er selormur, sem einkum finnst í hvítfiski, en sá ljósi hvalormur (öðru nafni síldarormur) sem finnst aðallega í síld, loðnu og makríl. Mynd / Læknablaðið

Hnignandi selastofnar

Aðgerðir hringormanefndar báru tilætlaðan árangur. Selum stórfækkaði og hélt áfram að fækka eftir að átakinu lauk. Þrátt fyrir sáralitlar selveiðar á undanförnum áratugum hafa selastofnarnir við landið af einhverjum ástæðum ekki náð sér á ný heldur þvert á móti verið á undanhaldi. Landselastofninn árið 1980 var talinn 33 þúsund dýr en í dag eru aðeins rúm 9 þúsund dýr í stofninum. Útselastofninn var 13 þúsund dýr árið 1990 en er nú metinn 6.300 dýr. Landselurinn hefur nú verið friðaður og markmið yfirvalda er að útselastofninn fari ekki niður fyrir 4.100 dýr.

Að sögn Sigurjóns Arasonar prófessors dró verulega úr hringormum í fiski með fækkun selanna, eins og við var að búast, sem skilaði sér í vinnusparnaði í fiskvinnslunni. Hann bendir hins vegar á að á síðustu árum hafi skapast nýr vandi með stórauknum útflutningi á ferskum, kældum fiskafurðum frá Íslandi.

Hringormar í ferskum fiskafurðum

Í nýlegri skýrslu starfshóps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði er fjallað um hringormavandann, einkum út frá þeirri hættu sem orðspori íslenskra sjávarafurða stafar af hringormi í ferskum, kældum fiskafurðum. Fram kemur að hringormar, sem ekki næst að fjarlægja fyrir frystingu, söltun, niðursuðu eða þurrkun, drepist og neytendur verði lítt varir við þá og stafi alla jafnan ekki hætta af neyslu þeirra.

Náist ekki að fjarlægja hringorm úr kældum, ferskum fiskafurðum getur hann skriðið úr fiskholdinu einmitt á þeim tímapunkti sem afurðirnar eru í sölu til neytenda. Hringormur hreyfir sig ekki í köldu umhverfi en þegar hann er kominn í 4 gráður eða meira fer hann á kreik. Það getur gerst í söluborði verslunar erlendis þar sem hitastig er oftast 2-6 gráður. Þekkt dæmi eru um að ormar hafi borað sig út á yfirborð ferskra fiskafurða í pakkningum og blasi þannig við neytendum með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á kaupandann. Vitað er að ein erlend stórverslunarkeðja hefur hætt viðskiptum með ferskan íslenskan fisk af þeim sökum að hringormur fannst í flökum, segir í skýrslunni.

Selormur og hvalormur

Hringormar í íslenskum sjávarafurðum eru aðallega tvenns konar og nefndir eftir millihýslum sínum, annars vegar selormur, sem stundum er líka kallaður þorskormur, og hins vegar hvalormur, sem einnig er nefndur síldarormur, þar sem hann finnst einkum í síld og loðnu. Selormurinn er aðalvandamálið í íslenskri fiskvinnslu. Hann er útbreiddari í útsel en landsel.

Rannsóknir hafa sýnt að útbreiðsla selorms er í beinu samhengi við útbreiðslu sela við landið. Þannig er magn orma í fiski sem veiddur er á svæðinu frá Faxaflóa norður um til Skagafjarðar mun meira á grunnsævi en þegar komið er lengra frá landi. Þetta mynstur virðist hins vegar ekki vera við Suðausturland en þar er enginn munur á þéttleika orma miðað við fjarlægð frá landi, samkvæmt athugunum frá árunum 2001–2005. Þar kemur jafnframt fram að munur er á tíðni hringorma í fiskholdi eftir árstíma. Þannig var að jafnaði mestur fjöldi hringorma í þorski í september-nóvember en eftir það minnkaði fjöldinn og var lægstur í mars-maí.

Leiðir til úrbóta

Í skýrslu starfshópsins er fjallað um ýmsar leiðir til þess að draga úr hringormi í kældum fiski. Árangursríkasta aðferðin væri náttúrlega að útrýma selum en hún er augljóslega ekki í boði.

Aðrar leiðir gætu falist í lokunum veiðisvæða þar sem ástandið er verst, einkum á grunnslóð frá Faxaflóa að Húnaflóa, og þá á þeim tíma árs þegar hringormurinn er í mestu magni. Þetta myndi hins vegar bitna á smærri bátum sem þessa fiskislóð stunda.

Rekjanleiki veidds afla

Betra eftirlit með gæðum fisks af ákveðnum veiðislóðum og takmarkanir á útflutningi fersks fisks af þeim slóðum gæti einnig verið áhrifaríkt. Bent er á að um það bil fimmti hver þorskur sem veiðist við Ísland sé seldur á fiskmarkaði. Mikil sala fer fram rafrænt þannig að kaupandinn sér ekki aflann áður en kaupin eiga sér stað. Með réttum skráningum um veiðistað og veiðitíma sem miðlað væri til kaupenda mætti byggja upp miðlæga þekkingu um staði og tímabil þar sem ormar eru tíðastir. Ef slíkar upplýsingar lægju fyrir mætti gera ráð fyrir að verð fyrir fisk sem veiddur væri á svæðum þar sem ormar væru algengastir myndi lækka og það virka sem hvatning fyrir sjómenn að leita annarra miða.

Starfshópurinn lagði til að farið yrði í tilraunaverkefni með fiskmörkuðum og kaupendum fisks um nákvæma skráningu veiðisvæða, gæði fisksins sem og fjölda orma í hverjum kaupum. Jafnframt yrði efnt til átaks um nákvæma skráningu gagna um fjölda hringorma í fiski. Upplýsingarnar yrðu svo sameinaðar í gagnagrunni.

Ljóst er að hringormur í fiski er viðvarandi vandi sem ekki verður leystur að fullu meðan ekki hefur verið fundin örugg leið til þess að greina og fjarlægja orma úr fiskholdi.

Eru hringormar hættulegir mönnum?

Hringormar drepast við suðu, frystingu og söltun og eru þá skaðlausir mönnum. Í nýlegri grein í Læknablaðinu kemur fram að ef menn borða hráan eða vaneldaðan fisk með lifandi selormi getur lirfan tekið sér bólfestu í slímhúð magans og valdið óþægindum sem oftast endar með uppköstum eða niðurgangi og þar með er orminum skilað til baka úr líkamanum.

Hvalormurinn, öðru nafni síldarormurinn, sem finnst í síld, loðnu og makríl en sjaldnar í hvítfiski, er varhugaverðari en selormurinn. Mun algengara er að lirfur hans bori sig út úr meltingarveginum og fari í framhaldinu á flakk í kviðarholi fólks og geti valdið ofnæmisviðbrögðum og öðrum alvarlegum einkennum.

Erlendis, þar sem hefð er fyrir því að borða hráan fisk, eins og í Japan og mörgum löndum Norður- og Suður-Evrópu, greinast fjölmörg smit á hverju ári. Í langflestum tilfellum er um að ræða síldarorminn og eru lirfurnar upprunnar úr uppsjávarfiskum eins og síld, loðnu og makríl. Einföld leið til að stemma stigu við smiti er að frysta fiskinn áður en hann er borðaður hrár og er það sums staðar skylda. Hér á landi er samkvæmt reglugerð kveðið á um að fisk sem á að nota hráan í fiskrétti, svo sem sushi, skuli frysta í mínus 20 °C í a.m.k. sólarhring fyrir notkun.

Ýmsar bátavörur á hagstæðu verði
Lensidælur og rofar, ljóskastarar, siglingaljós, sæti og standar, ryðfrí handföng, pollar og kefar, rofabretti og rafmagnsvörur, stýrisbúnaður og ýmislegt fleira.

S. 666 6012 / batavorur.is

EYJALIND
Varahlutir i VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland

Flott hliðgrind á lóðina þína!

Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

Númer	Lýsing	Verð án vsk.	Verð m/vsk.
F000 2081 03	Hlið 0,93 m, 7 sláa	kr. 17.675	kr. 21.916
F000 2081 04	Hlið 1,24 m, 7 sláa	kr. 21.678	kr. 26.880
F000 2081 05	Hlið 1,52 m, 7 sláa	kr. 23.174	kr. 28.736
F000 2081 06	Hlið 1.83 m, 7 sláa	kr. 24.000	kr. 29.761
F000 2081 07	Hlið 2,13 m, 7 sláa	kr. 25.849	kr. 32.052
F000 2081 10	Hlið 3,05 m, 7 sláa	kr. 28.400	kr. 35.216
F000 2081 11	Hlið 3,35 m, 7 sláa	kr. 32.800	kr. 40.762
F000 2081 12	Hlið 3,66 m, 7 sláa	kr. 35.252	kr. 43.712
F000 2081 13	Hlið 3,95 m, 7 sláa	kr. 40.575	kr. 50.313
F000 2081 14	Hlið 4,27 m, 7 sláa	kr. 43.226	kr. 53.600
F000 2122 15	Hlið 4,57 m, 7 sláa	kr. 43.600	kr. 54.064
F000 2081 16	Hlið 4.88 m, 7 sláa	kr. 46.360	kr. 57.486
F017 2002 10	Staur 2 m, 88,9 mm, 2 eyru	kr. 13.162	kr. 16.321
F017 2002 20	Staur 2 m m/ læsigati	kr. 12.122	kr. 15.032
F017 2002 46	Staur 2,4m m/ læsigati, 2 eyru	kr. 22.000	kr. 27.280
F017 2002 47	Staur 2,4m 89 mm, 4 eyru	kr. 23.000	kr. 28.520



Gerðisgrindur

Gerum tilboð í magn eftir teikningum

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Vortilboð

Innifalið: Steinar úr granít, gráir, svartir eða paradiso litur (sjá heimasíðu).
Grafskrift og skrautmynd (efst). Ledljós fylgja lugtum.
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og
Norðurlandi fylgir eða
frí sending um allt land.
Geymum steina ef óskað er.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Tilboð 1

Sett eins og á mynd : 620.000
Sett án blómaramma : 520.000

Tilboð 2

Sett eins og á mynd : 545.000
Sett án blómaramma : 445.000

Tilboð 3

Hægt að setja 2 nöfn
Sett eins og á mynd : 420.000
Án blómaramma : 320.000

Tilboð 4

Sett eins og á mynd : 225.000
Steinn án aukahluta : 175.000

Tilboð 5

Sett eins og á mynd : 225.000
Steinn án aukahluta : 175.000

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

FRÉTTIR

Gunnarsholt. Mynd / Jón Karl

Leitað að ljósmyndum úr sögu Gunnarsholts

Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri, vinnur nú að ritun bókar um sögu Gunnarsholts. Sagan mun beina sjónum lesandans að því hvernig þessi kostajörð við landnám breyttist í sandauðn og því einstæða afreki að breyta þessari gereyddu jörð í land er fóstraði langstærsta bú sem nokkurn tímann hefur verið rekið á Íslandi.

Ætlunin er að segja söguna sem mest með ljósmyndum og nú er leitað til þeirra sem gætu átt myndir. Áherslan er lögð á myndir sem sýna lífið og starfið í Gunnarsholti en ekki er verið að biðja um myndir úr landgræðsluflugi eða landgræðslu í öðrum landshlutum.

Auðvitað væri gott að fá slíkar myndir varðandi landgræðslu til varðveislu en þær færu ekki í bókina sem nú er í undirbúningi.

Þetta gætu verið myndir af fólki við störf í Gunnarsholti eða af vélakosti, sauð- og holdanautum svo dæmi séu tekin. Eitt sinn var stóðhestastöð í Gunnarsholti og má vera að hestamenn hafi tekið myndir af gæðingum í stöðinni.

Þá hlýtur kornræktin í Gunnarsholti að hafa vakið áhuga bænda og áhugafólks um kornrækt – og einhver hefur án efa tekið myndir af korni og repju. Sama gildir um grasککglaverksmiðjuna sem var nýjung á sínum tíma. Þá var rekið vistheimili á Akurhóli í Gunnarsholti og væri ljúft að fá myndir frá þeirri starfsemi og ekki síður þeim listaverkum sem íbúarnir bjuggu til. Skógræktarmenn sem sköpuðu asparskóginn í Gunnarsholti gætu hafa tekið myndir sem og þeir sem hafa lagt leið sína í Gunnlaugsskóg.

Sveinn Runólfsson er með síma 8930830 og netfangið sveinnrun@gmail.com.

Aðstandendur bókarinnar eru tilbúnir til að koma til fólks og sækja myndir og gömul albúm, láta skanna myndir og skila aftur.

Bændablaðið
Kemur næst út 12. maí

Garðheimafjölskyldan, foreldrar og börnin þeirra, frá vinstri, Kristín Helga Gísladóttir framkvæmdastjóri, Olga Björney Gísladóttir innkaupastjóri, Sigurður Björn Gíslason rekstrarstjóri, Jónína Sigríður Lárusdóttir, stofnandi Garðheima, Gísli Hinrik Sigurðsson, stofnandi Garðheima, og Jóna Björk Gísladóttir markaðsstjóri. Mynd / Aðsend

Garðheimar byggja á nýjum stað 7.000 fermetra verslunarhúsnæði

Fimmtudaginn 10. mars síðastliðinn var fyrsta skóflustungan að nýjum höfuðstöðvum Garðheima tekin við Álfabakka 6 í Reykjavík.

„Við höfum fengið frábæra samstarfsaðila með okkur í vegferðina og erum við sannfærð um að úr verði ein fallegasta garðyrkjumiðstöð sem reist hefur verið. Hönnun hússins hefur verið í höndum PK arkitekta, Ferils verkfræðistofu, Landslags, Hafstudio og hollenska fyrirtækisins Smiemans, en þeir sérhæfa sig í byggingu garðyrkjumiðstöðva úti um allan heim.

Um er að ræða 7.000 fm stálgrindarhús ásamt útisölusvæði á 20.000 fm lóð sem liggur við rætur Seljahverfisins og niður að Reykjanesbrautinni," segir Jóna Björk Gísladóttir, markaðsstjóri Garðheima.

Svona mun nýja húsnæði við Álfabakka 6 líta út. Mikið hefur verið lagt upp úr því að gera húsið eins umhverfisvænt og kostur er. Á lóðinni verða blágrænar ofanvatnslausnir, grasþak yfir hluta hússins, vökvunarkerfi, sem safnar regnvatni til að vökva plöntur í sölu, o.s.frv.

Tveggja milljarða króna framkvæmd

Garðheimar voru stofnaðir árið 1999 af Gísla Hinriki Sigurðssyni og Jónínu Sigríði Lárusdóttur. Í dag hafa börn þeirra, Sigurður Björn, Kristín Helga, Olga Björney og Jóna Björk tekið við rekstrinum og starfa þar öll saman undir stjórn Kristínar Helgu Gísladóttur framkvæmdastjóra. Um 60 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu í dag. Kostnaður við nýja Garðheima verður um tveir milljarðar króna. Reiknað er með að opnað verði á nýja staðnum vorið 2023. Hagar eiga lóðina og núverandi húsnæði Garðheima, sem og lóðirnar í kring. Þeir hyggjast byggja íbúðablokkir og verslunarhúsnæði í bland á öllum reitnum. Núverandi húsnæði Garðheima verður því rifið. */MHH*

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐSEÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Ánægðustu viðskiptavinirnir
-fjögur ár í röð!
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings (t.v.), og Sigurður Guðmundsson, myndlistarmaður og formaður stjórnar ARS LONGA, tókust í hendur eftir að samningurinn hafði verið undirritaður. Mynd / Aðsend

Samtímasafni komið upp við voginn á Djúpavogi

Fyrr á þessu ári undirrituðu sveitarfélagið Múlaþing og ARS LONGA samtímalistasafn undir samkomulag um húsnæði við voginn á Djúpavogi. Húsnæðið mun hýsa hið nýstofnaða listasafn en gert er ráð fyrir stórfelldum endurbótum á húsnæðinu á komandi árum.

Safninu er ætlað að vera lifandi vettvangur í sífelldri endurnýjun um leið og safneign þess mun halda um ómetanlegan menningararf til frambúðar. Lagt er upp með að viðburðir og sýningarhald hefjist án mikilla breytinga húsnæðisins strax í sumar með „Rúllandi snjóbolta", sem farið hefur fram í Bræðslunni á Djúpavogi frá árinu 2013.

Við sýningarlok verður farið í framkvæmdir en unnið er að fjármögnun og skipulagi við endurbætur húsnæðisins.

Sigurður Guðmundsson gaf nýverið tuttugu og sjö listaverk, sem spanna meira en 50 ára tímabil af ferli hans, til safnsins. Mynda verkin stofn að safnkosti ARS LONGA en má vænta að innan fárra ára verði þessi safneign orðin lítil innan um ný aðföng af listaverkum eftir samtímalistamenn, jafnt erlendra sem íslenskra listamanna. */MHH*

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm

Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max

Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm

Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm

Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



ÆRSLABELGIR

Þar sem tveir hoppa saman, þar er gaman

Setjum upp Ærslabelgi um allt land

Skannaðu kóðann
fyrir frekari upplýsingar

HREINIR GARÐAR

aerslabelgir.is / aerslabelgir@hreinirgardar.is / 571-2000

FRÉTTASKÝRING

Danskar vindmyllur nærri bænum Rudbøl á Suður-Jótlandi. Eigendur græða vel á að láta þær ekki snúast, enda tryggir það hærra orkuverð á sameiginlegum orkumarkaði Evrópu. Mynd / HKr.

Skuggahliðar sameiginlega innri raforkumarkaðar Evrópu – Orkuvandinn virðist afleiðing af óstjórnlegri gróðahyggju:

Dönskum vindorkuframleiðendum er borgað fyrir að stöðva vindmyllurnar

– Allt samkvæmt samningum við Þjóðverja sem virðist miða að því að koma í veg fyrir að aukið framboð á raforku lækki orkuverð

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Mitt í tali um orkuskort í Evrópu og svimandi verð á raforku þykir Dönum sérkennilegt að horfa á vindrafstöðvar í landinu með kyrrstæða hverfla þó þokkalega blási. Skýringin liggur meðal annars í sameiginlegum innri raforkumarkaði Evrópu og samræmdri orkustýringu í gegnum fjölmarga orkupakka Evrópusambandsins sem stöðugt er verið að uppfæra.

Sístækkandi hluti af orkukerfi Evrópu er hagnaðardrifið einkarekið kerfi í eigu öflugra fjárfesta sem virðist meira annt um að finna leiðir til að hækka orkuverð fremur en að leggja í „óþarfa“ kostnað við að auka raforkuframleiðsluna. Enda myndi slíkt mögulega leiða til lækkunar á orkuverði til neytenda. Sem dæmi þá var minna framleitt af raforku í Evrópusambandslöndunum 2019 en 2008, eða 2.778 terawattstundir (TWst) 2019 á móti 2.844 TWst árið 2008. Þetta gerist þrátt fyrir stöðugt aukna eftirspurn. Miðlæg stýring kerfisins miðar greinilega að þessu, eins og berlega hefur komið í ljós í nýtingu á vindorku í Danmörku til raforkuframleiðslu. Allt er þetta hluti af því sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kallar „Electricity market design“, eða hönnun raforkumarkaðar. Er þessu pakkað inn í fallegar umbúðir með fallegri yfirskrift sem segir m.a.:

„Samþættur orkumarkaður ESB er hagkvæmasta leiðin til að tryggja örugga og hagkvæma orkuveitu til borgara ESB. Með sameiginlegum reglum um orkumarkað og innviði yfir landamæri er hægt að framleiða orku í einu ESB-landi og afhenda neytendum í öðru. Þetta heldur verðinu í skefjum með því að skapa samkeppni og leyfa neytendum að velja orkubirgja.“

Þetta er síðan sett undir gríðarlega viðamikið regluverk sem er í stöðugri endurnýjun og kallast nú Tilskipun um sameiginlegar reglur fyrir innri markaðinn fyrir raforku, eða „Directive on common rules for the internal market for electricity (EU) 2019/944“.

Brokdorf kjarnorkuverið í Schleswig-Holstein í Þýskalandi var með uppsett afl upp á 3.750 megawött í hitaorku og 1.440 MW í raforku þegar því var lokað 31. desember síðastliðinn. Á árinu 2005 var þetta kjarnorkuver talið það afkastamesta í heimi með framleiðslu upp á nærri 12 milljarða kílówattstunda. Til að mæta orkutapinu vegna lokunar þessa vers og tveggja annarra kjarnorkuvera um síðustu áramót hafa Þjóðverjar fátt upp á að hlaupa í augnablikinu, nema kol, olíu og gas. Enda hefur lítið heyrst talað að undanförnu um neyðarástand í loftslagsmálum. Mynd / Wikipedia

Staðreyndirnar hafa þó talað sínu máli. Þá hefur lokun á þrem af sex kjarnorkuverum í Þýskalandi um síðustu áramót dregið úr framboði á raforku og ýtt enn frekar undir hækkun orkuverðs. Þetta er Brokdorf kjarnorkuverið í Schleswig-Holstein sem var með uppsett afl upp á 1.410 megawött. Líka Grohnde verið í Neðra-Saxlandi sem var með orkugetu upp á 1.360 megawött. Einnig Gundremmingen kjarnorkuverið í Bavaria sem var með uppsett afl upp á 1.288 megawött. Samtals eru þetta kjarnorkuver með 4.058 megawatta orkugetu, sem samsvarar nærri sex Kárahnjúkavirkjunum.



Tilskipun um sameiginlegar reglur fyrir innri markaðinn fyrir raforku, eða „Directive on common rules for the internal market for electricity (EU)“ er viðamikið plagg.

Í því augnamiði að ná breiðri stjórn hagsmunaaðila á markaðnum hefur ljóst og leynt verið unnið að því á undanförnum árum að skipta upp ríkisreknum orkuframleiðslufyrirtækjum í Evrópu og selja þau í hlutum til einkafjárfesta. Frægust eru áformin um að hluta í sundur franska ríkisraforkufyrirtækið Électricité de France og selja það í bútum til einkaaðila. Þegar hafa einhverjar einingar fyrirtækisins verið seldar, en gríðarleg andstaða og mótmæli í Frakklandi við þau áform virðast hafa stöðvað málið í bili. Viðlíka hugmyndir hafa verið nefndar, m.a. á Alþingi, varðandi Landsvirkjun á Íslandi.

Dönskum vindmyllueigendum er borgað fyrir að stöðva raforkuframleiðslu

Danmarks Radio (DR) fjallaði um þetta sérkennilega mál um stöðvun á raforkuframleiðslu vindorkuvera á dögunum. Ástæðuna fyrir stöðvun á orkuframleiðslu hjá dönskum vindrafstöðvum er að finna í samkomulagi um raforkusölu frá dönskum vindmyllum til Þýskalands. Þjóðverjar eru ráðandi aðili í þeim samningum og þegar ferskir vindar blása í Danmörku framleiða vindmyllur í Norður-Þýskalandi líka svo mikið rafmagn að Þjóðverjar vilja ekki fá þá dönsku aukaorku sem samið var um.

Slíkt myndi einfaldlega auka framboð á raforku og lækka orkuverð á markaði. Því borga Þjóðverjar dönskum vindmyllueigendum milljónir evra fyrir að stöðva vindmyllur sínar í Danmörku.

Vindurinn við Vestur-Jótland tekur sér þó ekki frí þegar Þjóðverjum hentar og heldur bara áfram að blása. Því fer mikil vindorka forgörðum í Danmörku á meðan þýskar vindmyllur við Norðursjó eru látnar framleiða rafmagn eins og þær mögulega geta. Enda lítur slíkt vel út á þýskum pappírum, svo ekki sé talað um áhrifin á loftslagsumræðuna

Fá greitt fyrir að framleiða ekki grænt rafmagn!

DR ræddi við Kristian Lundgaard-Karlshøj, bónda og vindmylluiganda, sem segist fá skilaboð í símann með sms hvenær hann eigi að stöðva snúninginn á vindtúrbínum sínum.

„Skilaboðin þýða að peningar séu á leiðinni frá Þýskalandi inn á bankareikning Kristian Lundgaard-Karlshøj.“

Peningarnir eru veittir til vindmyllueigenda á Vestur-Jótlandi fyrir að framleiða þá ekki grænt rafmagn, sem annars er mjög eftirsótt. Sjálfum finnst vindmyllueigandanum þetta ekki gott fyrirkomulag.

Kristian segir að ef þetta sérkennilega kerfi væri ekki til staðar, þá hefðu vindmyllueigendur á Jótlandi líklega getað framleitt 25 prósent meira rafmagn á síðasta ári en gert var. Á sama tíma kvartaði markaðurinn hástöfum undan orkuskorti og rafmagnsverðið rauk upp úr öllu valdi.

Vill fá að framleiða meiri raforku en má það ekki

Kristian Lundgaard-Karlshøj vill helst sjá til þess að vindmyllurnar hans fái að snúast og að auka græna aflið sem sé þá selt til nágrannanna í norðri þegar ekki er hægt að geyma eða nýta orkuna í Danmörku og Þýskalandi. Vandinn er bara að verðið fyrir slíka orku yrði lægra en það sem Þjóðverjarnir eru tilbúnir að greiða honum fyrir að framleiða ekki rafmagn.

Kristian telur samt að það sé siðferðilega rétt og vel þess virði að reyna að selja til Noregs og Svíþjóðar, jafnvel þótt hann fengi minna í sinn vasa til skamms tíma. Honum er samt ekki heimilt að gera slíkt vegna samninga Dana við Þjóðverja um raforkuviðskipti.

Ríkisfyrirtækið Energiet vill rifta samningunum við Þjóðverja

Jeppe Danø, aðstoðarforstjóri ríkisfyrirtækisins Energinet, sem á stóru aðveitustrengina í Danmörku tekur undir með Kristian.

Komið hefur í ljós að danskir vindorkuhverflar, sem hefur verið meinað að framleiða raforku, hefðu getað framleitt raforku fyrir 300.000 heimili á ári á þeim tíma sem vindmyllurnar fengu ekki að snúast. Þetta kemur fram í útreikningum sem Energinet hefur gert. Jeppe Danø vill að viðskiptakerfinu við Þýskaland

um orkusölu og framleiðslu verði lokað, þannig að spaðar túrbínanna fái aftur að snúast.

„Okkur finnst einfaldlega ósjálfbært að stöðva vindmyllurnar á sama tíma og við þurfum meira en nokkru sinni fyrr á allri þeirri endurnýjanlegu orku sem við getum komið inn í orkukerfið yfirhöfuð, sagði Jeppe Danø í samtali við DR.

Energinet vill að sá háttur verði á að umframafl frá dönsku hverflunum sé í meira mæli selt til annarra Norðurlanda. Þannig geta flöskuhálsar í Þýskalandi ekki stöðvað raforkuframleiðslu frá dönskum vindmyllum, segir í röksemdafærslu Energinet.

Snýst um að græða meira, segir viðskiptastjóri Green Power Denmark

Hagsmunasamtök vindmyllueigenda, Green Power Denmark, er algjörlega andvíg slíkum samfélagslegum hugsunarhætti, að sögn Kristian Lundgaard-Karlshøj og Jeppe Danø. Samtökin telja að slíkt geti kostað eigendur orkufyrirtækjanna mikla peninga. Núna séu þeir að fá meira í vasann í gegnum þýska kerfið fyrir að framleiða ekkert en búast mætti við að eigendurnir gætu fengið ef þeir létu túrbínurnar snúast til að selja orkuna.

Green Power Denmark heldur sig því við kerfið, þar sem eigendur orkufyrirtækjanna geta búist við að græða meira, útskýrir framleiðslu- og viðskiptastjórinn Kamilla Thingvad.

Kerfið snýst um að halda uppi sem hæstu orkuverði

„Þú færð borgað fyrir að framleiða ekki. Og þegar það er betra en að framleiða rafmagn, þá gerir maður það,“ segir hún.

„Með því að selja orkuna væri maður bara að ýta undir vandann þannig að þá þyrftu framleiðendur í öðrum löndum að halda aftur af sér í staðinn,“ segir Kamilla Thingvad.

Með öðrum orðum þá segir hún hreint út að þetta snúist fyrst og fremst um að halda uppi háu orkuverði og koma í veg fyrir of mikla orkuframleiðslu sem gæti komið almennum neytendum til góða.

„Við verðum þess í stað að leysa það grundvallarvandamál að leggja orkustrengi niður í gegnum Þýskaland. Aukum þá um leið raforkunotkun með endurskipulagningu á flutningum og hitaveitum þannig að við notum meira rafmagn,“ segir Kamilla Thingvad.

Fréttamaður DR spurði hana þá að því hvað hún segði við alla þá sem furða sig á því að vindmyllur standi kyrrar á sama tíma og talað sé um að Danir geti framleitt meiri endurnýjanlega raforku.

Kamilla sagðist skilja mjög vel gremju fólks, en það væri heldur ekki lausn að biðja sænska framleiðendur um að loka í staðinn.

„Við verðum að leggja stærri strengi til suðurs svo við getum stöðvað þýsk kolaorkuver,“ sagði Kamilla Thingvad hjá Green Power Denmark. Þar með myndi gróði danskra vindmyllueigenda væntanlega aukast á kostnað eigenda kolaorkuvera í Þýskalandi. Danir myndu þá framleiða orku sem í dag kemur frá kolaorkuverum. Ekkert er þar talað um að auka orkuframboð á markaði, enda gæti það ruggað bátnum í þessum viðskiptum og leitt til lægra orkuverðs.

Gasið er líka hluti af innri orkumarkaði Evrópu

Það er þó ekki bara raforkukerfið sem heyrir undir sameiginlegan innri orkumarkað Evrópu. Það gerir gasið nefnilega líka. Dan Jørgensen, orkumálaráðherra Dana, kynnti þann 19. apríl síðastliðinn að um að 30-50% danskra heimila sem nú eru kynt með jarðgasi verði tengd

Bærinn Ribe á Suður-Jótlandi. Miklar hækkanir á orkuverði hafa plagað íbúa þessa bæjar líkt og aðra íbúa Danmerkur á undanförnum misserum. Sameiginlegur orkumarkaður Evrópu hefur ekki reynst þeim nein trygging fyrir orkuöryggi eða hagstæðu orkuverði. Hinsvegar hefur það verið nokkuð örugg leið fyrir fjárfesta og eigendur orkufyrirtækja til að tryggja þeim hátt orkuverð úr vösum notenda orkunnar. Mynd / HKr.

fjarvarmaveitum fyrir árið 2028. Um 400.000 heimili eru nú kynt með jarðgasi og munu um 150-200 þúsund þeirra verða tengd fjarvarmaveitum á næstu sex árum. Hluti af skýringunni á þessu plani er að Danir vilja losna við að vera háðir gasi frá Rússum.

Tilkynning orkumálaráðherrans er þó vart annað en pólitískur skrípaleikur því fjarvarmaveiturnar verða trúlega áfram kyntar með jarðgasi. Vegna sameiginlega orkunets Evrópu eru Danir tengdir evrópska gasnetinu með gasleiðslum sem tengja saman gaslindir í Norðursjó og fljótandi gasi frá Rússlandi í gegnum miðlæga gasmiðlunarstöð. Frá gaslindum í Norðursjó, sem tilheyra Danmörku, Noregi, Hollandi, Belgíu og Bretlandi, streymir gas til Mið-Evrópu og alla leið til Spánar um 218.000 km flutningskerfi og dreifinet gasleiðslna sem eru samtals 1.640.000 km að lengd. Þetta kerfi þjónar 116 milljónum Evrópubúa og dekkar um 23% af orkuþörf Evrópu. Þannig að meðan ekki er alfarið skrúfað fyrir gas frá Rússlandi er tómt mál að tala um að dönsk heimili verði óháð Rússum um gasnotkun. Það sem verra er er að verðlagningin á gasinu er líka miðlæg svo Danir eru þar í sama báti og aðrar ESB þjóðir, jafnvel þótt þeir vilji nýta eigin gaslindir í Norðursjó.

Takmörkun á gasframboði í fyrra hækkar svo að sjálfsögðu orkuverðið snarlega á öllum sameiginlega orkumarkaði Evrópu.

Einkafyrirtækin kalla eftir ríkisaðstoð

Þversögnin í þessu öllu saman er svo að kerfið fyrir orkumarkaðinn í Evrópu er í uppnámi vegna ótta við að Rússar skrúfi fyrir gassölu til Þýskalands vegna viðskiptaþvingana út af stríðinu í Úkraínu. Hafa orkufyrirtækin, sem barist hafa fyrir aukinni einkavæðingu og frelsi til athafna í orkugeiranum, nú kallað eftir ríkisaðstoð vegna hættu á minnkandi gróða af gassölu. Þar má t.d. nefna Verbundnetz Gas, sem staðsett er í Leipzig og fréttablaðið Handelsblatt fjallaði um fyrir skömmu. Welt am Sonntag hefur einnig fjallað um þessa auknu aðsókn einkafyrirtækja í orkubransanum í ríkisaðstoð. Talað er um mörg fyrirtæki sem geti orðið illa fyrir barðinu á stöðvun sölu Rússa á gasi, eins og Fortum, Uniper, MVM, BEH, PGNiG, Engie, Naturgy og RWE.

Hörð átök í Frakklandi um uppbrot á ríkisfyrirtækjum

Hluti af sama pakka er að ríkisstjórn Frakklands hafði lagt fram endurskipulagningaráætlun á raforkuframleiðslu landsins, sem áður var kölluð „Projet Hercule“, síðan endurnefnd „Grand EDF“. Hún miðaði að því að skipta upp ríkisraforkufyrirtækinu Électricité de France (EDF), sem er ríkisfyrirtæki að meirihluta. Áætlunin var hluti af orkusýn sem miðaði að því að sundra fyrirtækinu og selja það síðan í bútum til einkaaðila.

Áform um að hluta í sundur Électricité de France runnu þó út í sandinn, um stundarsakir að minnsta kosti, í ágúst 2021. Verkamenn sem störfuðu við Électricité de France (EDF) óttuðust um sinn hag og fengu verkalýðsfélög og almenna raforkuneytendur sér til liðsinnis til að berjast gegn niðurbroti á fyrirtækinu og sölu á eignum þess til einkaaðila. Bentu mótmælendur á að slíkt niðurbrot myndi leiða af sér hækkun orkuverðs sem myndi fyrst og fremst skaða verkamenn og almenna orkunotendur.

Frönsk verkalýðsfélög hafa barist gegn áætluninni um niðurbrotið á franska ríkisraforkufyrirtækinu í mörg ár. Þeir virkjuðu stuðning margra annarra í samfélaginu, þar á meðal stjórnmálamanna. Stéttarfélögin krefjast þess að í stað niðurbrots á EDF verði farið í eflingu opinberrar orkuframleiðslu. Telja þau að opinber orkuþjónusta sé besta leiðin til að takast á við loftslagsbreytingar og tryggja réttlát umskipti með sterkum réttindum starfsmanna og stéttarfélaga. Hjá franska raforkufyrirtækinu starfa 150.000 starfsmenn víða um heim, en samt langflestir í Frakklandi.

Samtök opinbera starfsmanna í Evrópu (European Public Service Union - EPSU) hefur stutt baráttu frönsku verkalýðsfélaganna. Þeir skipulögðu verkfallsaðgerðir sem virkjuðu þúsundir starfsmanna. Starfsmenn EPSU og belgíska orkusambandið Gazelco tóku þátt í mótmælaaðgerðum til samstöðu 19. september 2019 fyrir framan hóp fastafulltrúa Frakka í Brussel, ásamt PSI, TUED og mörgum öðrum stéttarfélögum. Var mótmælum haldið áfram í janúar í fyrra og allt fram á þennan dag og hafa 33 verkalýðsfélög í orkugeiranum, flutningum og iðnaði um allan heim lýst yfir samstöðu við frönsku verkalýðsfélögin.

Ragnar Reykás hvað?

Emmanuel Macron Frakklandsforseti virðist nú hafa algjörlega snúið við blaðinu gagnvart Électricité de France. Þannig hefur hann hvatt til þess að fyrirtækið kaupi aftur framleiðslueiningar sem hann stóð sjálfur fyrir að voru seldar frá ríkisfyrirtækinu. Þá tilkynnti hann nýverið einnig um stóraukin ríkisafskipti í orkugeiranum þegar hann kynnti áætlun um að byggja að minnsta kosti sex ný kjarnorkuver fyrir árið 2050. Það er þrátt fyrir

Emmanuel Macron Frakklandsforseti virðist hættur við áform um að brjóta upp franska ríkisorkufyrirtækið Électricité de France. Þess í stað segist hann nú vilja efla það og kynnir áætlanir um stórkostlega uppbyggingu kjarnorkuvera.

gífurlegan kostnaðarauka frá upphaflegri áætlun og áratuga seinkun á því að klára frumgerð slíks orkuvers. Ekki var búist við að þessi þriðja kynslóð kjarnaofna yrði fullhönnuð fyrr en 2050, svo Macron virðist vera að gefa loforð í orkumálum ansi langt inn í framtíðina. Auk kjarnorkuveranna sex sem hann hefur þegar kynnt hefur hann ýjað að byggingu á átta kjarnorkuverum til viðbótar.

Kjarnorka stendur í dag fyrir um 70% af orkuframleiðslu Frakka. Með yfirlýsingu Macron um uppbyggingu kjarnorkuvera var hann væntanlega líka að reyna að slá keilur í sinni kosningabaráttu og gera Frakkland meira gildandi í orkuframleiðslu ESB. Frakkar gætu þá orðið einhvers konar haldreipi fyrir Þjóðverja vegna orkuskortsins, sem verður óhjákvæmilega, verði lokað alfarið fyrir gas- og olíuflutninga frá Rússlandi. Macron sigraði Marie Le Pen með talsverðum mun í forsetakosningum sl. sunnudag þar sem kosningaþátttaka var sú minnsta sem sést hefur í fjölda ára.

Hann talaði einnig um stórfelldar fjárfestingar í endurnýjanlegri orku. Sagði Macron að áform væru uppi um að byggja 50 vindgarða á hafi úti. – Frakkland hefur engan slíkan vindorkugarð í dag, þrátt fyrir sína miklu strandlengju. Einnig talaði hann um að sólarorkugeta á landi myndi tvöfaldast og að vatnsaflsvirkjanir myndu heldur ekki gleymast.

UTAN ÚR HEIMI

Mjólkurbú í Bandaríkjunum:

Hugmyndaglaðir bændur

Yfir áratugina hafa mjólkurbændur í Bandaríkjunum og víðar innleitt æ fleiri leiðir til sjálfbærni á býlum sínum. Hér má lesa um þrjár þeirra er koma skemmtilega á óvart.

#1 Reinford Farms í Pennsylvaníu: Breyttu matarúrgangi í orku

Árið 2008 bauðst matvöruverslun í nágrenni mjólkurbúsins Reinford Farms í bænum Mifflintown Pennsylvaníu að borga því fyrir að taka skemmdar matvörur og breyta í, eða í raun endurnýta, sem orku, í gegnum þar til gerða vél í fórum aðstandenda búsins. Áður höfðu þeir nýtt vélina sem á enskunni ber nafnið „The Digester“, eða meltingarvélin, til að framleiða orku úr mykju mjólkurkúnna sinna sem eru um 800 talsins. Vélin brýtur þá niður úrgang og umbreytir í nýtanlega auðlind.

Þegar fleiri fyrirtæki höfðu samband og fóru að biðja um sömu þjónustu fjárfesti eigandinn, Brett Reinford, í afpökkunarvél – sem fjarlægir umbúðir utan af matvörum áður en þær fara í vélina. Þetta hefur gert Reinford Farms kleift að vinna með fyrirtækjum í nágrenninu, allt að þrjátíu matvöruverslunum og framleiðslufyrirtækjum og þannig endurvinna um 12.000 lítra af matar- og kúaúrgangi daglega. Samstarfið hefur orðið til þess að meira en 100.000 tonn af úrgangi hafa ekki ratað á urðunarstaði síðan árið 2008 og að auki hefur verið komið í veg fyrir að tæplega 60 milljón kíló af koltvísýringi komist út í andrúmsloftið.

Rósin í hnappagatið er svo það að þessi vinnsla matarúrgangsins og kúaáburðarins framleiðir árlega einnig næga endurnýjanlega raforku til að knýja allan Mifflinbæinn auk 400 nærliggjandi heimila.

#2 Freund's Farm: Gerðu mykju að markaðshæfri vöru

Eitt kvöld síðla árs árið 1997 sat fjölskyldan á mjólkurbúinu Freunds Farm í Connecticut og velti fyrir sér leiðum til þess að endurnýta kúamykjuna sem til féll.

Einhverjum gárunganum datt í hug að hægt væri að umbreyta honum í blómapotta og einhverra hluta vegna þótti bóndanum á bænum, Matthew Freund, það fyrirtaks hugmynd.

Hann hóf því að gera tilraunir til þess og yfir næstu ár, þar sem ferlið spann allt frá því að blanda mykjuna lími og rista hana, kom að því að erfiðið bar ávöxt.

Loks eftir alls átta ár af reynslu og mistökum auk 72.000 dollara styrk frá ríkinu kynntu hjónin, Matthew og Theresa Freund, á markað svokallaða CowPots. Þetta voru í raun lífrænir og niðurbrjótanlegir blómapottar, gerðir úr trefjum jarðgerðrar kúamykju og þeir brotna náttúrulega niður á einu vaxtarskeiði plöntu sem sett er í þá vegna þess að köfnunarefnið í mykjunni kemur moltuferlinu af stað.

Þykja pottarnir afar vinsælir í dag og má finna allt um þá á vefsíðunni www.cowpots.com.

#3 Royal Dairy: Þar sem úrgangur verður að hreinu áveituvatni

Fyrir um það bil sex árum var mjólkurbúseigandinn Austin Allred að leita að lausnum til að draga úr úrgangi og losun gróðurhúsalofttegunda frá býlinu sínu, Royal Dairy, sem stendur í Washington-ríki.

Eftir nokkurt skeið komst hann upp á lag með svokallað lífsíunarferli en með þar til gerðu neti, sem strengt er á ramma, granít og hungruðum ormum, tókst honum að breyta kúamykju í hreint áveituvatn. Hann útbjó stað þar sem allt úrgangsvatn frá kúm og af hreinsi- og kælivélum safnaðist saman. Föstum úrgangi var haldið í skefjum með netinu er strengt var á ramma á meðan frárennslisvatnið rann áfram. Næst tók við röð vatnsúðara sem sogaði upp vatnið og úðaði yfir röð langra steyptra troga fylltum granít – en það dregur úr metan og ammoníak og breytir gróðurhúsalofttegundum í köfnunarefni. Síðan er viðarspænum bætt við þar sem milljónir orma og örvera gæða sér á næringarefnum og bakteríum. Að lokum verður vatnið sem eftir er nógu hreint til að nota til að vökva uppskeru og úrgangsefni eða skítur ormanna ef einhver er, nýtist sem áburðarafurð. */SP*

„Garðurinn hans Nemo“:

Neðansjávarbúskapur við ítalska strönd

Með fjölgun íbúa á heimsvísu og þá takmörkunum á því landi sem gefst undir jarðyrkju, hafa vísindamenn gjarnan augun vel opin við leit að nútímalegum leiðum til að stunda slíka iðju.

Landbúnaður stendur einnig fyrir 70% af ferskvatnsnotkun heimsins og vatnsstjórnun er þörf á flestum svæðum í heiminum þar sem úrkoma er ófullnægjandi eða breytileg. Vaxandi þrýstingur er settur á vatnsauðlindir frá iðnaðar- og þéttbýlissvæðum, sem þýðir að vatnsskortur fer rísandi og landbúnaður stendur frammi fyrir þeirri áskorun að framleiðslan bíði hnekk af skertri vatnsauðlind.

Næsta skref hjá fyrirtækinu Ocean Reef Group er að kanna hvort hagkvæmt og/eða tæknilega mögulegt sé að planta fleiri plöntuafbrigðum. Mynd / ORG.

Garðurinn hans Nemo

Aðstandendur neðansjávargarðs nokkurs, sem hefur hlotið heitið „Nemo‘s Garden“ (Garðurinn hans Nemo) taka með sanni landbúnað skrefinu lengra, en þeir hafa í nær tíu ár ár unnið að rannsókn er varðar ræktun nytjajurta neðansjávar – og nú sýna niðurstöðurnar jákvæða þróun sem gæti opnað á frekari yrkju víðar um heiminn.

Neðansjávarumhverfið er staðsett hundrað metra frá strandbænum Noli á ítölsku Rivíerunni og var í fyrstu hrundið af stað til að kanna hvort hægt væri að koma á legg landbúnaði neðansjávar. „Garðurinn“ er rannsóknarverkefni á vegum köfunartækjafyrirtækisins Ocean Reef Group og þróar í raun aðallega vatnsræktunartækni, sem krefst ekki jarðvegs, til þess að rækta plöntur í sex stórum neðansjávarhvelfingum sem eru staðsettar á milli 5–10 m undir yfirborði sjávar.

Þessar fljótandi hvelfingar, sem eru gerðar úr akríl, gegna að mestu hlutverki sjálfbærs kerfis, en tekur hver um sig sirka 2000 lítra af lofti og eru festar við hafsbotninn með köðlum, keðjum og þartilgerðum skrúfum, þó þær liggi ekki á botninum heldur eru á floti. Aðalástæða þess er sú að rauður litur úr litrófi sólarljóssins stuðlar að ljóstillífun og vexti flest allra plantna og ef farið er dýpra en tíu metra niður í sjóinn er hætta á skerðingu birtunnar.

Stöðugleiki hitastigs í bland við skordýralausa ræktun

Samspil hlýrra sólargeisla við kulda sjávarins viðheldur (plöntuvænum) raka og hlýju innan hvelfinganna, en hitastigið innandyra er frá 24 til 32 °C og fylgst er náið með öðrum aðstæðum, þar á meðal koltvísýrings- og súrefnismagni. Áhugavert er að þarna býður umhverfið upp á stöðugleika í hitastigi sem meðal annars er erfitt að finna á landi eða frá vatnsræktunarkerfum eða gróðurhúsum sem reiða sig á ýmis hita- og kælikerfi til þess.

Ocean Reef Group fyrirtækið telur hugmyndina bera þó nokkra kosti. Til að mynda er ræktun gróðursins alls óháður veðurfari, engin sníkju- eða skordýr er að finna og þá ekki þörf fyrir skordýraeitur. Sem stendur er teymi fyrirtækisins enn að rannsaka hvaða tegundir plantna, þar á meðal grænmeti, henta best til ræktunar neðansjávar.

Má með sanni segja að þessi neðansjávarbúskapur falli undir lífræna ræktun en framleiðsluhættir slíkrar ræktunar eru byggðir á alþjóðlegum reglum er skylda ræktendur til að nota lífrænan áburð, sáðskipti og lífrænar varnir í stað hefðbundinna eiturefna

Gengur hratt fyrir sig

Að sögn fyrirtækisins Ocean Reef Group benda athuganir til þess að ræktun neðansjávar gangi að minnsta kosti hraðar fyrir sig en hliðstæð ræktun á landi og er markmið verkefnisins þessa stundina að sjá hvort hagkvæmt og/eða tæknilega mögulegt sé að planta fleiri plöntuafbrigðum.

Með það í huga væri áhugavert ef framtíðin bæri í skauti sér fleiri staði neðansjávarbúskapar, til dæmis er kæmi að næringarverkefnum þróunarlandanna. Þó nokkur áhugi hefur verið látinn í ljós frá stærri fyrirtækjum og stofnunum er vilja kaupa hugmyndina, en enn sem komið er hefur Ocean Reef Group ekki sýnt áhuga á að selja. */SP*

Houtouwan-þorp í Kína:

Þar sem náttúran ræður ríkjum

Hér má sjá yfirgefna fiskiþorpið Houtouwan, sem er á norðurhlið Shengshan-eyju, ein af fjögur hundruð eyjum sem liggja nálægt hver annarri, allt að 65 km austur af Sjanghæ í Kína.

Í þorpinu bjuggu yfir 3.000 manns, bæði sjómenn og aðrir íbúar, en fólk tók að flytja á brott vegna þess hve erfitt þótti að afla matfanga, auk þess sem möguleg aðstaða til menntunar þótti af skornum skammti. Var þorpið því nær alveg yfirgefið snemma á tíunda áratugnum og eru nú flest húsin umlukin gróðri þar sem áður var iðandi mannlíf. Í dag búa þar þó nokkrar hræður sem sinna ferðaþjónustu en á síðustu árum hefur eyjan aukið vinsældir sínar meðal ferðalanga sem þykir spennandi að kynnast leyndardómum þessarar gróðursælu eyju.

Tilvist eyjunnar fór á flug þegar orðrómur barst þess efnis að innan grasi vaxinna veggja húsanna sem enn standa, megi finna líkamsleifar þeirra er ekki náðu að komast út. Náttúran hefði yfirtekið þorpið og íbúana með og hulið það gróskumiklum klifurplöntum á nokkrum vikum.

Þessi tilgáta er ef til vill ekki annað en hvítlituð lygi, en ævintýri líkast þykir að heimsækja þorpið og laumast inn í eyðileg húsin er snúa að hafinu og virða fyrir sér sólsetrið.

Annars voru þeir fáu er eftir stóðu plikt sína sem íbúar þorpsins snöggir að sjá hag í heimsóknum utanaðkomandi fólks. Nýverið hafa sprottið upp skilti þar sem rukkaðar eru þúsund krónur fyrir gönguferð um þorpið og önnur skilti sett fyrir utan þau hús sem talin eru geta verið að hruni komin. Þriðja umferð skilta býður svo upp á gistingu og morgunverð víðs vegar um eyjuna og á nærliggjandi eyjum, en nokkra byggð má finna þar fyrir þá sem kjósa fleiri andlit í kringum sig. */SP*

Hamborgarar í höndum vélmenna:

Róbót-borgari

Nú hafa ef til vill margir reynt að gera sér í hugarlund hvernig vélmenni – ef verða mörg slík í framtíðinni – geti mögulega létt okkur mönnunum lífið.

Í verslanamiðstöð nokkurri, Newport Centre Mall í New Jersey, hafa hugvitsmenn komið fyrir sjálfsala nokkrum sem ber nafnið RoboBurger. Þar má fá einfaldan hamborgara (með osti) úr hágæða lífrænu kjöti frá nágrannabýlum með Angus naut svokölluð, en þau eru alin á lífrænu sérfæði grasa og grænmetis. Engin hormóna- eða sýklalyf eru notuð í eldinu og kjöt nautanna því fyrsta flokks á allan hátt. Hamborgarabrauðin eru á sama hátt einstaklega vel úr garði gerð og eru afurð bakara frá nærliggjandi býli.

Það áhugaverða er þó hins vegar hvernig hamborgarinn er matreiddur. Í sjálfsalanum er að finna vélmenni – eða útbúnað með gervigreind – sem í fimm þrepum sér um að elda hamborgara handa hverjum og einum viðskiptavini fyrir sig. Innan sjálfsalans er að finna gæðagrill sem grillar hamborgana á mettíma, enda tekur ferlið allt 6-7 mínútur. Fyrst er frosinn hamborgari settur á grillið. Á meðan á því stendur er hamborgarabrauðið ristað og á það er sett tómatsósa og sinnep. Næst er hamborgarinn settur á, ostur þar ofan á ef vill og borgaranum lokað. Þetta ferli er án efa eitt hið ferskasta í bransanum, en innan 30 sekúndna frá því að kjötið fer af grillinu fær viðskiptavinurinn máltíðina í hendur. Þeir sem hafa prófað dýrðina gefa matnum góða einkunn þó einfaldur sé og nefna flestir hve kjötið er fullkomlega grillað og hamborgarabrauðið stökkt. Þá annað en þegar slíkt hefur verið geymt undir hitalampa í óratíð. Það er helst að fólk sé ekki sátt við að osturinn klessist aðeins er máltíðin kemur niður sjálfsalann.

Eftir að eldað hefur verið fer hreinsiferli af stað en sjálfsalinn býr yfir þeim eiginleikum að geta þrifið sig eftir hvert skipti. Aðstandendur síðunnar www.roboburger.com bjóða svo áhugasömum hamborgara-unnendum að hafa samband ef viðkomandi telur sig vita af stað fyrir fleiri slíka sjálfsala – en stærð einingarinnar er ekki meiri en rétt rúmir tveir metrar á hæð og einn og hálfur á breidd.

Rétt er að taka fram að nú virðist, hægt og rólega, vera að byrja blómaskeið vélmenna innan veitingahúsakeðja, en sem dæmi hafa White Castle, Buffalo Wild Wings og Chipotle þegar sett upp hjá sér vélmennaarma – ef svo má kalla – sem sjá alfarið um djúpsteikingar. Í kjölfar heimsfaraldursins Covid hefur – auk manneklu – eftirspurn eftir vélknúnum aðstoðarmönnum aukist enn fremur og samfélög á heimsvísu sáttara við hugmyndir um snertilausar máltíðir. */SP*

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

KRONE heyvinnuvélar
til afgreiðslu fyrir heyskap

HESJA ***nánari upplýsingar á hesja.is***

Kópavogur: **546 0415** Akureyri: **415 6415**

Swadro TC880 Plus
Miðjurakstrarvél
Vinnslubreidd 7.6-8.8 m.
4.699.000 + vsk.

KW 7.92/8
Lyftutengd snúningsvél
Vinnslubreidd 7.9 m.
2.399.000 + vsk.

EasyCut F320 M
Framsláttuvél
Vinnslubreidd 3.16 m.
1.999.000 + vsk.

ActiveMow R320
Hliðartengd sláttuvél
Vinnslubreidd 3.22 m.
1.799.000 + vsk.

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

Fjöldi manns kemur að sýningunni sem vakið hefur mikla gleði – bæði hjá áhorfendum og innan leikhópsins – en hér má sjá stóran hluta þeirra listamanna. Myndir / Gunnhildur Gísladóttir.

Brúðkaupsmynd eða hvað? Þjónninn í höndum Árna Jónssonar sést hér með Örvari, þernunni og Rannveigu, sem leikin eru af Hauki Skúlasyni, Fanneyju Rós Konráðsdóttur og Ingu Dóru Ingimarsdóttur.

Þarna takast þau á þau Guðfinnur og Hlédís, sem leikin eru af Guðbrandi J. Guðbrandssyni og Elvu Björk Guðmundsdóttur.

Leikfélag Sauðárkróks:

Nei, ráðherra kitlar hláturtaugarnar

Leikfélag Sauðárkróks hefur nú til sýninga gamanleikinn drepfyndna, Nei, ráðherra, úr smiðju Rays Cooney en verkið hefur slegið í gegn víða um heim.

Mikið gengur á í verkinu sem í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar og leikstjórn Jóels Sæmundssonar kitlar hláturtaugarnar svo um munar.

Í stuttu máli er söguþráðurinn á þá vegu að ráðherra nokkur lendir í hinu mesta brasi þegar kemur skyndilega að því að losna við lík af hótelherbergi hans. Þar höfðu þau viðhaldið (sem er reyndar hliðholl stjórnarandstöðunni) ætlað að eiga notalega stund, en þess í stað virðist ekkert ætla að ganga upp hjá ráðherranum. Hann skipar til sín aðstoðarmanni sínum sem lendir í skítverkunum – fela verksummerki, losna við líkið, múta þjóni, sjá um viðhaldið auk þess að gæta þess að halda öllu leyndu fyrir afbrýðisömum betri helmingnum.

Alls koma þrjátíu og fimm manns að sýningunni, þar af tíu á sviði, blanda af reynsluboltum og öðrum sem eru að stíga sín fyrstu skref á sviðinu.

Frumsýning var sunnudaginn 24. apríl en alls verða sýningarnar þrettán talsins. Sýnt verður laugardaginn 30. apríl klukkan 18:00, sunnudaginn 1. maí, 4., 6. og 7. maí klukkan 20:00, sunnudaginn 8. maí klukkan 16:00, svo 11. og 13. maí klukkan 20:00, laugardaginn 14. maí kl. 16:00 og lokasýning verður sunnudaginn 15. maí klukkan 20:00

Miðapantanir í síma 849 9434.

/SP

Móttökustjórinn, sem leikinn er af Inga Sigþóri Gunnarssyni, reynir að hafa stjórn á aðstæðum og stilla til friðar milli Guðfinns (Guðbrands J. Guðbrandssonar) og Atla Geirs sem leikinn er af Þorgrími Svavari Runólfssyni.

Hvað er í gangi?!

√ Kardimommubær Freyvangsleikhússins **var frumsýndur þann 4. mars nk. við frábærar undirtektir og fullt hús. Miða má finna á tix.is eða í síma 857-5598, en sýnt verður áfram næstu vikur.**

√ Leikfélag Hólmavíkur hefur í sýningu farsann Bót og betrun. **Nú eru eftir tvær sýningar, þann 29. og 30. apríl, þá lokasýning. Hægt er að kaupa súpu á Sauðfjársetrinu fyrir sýningar og opnar húsið 18:30, en miða- og súpupantanir eru í síma 693 3474.**

√ Nei, ráðherra er á fjölunum hjá Leikfélagi Sauðárkróks **og enn eru þó nokkrar sýningar eftir. Sýnt verður laugardaginn 30. apríl klukkan 18:00, sunnudaginn 1. maí, 4., 6. og 7. maí klukkan 20:00, sunnudaginn 8. maí klukkan 16:00, svo 11. og 13. maí klukkan 20:00, laugardaginn 14. maí kl. 16:00 og lokasýning verður sunnudaginn 15. maí klukkan 20:00. Miðasala er í síma 849 9434.**

Lely Center Ísland
STÍUGRINDUR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Fimm hurða farsinn Bót og betrun:

Leikfélag Hólmavíkur bregður á leik

Nú hefur Leikfélag Hólmavíkur sett upp farsann Bót og betrun eftir Michael Cooney undir stjórn Sigurðar Líndal leikstjóra.

Æfingatímabilið gekk alveg ljómandi vel í alla staði og hófust sýningar á páskadag í húsnæði Sauðfjársetursins á Ströndum – í félagsheimilinu Sævangi.

Verkið gerist í London og fjallar um Eric Swan, sem hefur verið duglegur að svíkja út bætur síðustu tvö árin. Hann ætlar sér þó að minnka svindlið sem þá vindur upp á sig með sífellt skrautlegri afleiðingum. Inn í málið flækjast meðal annars leigjandinn hans, sambandsráðgjafi og útfararstjóri, svo einhverjir séu nefndir.

Tíu leikarar taka þátt í uppsetningunni á Bót og betrun, fimm konur og fimm karlar. Á bak við tjöldin starfar fjöldi fólks auk leikstjórans, við sviðsmynd og ljós, búninga og förðun, markaðsefni og gerð leikskrár. Nú eru eftir tvær sýningar, þann 29. og 30. apríl, þá lokasýning. Hægt er að kaupa súpu á Sauðfjársetrinu fyrir sýningar og opnar húsið 18:30, en miða- og súpupantanir eru í síma 693 3474 (hjá henni Ester).

Gaman er að geta þess að nýverið setti leikfélagið á fót heimasíðuna leikholm.is, en þar er að finna margs konar fróðleik og hin helstu tíðindi félagsins.

/SP

Samhentur hópur leikara kemur að sýningunni, en auk þeirra starfar fjöldi fólks á bak við tjöldin enda verkefni í hverju horni.

Þarna má sjá þá Norman McDonald og Eric Swan, sem leiknir eru af Eiríki Valdimarssyni og Einari Indriðasyni.

Einhver breyta virðist í gangi hjá Georg frænda (Jóni Jónssyni) en í bakgrunni eru þau Jenkins, sem leikin er af Guðlaugu G.I. Bergsveinsdóttur og svo áðurnefndur Norman McDonald.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga verður haldinn á Park Inn hótelinu, Hafnargötu 57 í Reykjanesbæ, laugardaginn 30. apríl næstkomandi.

Boð á aðalfund BÍL 2022

Boðað er til aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga laugardaginn 30. apríl 2022.

Fundurinn verður haldinn á Park Inn hótelinu, Hafnargötu 57 í Reykjanesbæ. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og hefst fundurinn kl. 9.30.

Félög sem hyggjast senda fulltrúa þurfa að fylla út kjörbréfsform á vefnum og nauðsynlegt er að vera innskráð á aðgangi viðkomandi leikfélags. Linkur á kjörbréfsformið er hér: (www.leiklist.is/kjorbref-2022/)

Þetta er fyrsti fundurinn síðan árið 2019 sem ekki verður markaður af samkomutakmörkunum enda sannarlega kominn tími til að treysta félagsböndin og stilla saman strengi leikfélaga í landinu.

Í tilefni þess hefst þingið á óformlegri málstofu föstudagskvöldið 29. apríl undir yfirskriftinni Áhugaleiklistin eftir Covid. Rædd verður almennt staða áhugaleiklistar, almenn og sértæk vandamál sem að félögunum steðja og möguleikum og lausnum velt upp. Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar 14. maí og því er nú rétti tíminn til að ræða og ýta við fulltrúum í sveitarstjórnum vegna hagsmuna félaganna.

Yfirlit yfir þetta allt saman má finna á vefsíðunni www.leiklist.is/bod-a-adalfund-bil-2022/

Einnig má finna þar lög BÍL sem innihalda meðal annars dagskrá aðalfundar, sjá hér í meðfylgjandi link (www.leiklist.is/wp-content/uploads/2022/03/LogBIL2021.pdf) og fundargerð aðalfundar frá árinu 2021 (www.leiklist.is/fundargerd-adalfundar-1-mai-2021-i-reykjanesbae/).

Nýtt bókhaldskerfi sem tekið var í notkun á síðasta ári hefur aðeins tafið gerð ársreiknings en hann verður sendur út um leið og hann er tilbúinn.

-af vef Bandalagsins/SP

Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Ullarinnleggjendur athugið

Ullarinnleggjendum býðst að kaupa hlutabréf Ístex hf. á genginu 8,5 í gegnum ullarviðskipti á Bændatorgi til 15 maí.

Íslenskur textíliðnaður hf (Ístex hf) er ullarvinnslufyrirtæki í meirihlutaeigu bænda sem vinnur að því að skapa sem mest verðmæti úr íslenskri ull. Fyrirtækið rekur ullarþvottarstöð á Blönduósi og spuna- og bandverksmiðju í Mosfellsbæ.

Hægt er að skrá sig í gegnum Bændatorg (bondi.is).
Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á Istex.is og í síma 566 6302.

Stjórn Ístex

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

LOPI

UTAN ÚR HEIMI

Bílaframleiðendur kaupa þvottavélar í stórum stíl til að fá íhluti í nýja bíla

Bílaframleiðendur og framleiðendur margvíslegra iðnaðartækja hafa verið að kaupa nýjar og notaðar þvottavélar í stórum stíl að undanförnu. Ástæðan er skortur á tölvustýringum og hálfleiðurum sem notaðir eru í bíla.

Verulega fór að bera á þessum skorti í Covid-19 faraldrinum á árunum 2020–2021. Þá lamaðist starfsemi fjölmargra íhlutaframleiðenda vegna veikinda starfsfólks. Erfiðlega gekk því að ljúka smíði bíla og fleiri tækja sem eru orðin mjög tölvuvædd. Staðan versnaði svo enn frekar þegar Rússar hófu innrás í Úkraínu, en þar voru m.a. framleiddir margvíslegir íhlutir fyrir iðnaðinn. Þá hefur viðskiptabann á Rússa ekki bætt úr skák en þeir eru næstöflugustu framleiðendur á platínu sem notuð er í hálfleiðara í raftækjum. Þetta hefur leitt til þess að stórframleiðendur á tölvukubbum, m.a. í Bandaríkjunum og víðar, hafa átt í miklum erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar.



Bílaframleiðendur kaupa nú þvottavélar í stórum stíl til að næla sér í tölvustýringar sem nauðsynlegar eru í bílana. Búist er við að skortur á hálfleiðurum og tölvustýringum verði viðvarandi út þetta ár að minnsta kosti, með tilheyrandi áhrifum á framleiðslu bíla, tölva og ýmiss konar tæknibúnaðar.

Þetta hefur haft mikil áhrif á bílaframleiðendur eins og Tesla, Toyota, Ford, Volkswagen, Audi og fleiri sem hafa þurft að draga úr bílaframleiðslu sinni. Sem dæmi hefur Toyota dregið úr sinni framleiðslu sem nemur 100.000 bílum á ári.

Hefur sala fólksbíla dregist saman af þessum sökum víða um heim og var um 40% minni í Evrópu í mars síðastliðinn en var áður en heimsfaraldurinn hófst. Þrátt fyrir mikla eftirspurn og fyrirliggjandi pantanir á ökutækjum er búist við að framleiðsla bíla í Evrópu dragist saman um 20% til viðbótar vegna skorts á íhlutum, samkvæmt heimildum ACEA data. Sem dæmi um þróunina, þá herma óstaðfestar fréttir að bílaframleiðandinn Audi hafi keypt 4.000 þvottavélar fyrir skömmu til að ná sér í tölvustýringar sem nota má í bíla. Stýringarnar eru m.a. notaðar í eldsneytiskerfi hefðbundinna bensín- og dísilbíla og í orkustýringar í rafbílum. Stórir framleiðendur hálfleiðara, m.a. í Taívan og Kína hafa reynt að auka framleiðslu en t.d. ASML Holding NV í Kína er nú komið með pantanir fyrir allri sinni framleiðslugetu á árinu 2023.

Hálfleiðaraframleiðandinn Manufacturing Co. í Taívan, sem er stærsta fyrirtæki heims á þessu sviði, kynnti á dögunum að framleiðslan væri í járnum og yrði erfið út árið 2022. Í Kína glíma framleiðendur auk þess við skort á mannafli vegna mikillar tíðni Covid-smita.

Þessi skortur á örgjörvum kemur ekki bara niður á bílaframleiðendum, því tölvuframleiðendur eru ekki síður í vanda vegna þessa. Þannig tefur þetta mjög fyrir framleiðslu á fartölvum, farsímum, myndavélum og fleiru.

Spyrja má hvort notkun íhluta úr þvottavélum leiði til þess að bílar eins og Audi, Toyota eða Tesla fái undirnöfn eins og Turbo Washing Machine eða eitthvað álíka. */HKr.*

Vegagerð getur tekið á sig margvíslegar myndir víðar en á Íslandi:

Músabrúin við Svendborg á Fjóni sem mýsnar vilja ekki nota

Umhverfissjónarmið hafa haft undarleg áhrif á vegagerð í fleiri löndum en Íslandi. Þrátt fyrir mikla uppfinningasemi í þeim efnum hér á landi, má telja nokkuð víst að frændur okkar Danir slái okkur rækilega við í frumleika.

Hér á landi þekkja flestir dæmin um deilur vegna vegagerðar um Teigskóg, vegar yfir Gilsfjörð, uppbyggingu vegar við Þingvelli og um Gjábakkahraun, sem átti m.a. að leggja lífríkið í Þingvallavatni í rúst. Frændur okkar Danir hafa ekki heldur farið varhluta af slíkum deilum, en þar upphófust fyrir mörgum árum harðar deilur um búsvæði „hasselmúsa“ eða heslimúsa (hazel dormouse) við vegagerð á Fjóni.

Danir hafa alla tíð lagt áherslu á að góðar samgöngur um landið væru lykillinn að afkomumöguleikum byggða. Þá er landið líka þannig staðsett að í gegnum það liggur vegtenging Noregs og Svíþjóðar við meginland Evrópu. Langt er síðan hraðbraut var lögð frá Kaupmannahöfn vestur fyrir Sjáland og Fjón og niður Jótland til Þýskalands. Nauðsynlegt þótti að tengja þessa hraðbraut með öðrum hraðbrautum við lykilborgir eins og Esbjerg á Jótlandi og Óðinsvé á Fjóni. Þá kom auðvitað líka upp krafa um sams konar tengingu við hafnarborgina Svendborg á Suðaustur-Fjóni við Óðinsvé. Var því ráðist í gerð 35 km hraðbrautar til norðurs frá Svendborg og fyrsta

Músabrúin var reist yfir Svendborg-hraðbrautina vegna kröfu dýraverndunarsinna árið 2008 og kostaði sem nam um 360 milljónum íslenskra króna. Var henni ætlað að opna leið fyrir heslimýs yfir þjóðveginn, en fram á sumarið 2021 er einungis vitað um eina mús sem sést hafði í myndavél á vappi við brúna. Mynd / HKr.

Þetta kort sýnir hvar Músabrúin er staðsett á Svendborg-hraðbrautinni, eða „mótorveginum“, á Fjóni í Danmörku.

skóflustunga tekin 2. október 2002. Fyrstu 19 km þessarar hraðbrautar voru opnaðir fyrir umferð 16. september árið 2006 en ekki var lokið við þessa vegagerð fyrr en í júní 2009.

Byggðu rándýra músabrú yfir hraðbrautina

Fljótlega eftir að lokið var við fyrsta áfanga vöknuðu áhyggjur af velferð heslimúsanna á svæðinu rétt norðan við Svendborg. Þessum músum svipar aðeins til okkar litlu hagamúsar, en eru þó með mikið og loðið skott. Þær vega um 17–20 grömm að vorlagi en þyngjast hressilega yfir sumarið, eða í 30–40

Heslumúsin er ekki stór og vegur mest um 40 grömm. Búsvæði hennar er í laufskógum víða um Evrópu.

grömm. Búsvæði þeirra er einkum í laufskógum víða í Evrópu og allt suður til Tyrklands.

Þótti músavinum ljóst að

Músabrúin yfir Svendborg- hraðbrautina á Fjóni er viðamikið mannvirki og mikil vinna var lögð í að reyna að koma upp gróðri á brúnni og runnum svo mýsnar gætu ferðast yfir brautina. Þær virðast þó lítt kunna að meta þessa fyrirhöfn og kostnað mannfólksins og halda sig víðs fjarri.

hraðbrautin skæri búsvæði músanna í tvennt. Ferðalög músanna á milli ættingja þvert yfir slíka umferðarmikla hraðbraut myndi því augljóslega geta valdið miklum skakkaföllum í músastofninum

Eftir margra ára japl, jaml og fuður var ákveðið að ráðast í gerð 20 metra breiðrar músabrúar yfir þessa fjögurra akreina hraðbraut til að tryggja samgönguleið fyrir heslimýsnar. Var brúarsmíðinni lokið 2008 og kostaði hún litlar 18 milljónir danskra króna, eða sem svarar um 360 milljónum íslenskra króna.

Engin músaumferð staðfest um brúna í 13 ár

Þegar brúarsmíðinni var lokið var fylgst af spenningi með ferðalögum músanna yfir brúna. Gallinn var bara að enginn varð var við að mýsnar nýttu sér að ferðast yfir sérhönnuðu músabrúna.

Var þá gripið til þess ráðs að koma fyrir margs konar gróðri á brúnni með ærnum kostnaði og með miklum erfiðleikum, til að gera hana vistlegri fyrir mýs, en allt kom fyrir ekki. Danska blaðið BT ræddi við yfirrannsakanda í ferðalögum músanna í september 2015. Hann heitir Thomas Bjørneboe Berg og starfaði þá hjá Naturama Svendborg. Sagði Thomas að erfitt væri að finna áþreifanlegar sannanir fyrir hreyfingum heslumúsarinnar í og við dýrabrúna.

Kostnaður aukinn og ráðist í runna- og trjárækt á brúnni

Frá vígslu árið 2008 höfðu verið vandamál með að halda lífi í gróðrinum á brúnni. Kom í ljós að heslimýs ferðast helst ekki á jörðinni eða um graslendi heldur ferðast þær mest í trjám frá grein til greinar eða frá runna til runna. Því þótti mikilvægt að gróðursetningin á brúnni tæki mið af því. Á árinu 2012 var ráðist í aukna gróðursetningu á brúnni og þar sett niður 600 tré og runnar fyrir heslimýsnar. Þrátt fyrir þessar aðgerðir sást ekki ein einasta mús fara yfir þetta rándýra sérhannaða mannvirki. Tilraunir til merkinga á músum svo fylgjast mætti með þeirra ferðalögum yfir brúna virðast heldur engan árangur hafa borið.

Taldi sérfræðingurinn því ljóst að leggja þyrfti aukna vinnu og fé í rannsóknir á ferðalögum músanna yfir hraðbrautina sem enginn gat staðfest. Það var svo loks í ágúst 2021 sem ein mús sást í fyrsta sinn í myndavél gera sig líklega til að nota brúna sem þá var orðin 13 ára gömul. */HKr.*

HECHT 5166 Rafmagnshlaupahjól
20km drægni hámarkshraði 25km, ber allt að 100 kg, vegur 10,8 kg, 8"dekk.Tilboðsverð 39.000 kr.

HECHT COCIS BLACK Rafmagnsbifhjól
Götuskráð fyrir 15ára og eldri fer allt að 60 km á hleðslu. Hámarkshraði 45km. Verð 249.000 kr.

HECHT SENTINEL Viðarkolagrill
Grillið er hægt að nota bæði til að reykja og grilla allan mat. Verð 49.900 kr.

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

Járn, mottur og allt til járnabindinga

Hafðu samband
og við finnum lausn
sem hentar þér!
534 1500

KAMBSTÁL

Allir aukahlutir
til á lager.
Sendum um
allt land.



Kambstál ehf • Íshellu 1 • 221 Hafnarfirði • 534 1500 • kambstal@kambstal.is • kambstal.is

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ

John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Wendel
Stofnað 1957

STAURAHAMAR
FRÁ HYCON

FRÁBÆRT VERKFÆRI
TIL AÐ REKA NIÐUR
GRIÐINGASTAURA

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is

LÍF & STARF

Trausti Hjálmarsson, sauðfjárbóndi í Austurhlíð, er formaður Deildar sauðfjárbænda:

Lykilþáttur að afurðaverð hækki

– Mikilvægi byggðar í sveitum landsins er nýjum stjórnarmeðlimi Bændasamtakanna hugleikið

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

„Sauðfjárbændur hafa unnið mjög athyglisvert ræktunarstarf frá aldamótum þar sem framleiðsla á hverja kind hefur aukist mikið. Það er út af fyrir sig risastórt skref í loftslagsmálum," segir Trausti Hjálmarsson, formaður Deildar sauðfjárbænda og stjórnarmeðlimur Bændasamtaka Íslands.

Trausti Hjálmarsson, sauðfjárbóndi í Austurhlíð í Biskupstungum, er formaður Deildar sauðfjárbænda og á liðnu Búnaðarþingi var hann kjörinn í stjórn Bændasamtaka Íslands.

Trausti og eiginkona hans, Kristín Sigríður Magnúsdóttir, búa í Austurhlíð ásamt fjórum börnum sínum á aldrinum 7–17 ára. Þar halda þau bú sem telur 630 vetrarfóðrað fé, 25 hross, þrjá hunda og 15 ára gamlan kött. Samhliða búskap hefur Trausti starfað við hin ýmsu störf, s.s. rúning, járningar, í kjötmati hjá SS og í girðingaverktöku. Kristín hefur verið í ferðaþjónustutengdum störfum.

Trausti er ættaður frá Langstöðum í Flóa og er menntaður búfræðingur frá Hvanneyri. „Landbúnaðartengd störf hafa alltaf togað í mig. Ég fór um sveitir að rýja fyrir bændur og kom hingað í Austurhlíð til að rýja fyrir foreldra Kristínar, þannig kynnist ég heimasætunni og upp úr því fórum við að hafa samskipti. Ætli við verðum ekki að sitja uppi með hvort annað úr því sem komið er."

Bújörð Austurhlíðar hefur verið í eigu fjölskyldu Kristínar í 300 ár. Hún telur 1.000 hektara og þar hefur verið stundaður ýmiss konar búskapur gegnum tíðina. „Hér hefur verið stundaður svínabúskapur og mjólkurframleiðsla, hrossarækt og sauðfjárrækt. Það er mikil ábyrgð að taka við slíkri bújörð og skila henni svo áfram en okkur þykir það spennandi verkefni."

Bændur eru nútímafólk

Trausti var kjörinn formaður Deildar sauðfjárbænda á Búgreinaþingi í mars og svo í stjórn Bændasamtakanna á nýliðnu Búnaðarþingi.

„Að vera í stjórn Bændasamtakanna fylgir því fyrst og fremst í mínum huga að sameina landbúnaðinn, alla bændur. Þar held ég að við séum á réttri vegferð, enda fann ég það á Búnaðarþingi. Það var algjörlega átakalaust þing og áherslurnar voru samhljóða: Fæðuöryggi og íslenskur landbúnaður í allri sinni mynd. Við þurfum að berjast fyrir bættum lífskjörum fólk sem er að starfa við landbúnað, alveg sama í hvaða grein það er. Því fylgir einnig að gæta hagsmuna dreifbýlis, samtökin þurfa að vera virk í samtali um byggðarmál og byggðarþróun."

Innri uppbygging Bændasamtakanna er honum einnig hugleikin. „Það skiptir máli að samtökin séu sterk inn á við gagnvart bændum og út á við gagnvart almenningi. Bændur þurfa að finna að þeir eigi samastað í félagskerfinu. Aðrir þurfa að sjá að bændur eru nútímafólk – og eru flottir. Verkefni Bændasamtakanna er að sýna fram á það."

Af lágu afurðaverði

Tæp 1.800 sauðfjárbændur eru starfandi á Íslandi í dag. Trausti segir fullan vilja og mikinn kraft í bændum til að halda áfram að framleiða lambakjöt.

„Þar er margt sem bendir til þess að sauðfjárbændur séu að standa sig mjög vel í alþjóðlegum samanburði," segir Trausti og vísar þar í skýrslu um Afkomu sauðfjárbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana. „Það eru verðmæti fyrir okkur sem þjóð að eiga svona góða og öfluga sauðfjárbændur. Við megum ekki tapa því niður."

Fjölskyldan í páskadagsreið í Haukadal 2022. Trausti, Egill Freyr, Sigríður Mjöll, Magnús Rúnar, Ingibjörg Elín og Kristín.

Ingibjörg Elín Traustadóttir á fullu að ganga frá plastendum á rúllum.

Vandamál greinarinnar liggja í lágu afurðaverði

„Við höfum því miður alltof lítil verkfæri og tæki til þess að takast á við afurðaverðsvandann. Sauðfjárbændur hafa gríðarlega mikla þekkingu og getu til þess að halda áfram að framleiða góða vöru. Við þurfum að einbeita okkur að því að koma afurðatekjunum í eitthvert eðlilegt ferli þannig að við getum staðið undir rekstrarkostnaðinum okkar, þá eru okkur allir vegir færir," segir hann og undirstrikar að vel flestir sauðfjárbændur þurfi að vinna utan búskapar til þess að standa undir lífsviðurværi sínu.

„Lykilverkefnið er að afurðaverð hækki, að við komumst á þann stað að rekstrareiningin kind geti verið rekstrarhæf með ákveðnum forsendum. Að það sé mitt val að vera með 600 kindur og vinna með, en það sé ekki þannig að ég verði að vinna með því eins og þetta er í dag."

Verkefnið sé brýnt. „Við höfum dregið úr framleiðslu síðustu árin í þeirri von að jafnvægi náist á milli framboðs og eftirspurnar. Við erum að anna innanlandsmarkaði vel í dag en með aukningu ferðamanna á næstu árum og ef okkur gengur vel að markaðssetja vöruna þá getum við hæglega lent í þeirri stöðu að vera ekki að framleiða nóg. Það væri mjög vond staða að lenda í. Eitt af þeim verkefnum sem Deild sauðfjárbænda verður því að einbeita sér að er hvernig við náum að verja framleiðsluvilja bænda til að framleiðslan fari ekki of langt niður með tilheyrandi kostnaði seinna við að byggja hana upp aftur."

Kerfislægur vandi

Lausnin er ekki augljós að mati Trausta. „Þetta er kerfislægur vandi sem ekki verður leystur nema að líta til allra þátta framleiðsluferlisins. Bændur eru búnir að vera að hagræða heima á búum mjög markvisst síðustu 20 árin. Breytilegur kostnaður er nánast sá sami öll þessi ár og við höfum aukið framleiðslu eftir kind sem gerir þetta hagkvæmara. En það vantar alltaf upp á að afurðaverðið sé í takt við þá hagræðingu.

Við höfum verið að horfa til þess að heimila afurðastöðvunum aukna samvinnu. Þar erum við að horfa á tækifæri upp á 1,5 milljarða, sem gæti skilað sér til bænda og neytenda. Afurðastöðvar þurfa að leita allra leiða, rétt eins og við, til að hagræða í sínum rekstri, þannig að þær geti greitt hærra skilaverð til bænda. Þá þarf verslunin einnig að skoða hvort hún geti hagrætt."

Jákvæðar loftslagsaðgerðir

Á síðastliðnum 5 árum hefur kindum í landinu fækkað um tuttugu prósent. „Sauðfjárbændur hafa unnið mjög athyglisvert ræktunarstarf frá aldamótum þar sem framleiðsla á hverja kind hefur aukist mikið.

Það er út af fyrir sig risastórt skref í loftslagsmálum. Ég held að bændur hafi nú þegar framkvæmt margar jákvæðar loftslagsaðgerðir ómeðvitað, en verið kannski fyrst

og fremst að hugsa um sinn búrekstur. En þær ákvarðanir fela í sér loftslagslegan ávinning.“

Mikilvægi smærri búa

Talið berst að þróun sauðfjárræktar næstu árin. Um leið og augljóst sé að einhverjir bændur muni hætta búrekstri og önnur bú sjá hagræðingu í stækkun muni þróunin hennar aldrei vera sambærileg við nautgripabúskap, að sögn Trausta.

„Olíkt kúabúum þurfa sauðfjárbú hlutfallslega meira landrými. Við þurfum að hafa vorbeit fyrir féð þegar það fer út, uppskera sama land til heyöflunar og beita aftur að hausti áður en lömb fara til slátrunar. Ef bú eiga að fara út í stærðarhagræðingu þá þurfa þeir bændur að geta keypt jarðir til að auka við sig. Ég sé það ekki í hendi mér að fjöldi bænda geti farið í þá vegferð. Það er alltaf að þrengja að landbúnaðarlandi, jarðir eru oft í eigu aðila sem eru ekki með búsetu þar. Því hefur þrengt mjög að möguleikum bænda að bæta við sig jarðnæði. Einhverjir eru samt að því, sem betur fer.

Það er mjög mikilvægt að halda smærri búum í rekstri. Þau eiga alltaf sinn fjölþætta tilverurétt; þau styrkja sveitirnar og þann félagslega kraft sem er í bændum. Á mörgum svæðum eru stærri búin ekki síður háð því að hafa þessi minni með til þess að það sé bara mannskapur til smölunar, til að viðhalda grunnþjónustu, að það séu börn í skólum og félagslífið í sveitinni sé virkt svo eitthvað sé nefnt.“

Hann vill einnig taka beitarumræðuna fastari tökum.

„Það er virkileg þörf og nauðsyn að lægja öldurnar varðandi beit. Við þurfum að geta rætt þetta án öfga og fullyrðinga. Landgræðslan verður að geta bent bændum á lausnir og bændur verða að geta bent Landgræðslunni á lausnir. Bændur hafa stytt beitartímann, fé hefur fækkað og það er því margfalt minna álag á þessi lönd en var.

Langfæsta sauðfjárbændur skortir meiri vinnu að sögn Trausta, enda flestir í öðrum störfum utan búrekstrar.

Trausti og Kristín búin að handsama lambhrút.

Öxl frá Austurhlíð.

Landið er í framför og bændur hafa litið þannig á að beit teljist sjálfbær svo lengi sem landið sé í framför. Hins vegar er nauðsynlegt að bændur og Landgræðslan komi sér saman um stefnu og áætlun sem hægt er að vinna að saman. Við eigum að nýta sameiginlega hagsmuni okkar til góðra verka.“

Spennandi genasamsetning

Riðuveikin var mál málanna á tveggja daga Fagþingi sauðfjárræktarinnar sem haldið var á Hvanneyri í byrjun mánaðarins. „Það er alveg ótrúlegt að upplifa þennan kraft í tengslum við nýja uppgötvun ARR gensins í Þernunesi og svo mögulega verndandi arfgerð T137, sem er mjög spennandi eiginleiki líka. Við megum aldrei gera lítið úr þeim aðgerðum sem hefur verið farið í gegnum tíðina. Þær hafa skilað ákveðnum árangri.

Ekki þó þannig að við séum búin að útrýma riðunni. Þær ákvarðanir voru allar teknar eftir bestu vitund fólks á þeim tíma. Nú erum við komin með nýjar upplýsingar.

Bændur geta ekki beðið eftir að fara að rækta riðunæmið út úr stofninum. Það er mikill hugur í þeim að byrja strax í haust, fá þessa tilteknu hrúta inn á sæðingastöð og svo í framhaldi að setja upp ræktunarplan og stefnu. Við erum öll að fara af fullum krafti í það.“

Þurfa ekki meiri vinnu

Í fyrra var sauðfjár- og geitabændum í fyrsta sinn heimilt, samkvæmt reglugerð, að slátra heima. Fáir bændur nýttu sér hins vegar leyfið. Trausti segir augljósa ástæðu þessa.

„Það skortir langfæsta bændur meiri vinnu. Þá skortir frekar auknar tekjur. Það er gríðarlega mikilvægt að kerfið kringum heimaslátrunina og vinnslu afurða heima á býli sé með þeim hætti að sjái fólk sér tækifæri í að gera þetta, það sé þá einfalt og auðvelt. Þetta er nýtt fyrir okkur og við eigum eftir að sjá hvert þetta getur leitt. En í grunninn er það þannig að fæstir bændur hafa haft tíma til þess að sinna þessu. Þeir eru bara í öðrum störfum.“

IceCom
Íslenska fjarskiptafélagið

Ertu þú með fjárgæslu í sauðburðinum ?

Eigum tilbúnar myndavélalausnir sem sniðnar eru að þörfum bænda.

Tími sauðburðar er að hefjast því er fjargæsla í fjárhúsum oft mikil hagræðing.

Myndavélarnar er hægt að nota með snjallsíma, spjaldtölvu eða venjulegri heimilistölvu.

Myndavélarnar eru hreyfanlegar og rakaheldar, einnig eru þær með IR næturlýsingu og sjá vel í lítilli birtu.

Lausnirnar eru sniðnar af þínum þörfum og afhentar tilbúnar til uppsetningar.

Heyrðu í okkur í síma 4144400 eða sendu póst á sala@icecom.is

Við finnum lausnir sem hentar þér.

LÍF & STARF

Ungmennasamband Eyjafjarðar 100 ára

– Saga ungmennafélagsins er nátengd byggðasögu Eyjafjarðar

Ungmennasamband Eyjafjarðar, UMSE, fagnaði 100 ára afmæli sínu með hófi í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit fyrr í apríl en félagið var stofnað á Akureyri 8. apríl árið 1922.

Flutt voru ávörp, ungmennafélagsfólk heiðrað fyrir mikilvæg störf fyrir sambandið og ungmennafélagshreyfinguna og þá voru sambandinu færðar gjafir. Í tilefni af 100 ára afmælinu gaf sambandið út afmælisrit þar sem stiklað var á stóru í hundrað ára sögu þess. Ritstjóri þess er Óskar Þór Halldórsson, en ritið er tæpar 200 blaðsíður í A4 broti.

UMSE hét í fyrstu Héraðssamband ungmennafélaga Eyjafjarðar, skammstafað HUMFE, en fjórum árum síðar var nafninu breytt í Ungmennasamband Eyjafjarðar. Tólf félög stóðu að stofnun sambandsins en aðeins tvö þeirra, Ungmennafélag Svarfdæla á Dalvík og Ungmennafélagið Reynir á Árskógsströnd, eru enn starfandi. Auk þeirra eru aðildarfélög UMSE; Golfkúbburinn Hamar í Dalvíkurbyggð, Blakfélagið Rimar í Dalvíkurbyggð, Sundfélagið Rán í Dalvíkurbyggð, Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður í Svarfaðardal, Hestamannafélagið Hringur í Dalvíkurbyggð, Skíðafélag Dalvíkur, Ungmennafélagið Smárinn í Hörgársveit, Ungmennafélagið Samherjar í Eyjafjarðarsveit, Miðgarður – aksturíþróttafélag í Dalvíkurbyggð, Hestamannafélagið Þráinn í Grýtubakkahreppi og á Svalbarðsströnd, Ungmennafélagið Æskan á Svalbarðsströnd og Hestamannafélagið Funi í Eyjafjarðarsveit.

Hundrað ára afmælishóf UMSE var haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit fyrr í þessum mánuði.

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, var ein þeirra ungmennafélaga sem hlaut gullmerki UMSE í afmælishófi sambandsins. Hún hefur verið ötul í starfi íþróttafélaga á svæðinu og var framkvæmdastjóri fyrsta Unglingalandsmóts UMFÍ, sem var haldið á Dalvík árið 1992.


1965

ÁST OG MISSKILNINGUR

GAMANLEIKUR Í 3 ÞÁTTUM

eftir

RIEMANN og SUIART

Þýðandi: Emil Thoroddsen

Leikstjóri: JÚLÍUS ODDSSON

Leiklist hefur í gegnum tíðina verið öflug á sambandssvæði UMSE. Aðildarfélög sambandsins stóðu fyrir leikuppfærslunum en árið 1965 stóð UMSE sjálft fyrir því að setja upp gamanleikinn Ást og misskilning.

Böggvisstaðafeðgar skipuðu lengi sigursæla briddssveit Ungmennafélags Svarfdæla á Dalvík. Frá vinstri: Jón Jónsson, Gunnar Jónsson, Stefán Jónsson og Jón Jónsson.

Dalvískir skíðamenn á skíðamóti UMSE á Dalvík árið 1967. Frá vinstri: Þorsteinn Skaftason, Heiðar Árnason, Baldur Friðleifsson og Stefán Steinsson.

Fræknir UMSE-blakarar líklega veturinn 1972–1973. F.v.: Ómar Ingason, Jón Steingrímsson, Gunnar Jónsson, Aðalsteinn Bernharðsson, Hreiðar Steingrímsson, Tryggvi Tryggvason, Friðrik Steingrímsson, Friðrik Snorrason og Ragnar Daníelsson.

Fjöregg félagslífsins hinna dreifðu byggða

Saga UMSE í hundrað ár er nátengd byggðasögu Eyjafjarðar. Ungmennafélögin voru fjöregg í félags- og menningarlífi hinna dreifðu byggða í Eyjafirði, eins og annars staðar á landinu. Í kringum starfsemina er merkileg saga kringum félagsmál og þá hefur frumkvöðlastarfsemi alla tíð einkennt UMSE. Sem dæmi má nefna að Unglingalandsmót UMFÍ, sem er af mörgum talin skautfjöðurin í starfi UMFÍ, var stofnað og fyrst haldið af UMSE, á Dalvík 1992, en þar var hugsjónafólk á ferð sem tók af skarið.

Spegilmynd af fjölbreyttri starfsemi má glögglega sjá í 100

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÆ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Björgvin Björgvinsson, skíðamaður frá Dalvík, er einn af mestu afreksmönnum UMSE frá upphafi. Hann var í tíu ár kjörinn íþróttamaður UMSE.
Mynd / Guðmundur Jakobsson

Ungmennafélagshreyfingin var langt fram eftir tuttugustu öldinni skipuð körlum í flestum trúnaðarstöðum. UMSE var stofnað 1922 en Emilía Baldursdóttir í Eyjafjarðarsveit, var fyrst kvenna til þess að sitja í aðalstjórn/varastjórn UMSE. Hún var í varastjórn 1969–1970 og ritari aðalstjórnar UMSE starfsárið 1973–1974. Hér er hún á ársþingi UMSE með Birgi Þórðarsyni gjaldkera, Hauki Steindórssyni formanni og Vilhjálmi Björnssyni meðstjórnanda.

Ungir knattspyrnumenn í Ungmennafélagi Svarfdæla. Aftari röð frá vinstri: Benedikt Hilmarsson, Þórólfur Antonsson, Guðmundur Björnsson, Björn Þór Árnason, Jón Ingi Björnsson og Kristján Þór Júlíusson. Fremri röð frá vinstri: Gunnar Jónsson, Björn Friðþjófsson, Jón Emil Gylfason, Stefán Ægisson og Hermann Jón Tómasson.

ára afmælisriti sambandsins. Þar er greint frá ýmsu sem hæst hefur borið í starfsemi UMSE og ungmennafélaganna síðustu hundrað árin og kennir margra grasa en starfsemin er afar fjölbreytt, íþróttir, leiklist, skógrækt og sumarbúðir svo dæmi séu tekin.

Fjöldi viðtala við þá sem komu við sögu

Í ritinu er fjöldi viðtala við þá sem komu við sögu, t.d. Björgvin Björgvinsson skíðamann, Jón Sævar Þórðarson, frjálsíþróttaþjálfara og fyrrum framkvæmdastjóra UMSE, Snjólaugu Vilhelmsdóttur frjálsíþróttakonu, Aðalstein Bernharðsson frjálsíþróttamann, Svein Jónsson fyrrverandi formann UMSE, Stefán Árnason frjálsíþróttamann, Guðmund Búason skákmann, Stefán Sveinbjörnsson, briddspilara á Svalbarðsströnd, Björn Friðþjófsson, knattspyrnu- og félagsmálafrömuð á Dalvík og marga fleiri. Helstu málefnin sem brenna á UMSE þessa dagana er að greina og sporna gegn brottfalli í kjölfar Covid, breytt heimsmynd og möguleg koma flóttafólks inn í hreyfinguna og almenn lýðheilsa.

Afmælisritið er öllum áhugasömum aðgengilegt á rafrænu formi á heimasíðu UMSE en einnig er hægt að fá ritið í prentuðu formi endurgjaldslaust hjá sambandinu.

Formaður UMSE er Sigurður Eiríksson, Eyjafjarðarsveit en framkvæmdastjóri Þorsteinn Marinósson. */MÞÞ*

LANDBÚNAÐARRANNSÓKNIR

Sjálfbær áburðarframleiðsla – heildstæð nálgun á hringrásarhagkerfi:

Mikið af næringarefnum enn ónýtt

– Greining á magni lífrænna áburðarefna á Íslandi og tækifæri til aukinnar nýtingar

Heildarmagn þeirra næringarefna sem er að finna í lífrænum úrgangi sem fellur til á Íslandi er álíka mikið og í innfluttum áburði.

Það þýðir þó ekki að öll þessi næringarefni séu tiltæk plöntum líkt og tilbúinn áburður en tækifæri liggja í aukinni nýtingu á fiskeldisseyru, sláturúrgangi og alifuglaskít.

Íslenskur landbúnaður er háður innfluttum tilbúnum áburði og skapar hækkandi áburðarverð mikla ógn. Til glöggvunar hefur heildarmagn innflutts áburðar verið að meðaltali um 16.000 tonn á ári af hreinum áburðarefnum á síðastliðnum áratug.

Ef hægt er að nýta betur úrgang og hliðarafurðir til að koma næringarefnum þeirra inn í hringrásarkerfi er mögulegt að draga úr innflutningi á tilbúnum áburði að einhverju leyti.

Þessi áskorun er viðfangsefni rannsóknar- og nýsköpunarverkefnisins Sjálfbær áburðarframleiðsla – heildstæð nálgun á hringrásarhagkerfi, sem unnið er með aðkomu fjölda stofnana og fyrirtækja á sviði landbúnaðar, líf- og efnafræði, verkfræði og matvælafræði. Ein afurð verkefnisins er nýútgefin skýrsla frá Matís, „Greining á magni lífrænna áburðarefna á Íslandi og tækifæri til aukinnar nýtingar“. Jónas Baldursson, verkefnastjóri hjá Matís, er aðalhöfundur hennar.

Í skýrslunni má finna samantekt á magni þeirra lífrænu hráefna sem fellur til hér á landi og næringarinnihald þeirra miðað við bestu fáanlegu upplýsingar. Einnig er efnið sett í samhengi við kolefnisspor.

Ein helsta hindrun þess að molta er lítið notuð í landbúnaði er flutningskostnaður.

Kúamykja vel nýtt

Mykja frá nautgripum er stærsta uppspretta búfjáráburðar á Íslandi, en hún gaf 48.578 tonn af þurrefni á ári skv. skýrslunni. Á meðan gaf sauðfé 23.068 tonn, alifuglar 9.336 tonn, svín 5.664 tonn, hross 918 tonn og minkar 429 tonn af þurrefni á ári. Kúamykja er að öllu leyti nýtt í dag við túnrækt. Uppruni næringarefna hennar er þó að mestu leyti úr innfluttum tilbúnum áburði og innfluttu kjarnfóðri. Það sama má segja um svín og alifugla.

Jónas telur fiskeldisseyru og sláturúrgang spennandi áburðargjafa með tilliti til næringarefna. Í skýrslunni kemur fram að um 7.929 tonn af þurrefni af fiskeldisseyru falli til á ári en aðgengi að henni sé mjög takmarkað. Henni er í dag veitt að miklu leyti í sjóinn þrátt fyrir að vera nýtanleg.

„Fiskeldisseyra getur innihaldið salt sem ekki er æskilegt í áburði í miklu magni, sérstaklega ef saltblönduð seyra er notuð á sama stað ár eftir ár. Hægt er að gera ráðstafanir eins og að skola út salti en með slíkri meðhöndlun er fyrirséð að einhver næringarefni tapast,“ segir Jónas. Auk þess fellur mikið af slógi til við fiskvinnslu. Það er

Jónas Baldursson, verkefnastjóri hjá Matís.

nýtt ýmist brætt, fryst eða notað sem fóður fyrir mink. Stór hluti fer einnig í sjóinn. Útreiknað magn slógs úr fiski var 10.674 tonn af þurrefni á ári samkvæmt skýrslunni. Ef nýta ætti slóg meira sem áburð þyrfti að gera töluverðar ráðstafanir um borð í veiðiskipum til að landa slóginu.

Enn sem komið er er meiri ávinningur fólginn í að vinna slóg til fóðurgerðar, en með auknum kostnaði tilbúins áburðar gæti vinnsla slógs til áburðar orðið hagkvæm. Um 10 þúsund tonn af flokkuðum matarúrgangi falla til frá eldhúsum og verslunum og er stærstur hluti hans jarðgerður í dag. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að magnið sé 65.450 tonn af þurrefni á ári.

Kjötmjöl góður áburður

„Miðað við hvað kjötmjöl er góður áburður, þá er hálfótrúlegt að ekki skuli vera nýtt hærra hlutfall sláturúrgangs á landsvísu í kjötmjölsframleiðslu,“ segir Jónas, en útreiknað magn kjötmjöls samkvæmt skýrslunni er 900 tonn af þurrefni á ári. Kjötmjöl er framleitt úr sláturúrgangi. Leyfilegt er að nýta dýraúrgang, en með takmörkunum vegna smithættu. Jónas segir að með betri flokkun á sláturúrgangi sé hægt að nýta meira magn í framleiðslu á kjötmjöli.

Þá falla til um 3.917 tonn af þurrefni seyru á ári á Íslandi miðað við forsendur sem skýrsluhöfundar gefa sér. Einnig tiltekur skýrslan magn á dýrahræjum, slátur- og fiskúrgangi auk leifa frá brennslu og hitasundrun úrgangs. Hins vegar er óvissa um hversu stór hluti þess er nýtanlegur sökum heilbrigðissjónarmiða.

„Það er nokkuð ljóst að í úrgangi leynast verðmæti sem vert er að nýta þó að áskoranirnar um hvernig koma megi honum á sem best nýtanlegt form séu misstórar. Það er ekki eins og það sé beinlínis hægt að taka ferskan kúk og smyrja honum á tún eins og nutella á skonsu, ef þú veist hvað ég á við. Fyrir það fyrsta eru heimtur saursins ekki á föstu formi og þar að auki er hráefnið gjarnan blandað öðrum efnum sem geta verið beinlínis mengandi. Vinnsluferli og reglugerðir eru því eðlilega afar ólík fyrir mismunandi úrgang,“ bendir Jónas á.

Þó einhverjar tölur séu til um hversu mikið af magni úrgangs sé nú þegar nýtt sé mjög erfitt að fá nákvæmar tölur. „Búfjáráburður er að mestum hluta nýttur en varðandi annan úrgang er erfitt að segja. Lítið sem ekkert af seyru er notað og fiskeldisseyran er enn á tilraunastigi. Einnig hefur lítið farið fyrir notkun á moltu í jarðrækt en þó er einhver aukning ár frá ári,“ segir Jónas.

Fosfór fæst mögulega úr fiskeldisseyru

Auk þess að greina magn þess lífræna úrgangs sem fellur til á Íslandi tiltekur skýrslan magn næringarefna frá þessum úrgangi eftir bestu mögulegum gögnum um slíkt. Byggja niðurstöður að nokkru leyti á efnagreiningum en einnig á innlendum og erlendum heimildum.

Útreikningarnir sýna að magn niturs í þeim lífræna úrgangi sem fellur til hér á landi er 8.411 tonn, 1.756 tonn af fosfór og 3.886 tonn af kalí.

Magn áburðarefnanna sem féll til hér á landi árið 2019 var því 14.053 tonn, en á sama tíma fluttum við inn 14.480 tonn af hreinum áburðarefnum í formi tilbúins áburðar. Það magn skiptist niður í 10.600 tonn af nitri, 1.480 tonn af fosfór og 2.380 tonn af kalí.

Þar sem fosfór er hverfandi auðlind sem tekin er úr sértækum námum í dag felst mikið kappsmál í að finna leiðir til að veita næringarefninu aftur inn í hringrásina. Í skýrslunni er bent á að þar gæti fiskeldisseyran leikið lykilhlutverk. „Með frekari tækniþróun við söfnun fiskeldisseyru má áætla að hægt sé að ná hærra hlutfalli fosfórs,“ segir í skýrslunni.

Kolefnisspor og kostnaður

Útreikningar á kolefnisspori og kostnaði við notkun mismunandi áburðartegunda sýna mikinn breytileika milli áburðategunda. Ræðst það mjög af flutningsvegalengdum hversu hagkvæmar þær eru í notkun. Vatnsmikill úrgangur sem hefur lágan styrk næringarefna er óhagkvæmur miðað við þurrari og næringarríkari úrgang.

Samkvæmt skýrslunni er nýting

Áburður í akuryrkju og landgræðslu

- Tilvitnun úr skýrslunni

Áburður er undirstaða allrar akuryrkju í heiminum og langstærstur hluti akuryrkju er keyrður áfram með notkun tilbúins áburðar.

Uppistaðan í tilbúnum áburði eru nitur (N), fosfór (P), kalí (K), kalk (Ca) og brennisteinn (S) auk fjölmargra snefilefna. Hlutföllum efnanna er hagað á misjafnan hátt þannig að þau nýtist best þeirri ræktun sem unnið er að, en þarfir ræktunarplantna eru misjafnar. Áburðarfræðin í akuryrkju gengur út á að mata akurlendið með næringarefnum sem síðar eru fjarlægð við uppskeru. Hringurinn er stuttur og endurtekur sig við hverja uppskeru. Mikilvægt er að „mata“ landið með réttu næringarefnunum áður en næsta ræktun á sér stað. Ef þetta er ekki vandað, verður uppskeran rýr. Í landgræðslu horfir þetta aðeins öðruvísi við, því við endurheimt vistkerfa er verið að stýra og hraða náttúrulegri framvindu með áburðargjöf en engin uppskera er fjarlægð. Áburðargjöf í landgræðslu er því til lengri tíma en í akuryrkju til styttri tíma. Þess vegna eru kröfur til áburðarins í landgræðslu aðrar, s.s. að nota seinleystan áburð, öfugt við akuryrkju.

Mykja frá nautgripum er stærsta uppspretta búfjáráburðar á Íslandi og er að öllu leyti nýtt í dag við túnrækt.

rýrari úrgangs dýrari og með stærra kolefnisspor en tilbúinn áburður. En ef niturinnihald lífræns áburðar er að lágmarki 3% og flutningsfjarlægð stutt getur slíkur áburður verið hagkvæmur fyrir loftslagið og fyllilega samkeppnishæfur við tilbúinn áburð. „Hænsna- og kjúklingaskítur kemur mjög vel út í samanburði við innfluttan tilbúinn áburð, kostnaðarlega séð, og hefur nokkuð lægra kolefnisspor en tilbúinn áburður,“ bendir Jónas á.

Tækifæri og tillögur

Greining Matís bendir til þess að heildarmagn næringarefna í þeim lífræna úrgangi sem fellur til hér á landi sé álíka mikið og í innfluttum áburði. Langmest af næringarefnunum er að finna í búfjárúrgangi og er hann almennt nýttur heima á bæjum í jarðrækt.

Úrgangur úr eldisdýrum gefur mikið magn næringarefna og er alifuglaskítur t.a.m. þurrari en annar búfjárúrgangur. Hann er næringarríkur og hefur lágt kolefnisspor. Er nýting hans því bæði hagkvæm og umhverfisvæn og er mælt með að leggja kapp á að nýta hann bæði í landgræðslu og landbúnaði.

Þá telja skýrsluhöfundar mikla möguleika í frekari nýtingu á fiskeldisseyru enda er búist við að magn þess fari vaxandi næstu misseri. Hún sé rík af nitri og fosfór og með réttri vinnslu hennar gæti hún nýst vel.

Skýrsluhöfundar benda á að flestar hindranir sem koma upp við aukna nýtingu á lífrænum úrgangi tengjast kostnaði. Þannig sé nýtingu næringarefna úr skólpi til að mynda ábótavant þar sem nýtingin er lítil sem engin. Mikil næringarefni eru í skólpi sem alla jafna er veitt í hafið. Hins vegar vantar innviði fráveitu og skólphreinsunar til að hægt sé að safna næringarefnum, en þau gætu nýst í landgræðslu.

Kjötmjöl hefur mest verið nýtt í landgræðslu og skógrækt en minna í jarðrækt vegna þess að það er seinleyst og hefur því mest áhrif 2-3 árum eftir dreifingu. Ein helsta hindrun þess að molta er lítið notuð í landbúnaði er flutningskostnaður. Molta er ekki sterkur áburður og því þarf mikið magn til að ná fram áhrifum. Skýrsluhöfundar segja þó moltu vannýtt hráefni sem mætti nýta meira og víðar.

Áframhaldandi tilraunir

Í sumar munu starfsmenn Landbúnaðarháskólans framkvæma aðra tilraun með svipuðu sniði og síðasta sumar þar sem mismunandi hráefni og blöndur af hráefni verða prófaðar. „Einnig verður haldið áfram að fylgjast með gróðurframvindu hjá Landgræðslu en áhrif í uppgræðslu má oft sjá síðar heldur en í akuryrkju.

Síðan erum við að skoða mismunandi formeðhöndlun á lífrænum úrgangi til að gera hann meðfærilegri,“ segir Jónas. */ghp*

SKERPIR ATHYGLI,
EYKUR ÞOL,
ÓMISSANDI Í
SAUÐBURÐINN
FÆST Í FJARÐARKAUPUM, APÓTEKI VESTURLANDS,
REYKJAVÍKURAPÓTEKI OG Á NETINU - WWW.LYFJAVER.IS

Ingersoll Rand
LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
Við bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.
Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.
Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.
Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar
í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

Lely Center Ísland
Landbúnaðarleikföng

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

BETRA START
MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM
Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

EXIDE TECHNOLOGIES
olís
Vinur við veginn
Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

LÍF & STARF

Svava Hrönn Guðmundsdóttir er nýr formaður Samtaka smáframleiðenda matvæla:

Vörurnar orðnar sýnilegri og aðgengilegri neytendum

– Samtökin hafa á tveimur árum náð góðum árangri í hagsmunabaráttu sinni en berjast enn fyrir einfaldara regluverki

Lyfjafræðingurinn og sinnepsframleiðandinn Svava Hrönn Guðmundsdóttir er nýr formaður Samtaka smáframleiðenda matvæla. Hún framleiðir undir vörumerkinu SVAVA sinnep og hefur verið viðloðandi samtökin frá því að undirbúningsvinna að stofnun þeirra hófst um haustið 2019 og varaformaður frá stofnun þeirra í nóvember sama ár.

„Ég tel stöðu og horfur fyrir samtökin mjög góðar. Þau hafa náð miklum árangri á þeim rúmu tveimur árum sem þau hafa starfað og haft jákvæð áhrif á orðræðuna og þá mynd sem fólk hefur af smáframleiðendum. Félagsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt og eru nú að nálgast 200. Þetta er því orðinn stór, öflugur og fjölbreyttur hópur sem mark er tekið á. Tæpur helmingur er á lögbýlum, um fjórðungur á höfuðborgarsvæðinu og tæpur þriðjugur í bæjarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins,“ segir Svava, spurð um hvernig framtíðin blasi við henni.

Oddný Anna Björnsdóttir framkvæmdastjóri og Svava Hrönn Guðmundsdóttir, nýr formaður Samtaka smáframleiðenda matvæla, á stofnfundi samtakanna. Mynd / smh

Gott gengi á stuttum tíma

Hún segir að samtökin hafi notið velgengni þennan stutta starfstíma – í raun framar vonum. „Á þessum stutta tíma höfum við náð að auka samstarf og samtakamátt smáframleiðenda matvæla um land allt. Við höfum fengið styrki og gert samstarfssamninga í fjölbreytt verkefni. Við höfum stundað öfluga hagsmunagæslu, skrifað margar umsagnir og stuðlað að breytingum á regluverki og má þar helst nefna útgáfu reglugerðar um svokallaða heimaslátrun eða örslátrun.

Þá höfum við þróað nýjar söluleiðir með matvörukeðjunum, eins og Matarbúrið í Krónunni og Heimabyggð Nettó og Kjörbúðanna og stuðlað að því að vörur félagsmanna séu teknar inn í vöruval verslana. Við höfum samið um betri kjör við þá aðila sem smáframleiðendur matvæla eiga gjarnan viðskipti við og gerðum sem dæmi tímamótasamning við Eimskip/Flytjanda í fyrra. Einnig höfum við unnið að því að auka þekkingu félagsmanna með því að halda örnámskeið og stóðum að Matsjánni ásamt landshlutasamtökum sveitarfélaga sem var 14 vikna námskeið fyrir félagsmenn, styrkt af Matvælasjóði en RATA sá um verkefnisstjórn. Eins höfum við þróað verkfæri eins og skapalón fyrir gæðahandbók og fleira til að styðja félagsmenn.“

Góð samskipti við félagsmenn

Oddný Anna Björnsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri samtakanna frá stofnun og segir Svava að félagsmenn geti leitað til hennar hvenær sem er, ef þá vanti ráðgjöf eða stuðning. „Samtökin beita sér fyrir þeirra hönd ef við á. Allt kapp er lagt á að miðla gagnlegum upplýsingum til félagsmanna í gegnum póstlistann okkar og lokaða Facebook-hópinn sem margir aðilar hafa nýtt sér sem þurfa að ná til þeirra.

Svo leggjum við okkur fram um að deila því sem félagsmenn eru að gera, bæði með félagsmönnum og neytendum og skrifum greinar og komum fram í fjölmiðlum til að koma hagsmunamálum okkar félagsmanna á framfæri.

Þann 7.–8. apríl stóðu samtökin og landshlutasamtökin að vel heppnaðri uppskeruhátíð og matarmarkaði á Hótel Laugarbakka í tilefni loka Matsjárinnar. Það var mikið fagnaðarefni því þetta er í fyrsta sinn sem við höfum getað skipulagt slíkan viðburð vegna Covid.“

Sinnep sem Svava framleiðir undir vörumerkinu SVAVA sinnep. Mynd / Aðsend

Einföldun regluverksins

Smáframleiðendur matvæla hafa gjarnan látið í sér heyra vegna þess að lög og reglur í kringum matvælaframleiðslu og -eftirlit virðist ekki gera ráð fyrir þeim sveigjanleika sem slíkir framleiðendur þurfa stundum á að halda til nýsköpunar og þróunar. „Já, einföldun regluverks er eitt af okkar helstu áherslumálum,“ segir Svava, spurð um hvort smáframleiðendur berjist enn að einhverju leyti við regluverkið.

„Við fórum þess á leit við matvælaráðherra á fundi okkar með honum í febrúar síðastliðnum að ráðuneytið fjármagni gerð skýrslu með tillögum að einföldun regluverks á sviði matvæla sem við myndum vilja verkstýra.

Í nýlegri umsögn okkar um áherslur og verklag matvælaráðuneytisins við stefnumótun á sviði matvæla lögðum við áherslu á að regluverk hamli ekki framþróun og nýsköpun og að í EES-löggjöfinni sé lögð áhersla á sveigjanleika og meðalhóf gagnvart smáframleiðendum. Við hvöttum ráðuneytið til að sjá til þess að rafrænt eftirlit verði notað á markvissan hátt, enda geti það sparað mikinn tíma og kostnað. Eins að þeir sem munu vinna eftir reglugerðunum og leiðbeiningunum sem þeim oft fylgja komi að því að semja þær eins og var gert í örsláturhúsamálinu svokallaða, sem gafst vel.“

Úrskurðarhópur um álitamál

Svava segir að þau telji að ákjósanlegt fyrirkomulag, vegna álitamála um eftirlitsmál sem kunna að rísa, væri þannig að þeir framleiðendur sem væru ósammála túlkun eftirlitsmanns ættu að hafa tök á að leita til úrskurðarhóps ráðuneytisins. „Um eins konar áfrýjunarnefnd væri að ræða, sérfræðingahópur sem væri ótengdur eftirlitsaðilum. Við lögðum jafnframt áherslu á að eftirlitskerfið yrði einfaldað og samræmt, en í dag er eftirlitið bæði í höndum ríkisstofnana og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga á tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Við teljum afar mikilvægt að eftirlitsaðilar annarra svæða geti ekki gert athugasemdir beint við framleiðendur eða viðskiptavini þeirra sem þegar eru komnir með leyfi frá eftirlitsaðila á sínu svæði. Heldur verði að taka þær upp á vettvangi heilbrigðiseftirlitsins.

Í dag er kerfið sett þannig upp að framleiðandi sem kominn er með leyfi getur lent í því að eftirlitsaðilar á hinum níu svæðunum geri ólíkar athugasemdir og jafnvel aðrir eftirlitsmenn innan sama svæðis.

Í umsögninni hvöttum við meðal annars til þess að regluverkið í kringum skelfisk- og þörungarækt verði endurskoðað sem í dag eru í raun „lög um bann við slíkri ræktun“ – eins og formaður Samtaka atvinnulífsins kallaði það í fréttum árið 2012.

Síðan þá hefur staðan einungis versnað og erfitt að nálgast innlendar afurðir vegna þessa „banns“.

Fjölgun félagsmanna

Svava segir að fyrir utan áherslurnar á breytingar á regluverkinu, fari starfsorkan næstu misserin í að halda áfram að vinna að því að styrkja og efla félagið með fjölgun félagsmanna. „Þá á ég til dæmis við aukaaðila sem eru þeir sem eru ekki smáframleiðendur sjálfir en styðja markmið samtakanna. Eins að umkringja okkur öflugu fólki með þekkingu og reynslu á sviði samtakanna í gegnum ráðgjafaráðið okkar og helstu samstarfsaðila.

Við munum halda áfram að sækja um styrki í mikilvæg verkefni og sinna þeim verkefnum sem eru viðvarandi og ég sagði frá áðan. Við höfum lagt til við ráðherra að í stjórn Matvælasjóðs sitji einnig fulltrúi matvælaframleiðenda frá SSFM og/eða Samtökum iðnaðarins, en í dag sitja þar eingöngu fulltrúar Bændasamtaka Íslands og SFS. Við lögðum einnig til við ráðherra að hann geri samning við samtökin um eflingu smáframleiðslu matvæla sem við teljum að geti skipt verulegum sköpum fyrir þróun smáframleiðslu matvæla hér á landi. Við erum samstarfsaðilar Matís í verkefni sem er styrkt af Matvælasjóði og gengur út á að búa til forrit sem gerir smáframleiðendum kleift að reikna út næringargildi, bæta hráefnum í ÍSGEM gagnagrunninn og útbúa vefbók með leiðbeiningum.

Við erum einnig að vinna að samstarfssamningi við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi um matvælaverkefni á Suðurlandi sem verður ýtt úr vör á næstunni.

Við hlökkum til Landbúnaðarsýningarinnar í haust en þar munum við vera með stóran bás ásamt félögum okkar í Beint frá býli þar sem hátt í fimmtíu félagsmenn munu geta kynnt vörur sínar yfir helgina. Matarbúrið í Krónunni mun halda áfram og við erum að þróa áfram Heimabyggð með Samkaup. Við munum halda áfram að semja um betri kjör fyrir okkar félagsmenn og finna leiðir til að auka þeirra þekkingu og færni.“

Sýnilegri og aðgengilegri vörur

Á síðustu misserum hafa vörur smáframleiðenda matvæla orðið sýnilegri og aðgengilegri í stórmörkuðum landsins. „Samstarfsverkefni eins og Matarbúrið í Krónunni og Heimabyggð Samkaupa hafa aukið áhuga landsmanna á vörunum og stuðlað að því að fleiri verslanir hafa lyft þeim upp, hver á sinn hátt. Neytendur sýna þeim einnig sífellt meiri áhuga, bæði með því að kaupa beint af framleiðendum, til dæmis beint frá býli, og leita eftir slíkum vörum í verslunum sem sérhæfa sig í að selja slíkar vörur eins og Me&Mu, eða vekja sérstaka athygli á þeim eins og Krónan, Samkaup, Hagkaup, Fjarðarkaup og fleiri hafa gert,“ segir Svava að lokum.

Með henni í nýkjörinni stjórn eru varaformaðurinn Þröstur Heiðar Erlingsson, frá Birkihlíð Kjötvinnsla, gjaldkerinn Auður B. Ólafsdóttir frá Pönnukökuvagninum, ritarinn Einar Iceman frá Aldingróðri og meðstjórnandinn Hrefna Valdemarsdóttir frá Fiskvinnslunni Hrefnu. /*smh*

BÆKUR & MENNING

Í húsi afa míns í endunýjun lífdaganna:

Lesning fyrir heilabilaða

Þegar ég setti saman bókina Í húsi afa míns sem kom út fyrir tólf árum, hvarflaði ekki að mér að hennar biði sérstakt hlutverk annað en að vera aldarspegill og skemmtilestur. Það er nefnilega farið að lesa úr bókinni ásamt úr viðbótarsögunni Í fótspor afa míns á hjúkrunarheimilum.

Líffæri okkar endast misjafnlega, þar með talið heilabúið. Annað getur svo bara verið í ágætu lagi. Einhvern veginn æxlaðist svo til að iðjuþjálfar fóru að lesa úr fyrrnefndum bókum fyrir fólk með heilabilun. Og margt af því virkaði sem var í bókunum og áheyrendur kveiktu á ýmsum vinnubrögðum og fyrirbærum sem tíðkast hafði í ungdæmi þeirra, svona um miðja síðustu öld eða ögn fyrr.



Finnborgi Hermannsson.

Afi minn, sem þessar bækur eru kenndar við, var nefnilega nítjándu aldar maður, fæddur 1881.

Foreldrar mínir voru frekar gamlir þegar ég fæddist, að minnsta kosti í samanburði við nútímann, mamma fædd 1913 og pabbi svo snemma sem 1910 og hann var því 35 ára þegar ég sá fyrst dagsins ljós suður á Landspítala.

Satt að segja hélt ég að þetta væri eitthvert bríarí með lestur úr bókum mínum fyrir heilabilaða en svo fylgdi þessu alvöruþungi. Suður í Hafnarfirði hafði verið lesið fyrir heimilisfólk úr Húsi afa míns en skyndilega hvarf bókin og þótti horfa til vandræða. Verkið löngu uppselt en fannst eintak vestur á fjörðum og bukkaði maður upp á einn daginn hér á Bakkaveginum og bað oss um að árita bókina. Hún skyldi fara til systur hans, forstöðukonu/manns fyrir því sama hjúkrunarheimili þaðan sem bókin hvarf. Svona var nú þetta. Ég lét ekki þar við sitja og lét prenta lítið upplag af fyrrnefndum tveimur bókum suður í Hafnarfirði og hafði með mér vestur í aftursætinu nú fyrir páskana. Þær eru til sölu og er Finnbogi þessi kostnaðarmaður eins og þetta hét í gamla daga. Auðvitað er það ánægjulegt að verk manns öðlist það nýja hlutverk að vera hjálpargagn fyrir sjúka og sorgmædda, svo maður sletti aðeins biblíumáli. En læt hér nótt sem nemur og gleðilegt sumar.

Finnbogi Hermannsson

CAT®
ALLAR STÆRÐIR
AF CAT RAFSTÖÐVUM
Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**

Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.
KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.

KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484

EIGUM TIL VÉLAR Á LAGER 90hp 26hp og 16hp
Solis 90 verð: 5.695.000+vsk 6.970.000+vsk með tækjum og skóflu
Eigum mikið úrval fylgihluta til á lager: Sturtuvagna, plóga, sláttuvélar, tætlur, ámoksturstæki, o.fl.o.fl

16 hp 1.250.000+vsk
26 hp frá 1.860.000+vsk
www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is S-4540050

Lely Center Ísland
ZETOR VARAHLUTIR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

SAGA MATAR & DRYKKJA

Vinsældir poppkornsins jukust mikið þegar bíómyndirnar komu til sögunnar og kvikmyndahúsin tóku að selja popp.

Mynd / Unsplash

Heitt poppkorn er hollt sælgæti!

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Svo hljóðaði auglýsing er birtist á síðu Morgunblaðsins í júlílok árið 1968 - en þá hafði poppkornsát verið að ryðja sér til rúms í nokkurn tíma.

Um það bil fjórum árum síðar gaf þýska grúppan The Fantastic Pikes út plötuna The Synthesizer Sound Machine – með laginu Popcorn, en á umslaginu gefur að líta bikiníklædda konu sitjandi í poppkornshrúgu.

Poppkorn var á þessum árum (og er reyndar enn) afar vinsælt fyrir skynfærin, augu, eyru og munn og man blaðamaður vel eftir þeirri gleði sem fyllti hjartað er foreldrarnir skrúfuðu tónlistina í botn og buðu upp á poppkorn í kjölfarið. Lagið var þó víst upprunalega samið af Gershon Kingsley nokkrum og kallað heimsins fyrsti singull raftónlistar.

Lagið Poppkorn hefur síðan haldið velli og verið flutt af aragrúa tónlistarmanna enda afar grípandi.En poppkorn á nú reyndar lengri sögu en spannar lífstíma blaðamanns.

Ævafornar minjar poppkornsáts

Í náttúruminjadeild Smithsonian-safns Bandaríkjanna má finna sýni er fundust við uppgröft fornleifafræðinga í Suður-Ameríku.

Um ræðir maískólfa, hýði og stilka frá því fyrir 6700–3000 árum síðan og er þetta elsta sýni er fundist hefur. Á uppgraftarsvæðum fornleifanna mátti svo finna merki þess að íbúarnir hefðu meðal annars neytt maíssins í formi poppkorns.

Loftslag svæðanna, nálægt borgunum Paredones og Huaca Prieta, er afar þurrt og nánast án regns – en slíkar aðstæður gera það kleift að fornleifar geta varðveist í afar langan tíma, sem útskýrir þessar leifar útblásins maísins. Poppkorn var að auki stór hluti menningar Suður-Ameríkuþjóða, þá sérstaklega hjá indíánaþjóðflokki Asteka sem notuðu það í tilbeiðsluathöfnum auk þess að bera höfuðfat, hálsmen og skraut gerðu úr poppkorni.

Til gamans má geta þess að ekki fyrir löngu fannst fjögur þúsund ára gamall maís í Nýju-Mexíkó sem hægt var að poppa! Ekki fylgdi þó sögunni hvernig bragðaðist. Aðrar sagnir herma að evrópskir landnemar er hófu búskap í Bandaríkjunum forðum daga hafi eitthvað misskilið stöðuna og fengið sér poppkorn til morgunverðar. Þá í skál, með rjóma, ávöxtum og helst sykri. Ekki er vitað hvort um íslenska landnema hafi verið að ræða.

Gegn krabbameini, til skreytinga, möguleikarnir eru endalausir

Poppkorn, sem er í raun trefjaríkt heilkorn maísplöntunnar, er annars afar hollt ef þess er neytt eitt og sér. Í því er afar mikið af andoxunarefninu pólýfenól sem þykir gagnast vel í baráttu við krabbamein en það má einnig finna í rauðvíni, dökku súkkulaði, ávöxtum og grænmeti svo eitthvað sé nefnt.

Þess má geta að til eru um 25 tegundir af maískorni en er sá maís sem poppast eitt afbrigði þess. Hlaut hann nafn sitt vegna hljóðsins sem myndast er maísbaunin springur.

Hér má sjá maískólf þann er fannst í S-Ameríku við uppgröft fornleifafræðinga.

Hún inniheldur um 14% vatns sem breytist smám saman í gufu eftir því sem hitinn eykst. Vegna harða hýðisins sem umlykur hana ummyndast sterkja hennar við hitun, þenst út og veldur því að hún „poppar“ með hvelli.

Vinsælt þótti og þykir enn, alveg frá árunum í kringum 1800, að nýta svo poppkorn í hátíðaskreytingar, enda bæði bjart og fagurt auk þess að vera skemmtilega lagað. Poppkornsauglýsingar skutu þó ekki upp kollinum fyrr en í kringum 1840 í Bandaríkjunum, og náðu hámarki í kringum 1860 er þýskir innflytjendur fundu upp á hinum skemmtilegu sætindum er kallaðar eru Cracker Jack. Þá er poppkornið sykur- og karamelluhúðað og sett í bréfpoka ásamt jarðhnetum.

Slagorð fylgdi í kjölfarið sem uppfinningamönnunum fannst tilvalið að fá einkaleyfi á en það hljóðar svo: *„The more you eat, the more you want!“* Að auki þótti móðins að kalla upp yfir sig *„Thats a crackerjack!“* ef mönnum fannst eitthvað af framúrskarandi gæðum.

Síðar, yfir ártugina, hafa svo allar þjóðir heimsins tekið sig til og blandað ýmsu í poppkorn sitt, nú eða húðað það utan. Má þar helst nefna ostapopp, en einnig er vinsælt að blanda í pokann rúsínukúlum, karamellukúlum, strá lakkrís, chili eða hvítlauksdufti yfir, kókosflögum, truffluolíu nú eða úða það sítrónusafa svo eitthvað sé nefnt.

Popcorn, áttunda lag plötunnar, eldist afar vel og hefur glatt mörg hjörtu.

„Thats a crackerjack!“

Einhverjir eru svo hrifnir af því að blanda við kornið hnetusmjöri eða hunangi en segja má að möguleikarnir séu óteljandi.

Eigandi sælgætisverslunar, Charles Cretors nokkur að nafni, fann svo upp fyrstu poppvélina á vagni ef svo má að orði komast og kynnti hana stoltur á heimssýningunni árið 1893. Nokkurt æði hófst um þessar stundir hvað varðaði poppkorn og tóku ljóðskáld sig til og ortu ljóð í miklum mæli um þetta ágæta snarl, samkvæmt vefsíðum er mæra sögu poppkorns.

Sóðalegt eða sæmandi?

Vinsældir poppkornsins jukust mikið þegar bíómyndirnar komu til sögunnar og kvikmyndahúsin tóku að selja popp – enda er poppkorn bæði afar ódýrt og skemmtilegt til átu. Framan af töldu eigendur kvikmyndahúsa í Bandaríkjunum þó poppkorn bæði sóðalegt og ekki háttvirtum bíógestum sæmandi þar sem yfirlætislegur bragur var á bíóferðum fyrst um sinn. Það breyttist þó í kreppunni í kringum seinni heimsstyrjöldina, en vegna almennrar fátæktar auk sykurskorts var ekki hlaupið að því að selja eins og menn vildu af gosdrykkjum og sætindum. Var þá tekið til þess bragðs að bjóða upp á blásinn maís sem seldur var á niðursettu verði en þó í smörtum umbúðum á borð við kramarhús. Upphaflega voru það þó götusalar sem stóðu fyrir poppkornssölunni, en þeir komu sér gjarnan fyrir fyrir utan kvikmyndahúsin og buðu upp á glaðninginn fyrir örfáar krónur og má segja að eigendur kvikmyndahúsanna hafi ekki séð sér annað fært en að stela hugmyndinni og gleðja gesti sína með hinu sama. Á örfáum árum þrefaldaðist þannig neysla Bandaríkjamanna á poppkorni.

Kemur sumum á óvart!

Poppkornsát okkar Íslendinga hóf sjálfsagt göngu sína á svipuðum tíma, en í dagbaðinu „Frjáls þjóð“, sem gefið var út í nóvember árið 1955, fjallar þar greinarhöfundur nokkur, húsmóðir, um kynni sína af „pop-cornsgerð“.

„Maður setur svolítið smjörlíki i pott (25 g. er meira en nóg, sé potturinn ekki mjög stór) og hitar það, síðan setur maður maís út i, ekki meira en botnfylli, og hlemm yfir pottinn. Eftir stutta stund byrja miklir smellir og skollir í pottinum, en varazt skyldi að taka hlemminn af til að forvitnast um, hvað sé að gerast, þá á maður á hættu að fá allt framan i sig. Hins vegar er gott að skaka pottinn dálítið til að hindra, að festist við botninn. Þegar smellirnir hætta, er potturinn tekinn af vélinni, og nú er óhætt að líta á matseldina. Ég hef sjaldan orðið eins hissa og þegar ég tók hlemminn af fyrsta pottinum – hann var sem sagt fullur, af, hvítu ilmandi poppkorni. Síðan er stráð salti yfir og etið!“

Vinsældir poppkorns urðu til þess að auglýsendur urðu að hafa sig alla við til að láta sér detta í hug skemmtileg tilbrigði þess.

Misbýður öðrum ...

Ekki voru þó allir jafn yfir sig hrifnir af poppkornsáti í bíósölum og Bandaríkjamenn. Í vikublaðinu Fálkanum, sem gefið var út í maí árið 1963, kemur fram kvörtun vegna þess í lesendadálki blaðsins. Þar finnst þeim er skrifar poppkornsát mikill ósiður sem eigendur kvikmyndahúsa ættu að taka fyrir.

„Það er óttalegt að heyra skrjáfið í umbúðunum, kjamsið, ropið og hikstana sem þessu fylgir. Og svo er það iðulega að maður heyrir ekki það sem leikararnir eru að segja vegna þessa hávaða. Að maður nú tali ekki um hvernig húsið lítur oft út eftir sýningar. Gólfið þakið þessum óþverra. Ég skrifa þetta bréf vegna þess hve mér hefur oft sárnað yfir góðri mynd út af þessu og vona að þú birtir þetta bréf því ég veit að margir eru mér sammála. **Stjáni.“**

Sá er dálknum svarar er svo hreint alveg á sama máli og aukreitis bendir viðkomandi á að einnig sé hvimleitt þegar fólk sé símasandi meðan á sýningunni stendur, eða sé á einhverju róli.

Örbylgjupoppið gleður

Nú, á heimsvísu, þegar poppkorn hafði fest sig í sessi sem misskemmtileg viðbót daglegs lífs urðu allt í einu afföll í sölunni. Sjónvarpið kom til sögunnar. Ekki leið þó á löngu áður en sala á maísbaunum rauk upp, enda fannst unnendum sjónvarpsgláps ekki verra að hafa eitthvað kunnuglegt að maula þegar horft var á skjáinn. Er örbylgjuofninn kom á almennan markað í kringum 1970 leið ekki á löngu þar til „örbylgjupopp“ svokallað var fundið upp. Eiga margir góðar þriggja mínútna minningar fyrir framan örbylgjuofninn er beðið var eftir því að baunirnar spryngju inni í pokanum og lykt af bráðnu smjöri í bland við salt fyllti vitin.

Þegar farið hefur verið léttilega yfir sögu poppkorns er óhætt að segja að vinsældir þess hafa hvergi dalað nú einhverjum þúsundum ára frá því að neysla þess hófst. Að auki ætti að hafa í huga hversu ríkt það er þeim efnum er minnka líkur á krabbameini – auk þess sem hægt er að gera sér sína eigin persónulegu blöndu, hvort sem viðkomandi hallast frekar að almennu ostapoppi eða einhverju meira framandi.

Örbylgjupoppkorn er alltaf jafn vinsælt.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Flugnanet Flugnanet
Nú er orðið tímabært að panta net fyrir glugga og hurðir, sumarið er handan við hornið!
Tíminn er fljótur að líða...
Upplýsingar
flugnanet@gmail.com www.ölfus.is sími 8959801

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði
Sláttuvélar & sláttuorf
40 ár á Íslandi
Sláttutraktorar
Snjóblásarar
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

Lensidælur
Gott úrval af lensidælum og rofum
Handvirkar, 600, 1100, 2000, 3500 og 4700 GPH
12V & 24V
SEAFLO BILGE PUMP
S. 666 6012 / batavorur.is

Floods Trähus
Gæða tréhús frá Svíþjóð
Byggjum nýtt!
Lövfjarden hús er á tveimur hæðum með stórum gluggum sem hleypa inn mikilli birtu. Gert er ráð fyrir 65m2 plássi undir eldhús og stofu, sem gefur mikla nýtingarmöguleika.
Allt byggingarefni fyrir ofan grunn; til dæmis fullbúið eldhús, þvottavél og þurrkari, innbyggt ryksugukerfi, og parket. Allar teikningar og annað sem þarf til, er sótt er um byggingarleyfi.
Frekari upplýsingar má fá með því að hafa samband.
Veffang: hinrik@floodstra.com • Sími: 0046 705741099 • Vefsíða: www.floodstra.com/

Lely Center Ísland
Grammer sæti
Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LÍF & STARF

Einfaldar leiðbeiningar um algengustu vandamál við burð

Tekið saman af Hákoni Hanssyni og Þorsteini Ólafssyni

Eðlilegur burður.

Á framfæti eru hné og lagklaufir gagnstæð.

Á afturfæti snúa hækill og lagklaufir í sömu átt.



Svona á að draga lamb út.

Þegar annar fóturinn kemur ekki þarf í þessu tilfelli að fara inn og koma fingri í hnésbótina og rétta úr fætinum. Jafnvel þó að fóturinn liggi beinn aftur með lambinu er oftast best að byrja á að rétta fótinn fram.

Hvorugur fóturinn kemur með. Það verður að ná að minnsta kosti öðrum fætinum, helst báðum, annars næst lambið ekki út.

Höfuðið stangar í mjaðmagrindina, hér verður að láta ána standa og ýta höfðinu inn og koma spotta aftur fyrir eyrun á lambinu.

Afturfætur sjá Mynd 3. Lambið oft stórt, dregið varlega til skiptis í sitthvorn fótinn. Reyna að skaða hvorki lamb né á. Hætta á brotnum rifbeinum. Nota mikið slím. Ekki reyna að snúa lambinu. Dýralæknisaðstoð og keisarskurður oft besta úrræðið.

Höfuðið snýr aftur eða niður. Vera viss um að fæturnir tilheyri sama lambinu og að þeir séu framfætur, sjá Mynd 2. Fara inn ofan við lambið og finna höfuðið. Nota mikið burðarslím og reyna að rétta höfuðið. Aldrei toga í neðrikjálkan á lambinu.

Hér verður að ná hinum fætinum, svona kemst lambið ekki út.

Tvö lömb, mikilvægt að vita hvað tilheyrir hvoru lambi. Hafa hærra undir ánni að aftan. Mælt er með því að taka lambið sem kemur aftur á bak fyrst sé það ekki því stærra.

Teikningar af algengum vandamálum sem koma upp við sauðburð, ásamt einföldum leiðbeiningum. Bændablaðið hefur birt þessa samantekt Hákons Hanssonar og Þorsteins Ólafssonar undafarin ár.

Mynd / Karólína

Myndbönd um burðarhjálp í áframhaldandi þróun:

Hafa fengið mjög góðar viðtökur hjá bændum

Fyrstu lömbin á þessu vori hafa nú litið dagsins ljós og þótt langflestar ær beri hjálparlaust er góð burðarhjálp lykilatriði í sauðburði.

Fyrir tveimur árum síðan var opnuð YouTube-rásin „Leiðbeiningarefni um burðarhjálp“, ætluð byrjendum, lengra komnum og þaulreyndum bændum. Í fyrravor bættust við myndbönd á ensku og þýsku – og enn hefur verið bætt við myndbandasafnið sem hefur fengið góðar viðtökur bænda.

Það voru þau Karólína Elísabetardóttir í Hvammshlíð og Axel Kárason dýralæknir sem fóru af stað með verkefnið árið 2019. „Við höfum nú bætt aðeins við ensku myndböndin, en þessi myndbönd á ensku og þýsku eru sérstaklega gerð fyrir erlent aðstoðarfólk sem kemur að sauðburði,“ segir Karólína.

Reynsla er eitt en góð leiðbeining annað

„Reynsla er eitt, en góð leiðbeining til að læra er annað. Myndbönd henta einstaklega vel til þess – því er gott að minna á Youtube-rásina. Við höfum gert myndbönd um svo gott sem öll hugsanleg burðarvandamál og uppákomur á sauðburði, alls eru 23 í dag á íslensku, fimmtán myndbönd í boði á þýsku og níu á ensku.

Upptökur á fleiri en tíu sauðfjárbúum og svo sýnikennsla með lambalíkön og mjaðmagrind í raunstærð útskýra hvað er að gerast og hvað á að hafa í huga. Ekki síst er hægt að finna út hvað er að – skref fyrir skref – með svokölluðu ákvarðanatré bæði á íslensku og og þýsku. Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkti verkefnið ásamt fjölmörgum landbúnaðartengdum fyrirtækjum,“ segir Karólína.

Ákvörðunartré

Myndböndin byggjast upp á ákvörðunartré, þar sem hægt er að finna út hvert vandamálið er í skrefum. Grunnur myndbandanna eru upptökur sem Karólína gerði á nokkrum sauðfjárbúum, aðallega Grænumýri, Halldórsstöðum, Stafni, Steinnesi og Sölvabakka. Axel notar lambalíkön og mjaðmagrind í raunstærð til að útskýra hvað er að gerast inni í kindinni.

/smh



Aftur á bak.

Yfirlit yfir allar slóðir

Youtube-rásin (íslenska, enska, þýska – smella á „Vídeóin“ til að sjá öll):
www.tinyurl.com/burdarhjalp

Ákvarðanatréð og listi yfir öll myndböndin á íslensku:
www.tinyurl.com/saudburdarhjalp

Ákvarðanatréð og listi yfir öll myndböndin á þýsku:
www.tinyurl.com/schaf-geburtshilfe

Myndefni óskast um sérstaka aðferð

Ef hornin eru það stór að maður kemur haus ekki fram fyrir grind með fætur í burðarliðnum, er hægt að binda band í báða fætur (svo það hrökkvi ekki fram af!) en samt þannig að það skaði ekki fætur, ýta fótum varlega inn og niður fyrir svo að höfuð fái allt plássið, kippa höfði fram fyrir grind og svo varlega smeygja fótum meðfram og tosa það þannig út. Þórdís Halldórsdóttir benti á þessa aðferð sem þónokkrir bændur nota en er lítið talað um. Karólínu og Axel vantar myndefni af raunverulegri uppákomu af þessu tagi til að dreifa þekkingu um þessa aðferð víðar. Best að senda Karólínu skilaboð á Facebook.



Stórt lamb.

LESENDARÝNI

Er veisluhöldunum að ljúka?

Fyrirsagnir í heimspressunni, sem og innlendum fjölmiðlum, vísa nú í vaxandi mæli til þess að lífskjörum í heiminum er nú ógnað af verðhækkunum og á næstu mánuðum muni verðbólga leika okkur grátt. Í Viðskiptablaði Morgunblaðsins 13. apríl sl. var fyrirsögnin: *Vandræðin eru kannske rétt að byrja*.

Vandinn sem birtist okkur er margþættur. Matvælaverð rýkur upp, verð á gasi og olíu er í sögulegum hæðum og önnur hráefni eins og málmar og timbur hafa hækkað gríðarlega og eru jafnvel illfáanleg. Norski hagfræðingurinn Christian Anton Smedshaug (Chr. Anton) fer yfir þetta í grein sinni í vefritinu www.klassekampen.no sama dag undir fyrirsögninni ***Festen er over***. Niðurstaða þessara tveggja greininga er þó ólík, ef litið er til lokaorða þeirrar fyrrnefndu.

Erna Bjarnadóttir.

Hvað er í gangi?

Fyrrnefndur Chr. Anton leitar svara við þessari spurningu í grein sinni. Þegar hagkerfi heimsins voru kæld niður við upphaf Covid-19 faraldursins í mars 2020 komu veikleikar alþjóðavæðingar fyrst í ljós af alvöru. Heimurinn reyndist svo háður iðnaðarafurðum frá Kína að hagkerfi heimsins tóku að hökta. Annað áfallið var svo innrás Rússa í Úkraínu 24. febrúar sl. Þá birtust kristaltærar afleiðingar þess að hrávörur frá Rússlandi hurfu úr viðskiptum á Vesturlöndum.

Nú orðið er erfitt að útvega iðnaðarafurðir frá Kína, bæði hvað varðar magn og afhendingartíma. Á sama tíma er sett viðskiptabann á stærsta hrávöruframleiðanda heimsins. Þessu lýsir Chr. Anton síðan þannig:

„Nú eru góð ráð næstum jafn dýr og hækkandi verð á vörum, orku og matvælum.”

Hátt áburðarverð – hátt vöruverð

Um heim allan fara áhyggjur af hækkandi vöruverði vaxandi, nánast dag frá degi. Áburðarverð hefur ekki áður verið hærra í sögunni og má vísa til áburðarverðvísitölu CRU því til stuðnings.

Í ársbyrjun 2009 stóð áburðarverðvísitala CRU í 360 stigum en er nú komin í tæp 380 stig. Köfnunarefni er unnið úr andrúmsloftinu en til þess þarf orku sem hefur hækkað gríðarlega í verði undanfarnar vikur. Fosfór og kalíum, sem bæði eru mikilvæg næringarefni í ræktun, eru hins vegar takmarkaðar auðlindir. Í Norður-Afríku er að finna 70% af fosfórbirgðum heimsins. Heimsmarkaður á kalíum er borinn uppi af útflutningi frá Kanada og síðan Rússlandi og Hvíta-Rússlandi, sem samanlagt flytja út álíka mikið magn og Kanada. Þessi næringarefni munu hins vegar á einhverjum tíma ganga til þurrðar, þ.e. þær námur sem þau koma frá í dag munu tæmast.

Hvorki hinn frjálsi markaður né aðrir stórir gerendur á markaðnum (lesist ríkisstjórnir efnahagsvelda heimsins) hafa enn gripið til aðgerða til að bregðast við þessu. Hátt áburðarverð nú ógnar framleiðslu víða um heiminn. Sumir dreifingaraðilar erlendis standa frammi fyrir því að erfiðara er að fá lán til að fjármagna viðskiptin.

Þá skortir bændur fjármagn til áburðarkaupa. Víðast hafa þeir heldur ekki tekjutryggingu sem þýðir að áburðarkaup eru orðin mjög áhættusöm. Í Bandaríkjunum hefur verð á áburði til að rækta beitargróður fyrir búfé fjórfaldast á einu ári, sem dæmi. Bændur bregða því ýmist á það ráð að kaupa minna (sem dregur úr framleiðslu) eða þá að kaupa ekki áburð og hætta framleiðslu alveg.

Eru Vesturlönd að tapa forskoti sínu?

Chr. Anton segir í grein sinni að veislan sé búin núna. Peningaprentun undangenginna ára, sem hefur haldið skulda- og fjárhagsvanda í skefjum, gagnast ekki lengur til að takast á við framleiðslusamdrátt og hrávöruskort. Markaðshagkerfið sem varð ráðandi í heiminum eftir fall Berlínarmúrsins getur ekki leyst þau vandamál sem við nú stöndum frammi fyrir.

Síðustu 30 árin höfum við aukið bæði neyslu og skuldir samtímis því að færa mengandi iðnað og framleiðslustarfsemi sem byggir á nýtingu náttúruauðlinda til landa, út fyrir Vesturlönd. Afleiðingin er langar og brothættar framleiðslukeðjur sem getur leitt til þess að forskot Vesturlanda á m.a. Kína muni nú tapast. Kína mun hins vegar sjá um sig. Þeir hafa fleiri hlekki framleiðslukeðjunnar í hendi sér og grípa óhikað til útflutningsbanns (t.d. á áburði) þegar þurfa þykir.

Telja verður að það sé einungis tímaspursmál hvernig efnahagsveldin munu þurfa að bregðast við þessu og tryggja sjálfbærni efnahagskerfa sinna að þessu leyti.

Afleiðingar þess sem á undan er gengið

Sérfræðingar vara við að afleiðingar þessarar „kreppu“ verði miklar og langvinnar. Í Bandaríkjunum mælist nú mesta verðbólga sem sést hefur í 41 ár. Þann 20. mars sl. sagði New York Times í fyrirsögn ***„Ukraine war Threatens to Cause a Global Food Crisis“***. Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, sagði þann 28. mars sl. að skortur á matvælum verði raunverulegur. Þannig má áfram telja fyrirsagnir úr fréttum síðustu vikna.

Margir bændur standa nú (eða munu gera á næstu mánuðum) frammi fyrir ákvörðun um framleiðslu komandi mánaða og ára, og það á ekki aðeins við hér á Íslandi. Framleiðslukeðjur í landbúnaði eru langar og ofan á markaðsóvissu bætast áhrif veðurfars. Frjáls markaður leysir ekki vandamál af þeim toga sem hér er lýst heldur þurfa stjórnvöld að grípa inn í og draga úr óvissu gagnvart innlendum matvælaframleiðendum, með raunhæfum og markvissum aðgerðum.

Erna Bjarnadóttir

Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum er kostur.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veita Eyjólfur 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

LAMBHELDU
HLIÐGRINDURNAR KOMNAR

Áfram hagstætt verð þrátt fyrir hækkanir á heimsmarkaði
Lægsta verð 24.900 auk vsk ef keyptar eru fimm grindur eða fleiri

Lamasett og loka aðeins kr. 3.900 settið, auk vsk.
Breidd 420 cm. Hæð 110 cm. Möskvastærð 10 x 15 cm.

Verðskrá hliðgrindur:
1 stk. kr. **29.900 auk vsk.**
2-4 stk. kr. **27.900 auk vsk.**
5 stk. eða fleiri **24.900 auk vsk.**

Upplýsingar og pantanir í síma **669 1336** og **899 1776.**

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar. Sent hvert á land sem er.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

LESENDARÝNI

Hvernig tryggjum við fæðuöryggi þjóðarinnar?

– Orð eða athafnir, staðan er alvarleg

Það hefur aldrei vantað neitt upp á að þjóðin og stjórnmálamenn vilji í orði tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar, sem þýðir á mannamáli að við getum alltaf skaffað nægan mat fyrir alla á viðráðanlegu verði. Á sama hátt viljum við öll tryggja matvælaöryggið en í því felst að fæðan sé holl og hafi ekki neikvæðar heilsufarslegar afleiðingar. En þrátt fyrir þetta er lítið um aðgerðir í þá átt og eins og þetta sé alltaf eitthvert óljóst viðfangsefni sem hægt sé að taka á þegar betur árar í samfélaginu eða vinnuálagið í þinginu verður eitthvað minna.

En það er bara ekki nóg að hafa fögur orð um fæðuöryggi meðan athafnir fylgja þeim ekki eftir. Margir hafa því vaknað upp við vondan draum nú og áttað sig á að stríðsátök í fjarlægu landi geti haft jafn miklar afleiðingar hér og raun ber vitni. Þrátt fyrir alvarleikann þá virðist samt umræðan meðal helstu ráðamanna vera á þann veg að þetta verði nú frekar milt hér hjá okkur, eða eins og hæstvirtur landbúnaðarráðherra, Svandís Svavarsdóttir, orðaði það nýlega í svari við fyrirspurn Ingibjargar Isaksen þingmanns á Alþingi: „Það er ekkert sem bendir til þess að fæðuöryggi landsmanna verði raskað en það mun koma upp hiksti í framleiðslukeðjunni víða og auðvitað meiri líkur á slíku eftir því sem ófriðurinn dregst á langinn," sagði Svandís. https://www.dv.is/eyjan/2022/03/28/ekkert-sem-bendir-til-thess-ad-faeduoryggi-landsmanna-verdi-raskad/

Spurning Ingibjargar Isaksen þingmanns var þessi: „Ef allt fer á versta veg vofir yfir framleiðslustöðvun í eggja-, alífugla- og svínarækt ásamt því að draga þarf verulega úr framleiðslu í mjólkuriðnaði, nautgripa- og sauðfjárrækt. Staðan er því grafalvarleg. Uppistaðan í dýrafóðri er korn. Því vil ég spyrja hæstvirtan matvælaráðherra, er til staðar viðbragðsáætlun til að bregðast við ástandinu sem nú vofir yfir? Og hvernig getum við tryggt aðgengi að lykilaðföngum til innlendrar framleiðslu næsta árið?"

En það er bara ekki nóg að hafa fögur orð um fæðuöryggi meðan athafnir fylgja þeim ekki eftir. Margir hafa því vaknað upp við vondan draum nú og áttað sig á að stríðsátök í fjarlægu landi geti haft jafn miklar afleiðingar hér og raun ber vitni. Mynd / Agrigate Global

Hver er hin raunverulega staða?

Það er vissulega enginn að fara að svelta á Íslandi, því við höfum nægan fisk að borða, en það eitt og sér uppfyllir ekki það sem fæðuöryggi felur í sér.

Ef við tökum landbúnaðinn og skoðum hann nánar þá eru áburður, fóðurhráefni og olía þau innfluttu aðföng sem við getum ekki verið án. Útlit er fyrir að nægan áburð verði að fá í ár, en ef stríðið hefði skollið á nokkrum vikum fyrr er ólíklegt að svo væri þar sem uppistaðan í áburðarhráefnunum kemur frá Rússlandi. Mikil óvissa er því um áburð næsta árs ef átökin halda áfram.

Hólmgeir Karlsson.

Eins og fram hefur komið áður hækkaði verð á áburði mjög mikið milli ára eða nálægt tvöföldun á verði. Sú verðhækkun var þó komin fram áður en stríðsátökin brustust út og var afleiðing orkukreppunnar í Evrópu. Ríkið hefur brugðist við því með 700 milljóna kr. styrk til bænda sem dekkar þó líklega ekki nema um 20% af verðhækkuninni á áburðinum milli ára.

Varðandi kornvörur til fóðurframleiðslunnar þá er staðan mjög þröng og verð hefur hækkað gríðarlega. Úkraína ein og sér býr yfir stærsta ræktarlandi Evrópu og er mjög stór í viðskiptum með kornvörur á heimsmarkaði. Þannig er landið annar stærsti ræktandi á byggi, þriðji stærsti framleiðandi á maís og framleiðir um helming af sólblómaolíu heimsins. Sem útflutningsland er Úkraina 4. stærsti útflytjandi á kornvörum. Á sama tíma og kornvara er lokuð inni í Úkraínu er lokað á allan útflutning á korni frá Rússlandi, en saman eru löndin tvö með 25–30% af heimsviðskiptum með kornvörur. Það má því öllum vera ljóst að nægt korn er ekki til skiptanna í Evrópu. Áhrifanna gætir þegar hér þar sem ekki er hægt að skaffa alla þá kornvöru sem innlendir fóðurframleiðendur þurfa til sinnar framleiðslu. Bygg er nú ekki fáanlegt en með breyttum uppskriftum og meiri notkun á hveiti sem að jafnaði er dýrara hráefni tekst að halda hlutunum gangandi enn þá án skaða. Söluaðilarnir geta einfaldlega ekki staðið við afhendingar sem búið var að lofa þar sem aðfangakeðjan er rofin. Kornið er ekki að berast til birgðastöðvanna í Evrópu eins og til stóð.

Fæðuörygginu er líka ógnað, sérstaklega nú þar sem bændur munu ekki hafa efni á að framleiða sínar afurðir nema til komi hækkanir sem dekka þann mikla kostnaðarauka sem á þeim dynur. Við sem þjóð þurfum einfaldlega að gera okkur grein fyrir og sætta okkur við að verð á hollum innlendum matvælum þarf að stórhækka á næstu vikum og mánuðum ef við ætlum ekki að veikja eða stórskaða þessa mikilvægu atvinnugrein sem er undirstaða bæði matvæla- og fæðuöryggis okkar.

Hvað gerist ef við fáum ekki áburð og nægt korn til fóðurframleiðslu

Ef við fengjum engan áburð til að bera á ræktarland má búast við að uppskera á grasi til gróffóðurframleiðslu bænda myndi minnka um 30–50% og til lengri tíma færi að bera á mjög skaðlegum næringarskorti í túnum bænda sem síðan hefði bein áhrif á heilsufar búfjár. Ef ekki fengjust kornvörur til kjarnfóðurframleiðslu yrðu áhrifin strax mjög dramatísk í svína-, kjúklinga- og eggjabúskap sem algjörlega reiðir sig á kornvörur í sínu eldi.

Mjólkurframleiðsla myndi dragast mjög mikið saman ef kjarnfóður væri tekið af með öllu eða hluta. Ætla má að kjarnfóðurgjöf í dag skili einhvers staðar á bilinu 30–40% af því mjólkurmagni sem framleitt er í landinu. Í dag framleiðum við aðeins lítið brot innanlands af þeirri kornvöru sem þarf til kjarnfóðurframleiðslunnar.

Við erum því mjög langt frá því að vera sjálfum okkur nóg. Staðan er einnig sú í dag að fóðurframleiðendur hafa enga tryggingu fyrir því að geta skaffað næg hráefni út árið. Það verður heldur ekki leyst til skamms tíma með hvatningu til bænda um aukna kornrækt, það þarf einnig að vera fjárhagslega mögulegt.

Sem dæmi þá hefur Bústólpi á Akureyri, það fyrirtæki sem ég er í forsvari fyrir, til fjölda ára unnið með bændum að eflingu kornræktar. Fyrirtækið er þannig aðili með bændum að tveimur þurrkstöðvum fyrir korn á Norðurlandi og kaupir einnig korn af bændum eða vinnur það í sérfóður fyrir þá sjálfa.

Síðastliðið ár var mjög gott kornár og þá komu inn til Bústólpa tæp 500 tonn af byggi til vinnslunnar sem var mjög gott. En í stóra samhenginu þá vantar mikið upp á því á síðasta ári notaði fyrirtækið um 22.000 tonn samanlagt af hrávöru í sinni starfsemi. Af því magni er bygg 5.000 til 6.000 tonn. Þrátt fyrir að nota hlutfallslega mikið af innlendu fiskimjöli eru stræstu hráefnin innfluttar korntegundir, bygg, hveiti, maís og sojamjöl.

Fæðuöryggi til skamms tíma – viðbrögð við núverandi ástandi

Til að tryggja fæðuöryggi nú er nauðsynlegt að tryggja þegar í stað afkomu bænda þannig að þeir framleiði áfram þær vörur sem við þurfum á að halda. Miklar verðhækkanir aðfanga hafa gert það að verkum að framlegð í kjötgreinunum flestum er algjörlega óviðunandi og ljóst að bændur munu draga úr framleiðslu. Þess sjást þegar merki í nautakjötsframleiðslunni þar sem mikil aukning er í ungkálfaslátrun. Afkoma sauðfjárbænda er þannig að útilokað er að afurðaverð standi undir áburðarkaupum ársins.

Ljóst er af þróun á kornmörkuðum að aðeins brot af hækkununum er komið fram og ástandið á því eftir að þyngjast mjög. Þar mun einnig reyna á vilja svína-, alifugla- og eggjabænda til að framleiða við þessar aðstæður.

Mikilvægt er því að við sem þjóð gerum okkur grein fyrir því að afurðaverð þarf að hækka verulega og þar með verð á matvælum til neytenda ef við ætlum að tryggja að bændur og matvælaframleiðendur geti sinnt hlutverki sínu. Við aðstæður sem þessar er hvorki hægt né rétt að ætlast til að greinin beri uppi kostnaðinn við að tryggja fæðuöryggið. Það er ekki nóg að hvertja bændur til aukinnar kornræktar meðan afkoman í kornræktinni er óviðunandi og áhættan sem fylgir ræktuninni mikil.

Við þurfum að hafa dug og þor til að grípa inn í nú þegar, líkt og Sandra Borch, landbúnaðarráðherra Noregs, hefur þegar gert, en um leið og hún hvatti norska bændur til að rækta meira korn gaf hún yfirlýsingu þess efnis að norsk stjórnvöld ábyrgðust viðunandi afkomu við ræktunina.

Fæðuöryggi til lengri tíma litið, hvernig tryggjum við það?

Til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar til lengri tíma litið þarf hugarfarsbreytingu og raunverulegar aðgerðir stjórnvalda sem tryggja rekstrarumhverfi landbúnaðarins alls; bænda, fóðurframleiðenda og afurðafyrirtækjanna. Þannig þurfum við að viðurkenna mikilvægi þessara aðila allra í að stuðla að fæðuöryggi þjóðarinnar. Stærsta atriðið í því er að tryggja stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi til langs tíma.

Rekstrarumhverfi þar sem atvinnugreinin í heild býr við sanngjarnt og eðlilegt samkeppnisumhverfi. Rekstrarumhverfi þar sem greinin getur þróast og vaxið til lengri tíma litið.

Við munum áfram verða háð innflutningi á korni til kjarnfóðurframleiðslunnar, sérstaklega maís og sojamjöli sem ógjörningur er að rækta hér. Þá er einnig mjög langt í land með að innlend byggrækt eða hveitirækt gæti fullnægt okkar þörfum.

En hvað er þá hægt að gera til að auka öryggið? Svarið við því liggur einna helst í því að hér væru byggðir upp kornlagerar sem entust til lengri tíma en nú er, þ.e. þjóðin ætti öryggisbirgðir af korni á hverjum tíma. Kostnaði við slíkt birgðahald eða uppbyggingu á slíkum birgðastöðvum er ekki hægt að skella á bændur eða fóðurframleiðendur þar sem slíkt væri gert til að tryggja fæðuröryggið.

Til að tryggja bændum viðunandi afkomu og rekstraröryggi til lengri tíma litið þarf gjörbreyttan hugsunarhátt varðandi innflutningsvernd og stuðning við greinina. Innlendur landbúnaður og matvælaframleiðsla geta aldrei keppt við óheftan innflutning á vörum frá löndum þar sem vinnuafl er ódýrara og jafnvel minni kröfur gerðar til gæða. Verðlag í okkar landi er hátt og það eru laun og annar kostnaður í virðiskeðjunni líka.

Það er ekki bara fæðuöryggið sem kostar. Það þarf nefnilega líka að borga fyrir matvælaöryggið, holla matinn, sem þó getur skilað sér margfalt til baka í betri heilsu og lækkun kostnaðar í heilbrigðiskerfinu.

Íslenskir bændur geta bara einfaldlega ekki framleitt sína hágæða vöru og tryggt fæðuöryggið okkar og matvælaöryggið um leið ef þeir fá ekki laun fyrir það eins og aðrir þegnar samfélagsins. Því þarf að stórauka tollvernd og almennan stuðning við greinina sem greiðslu fyrir fæðu- og matvælaöryggið ef bændum, fóðurframleiðendum og afurðastöðvunum er ætlað að sjá um það hlutverk fyrir þjóðina.

Þá væri mikilvægt skref að koma aftur á fót áburðarframleiðslu hér á landi þar sem framleitt væri köfnunarefni með umhverfisvænni orku. Eftir sem áður yrðum við þó háð því að geta skaffað okkur önnur efni til framleiðslunnar eins og t.d. fosfórinn.

Mikilvægt atriði einnig, þegar horft er til lengri tíma, er að stórefla þarf rannsóknir í landbúnaði. Sem dæmi um það er að nauðsynlegt er að vinna frekari rannsóknir á kornyrkjum til að fá fram yrki sem henta hér og gæfu öruggari uppskeru frá ári til árs. Það eitt og sér er grunnforsenda þess að auka hér kornrækt.

16. apríl 2022
Hólmgeir Karlsson,
framkvæmdastjóri Bústólpa á Akureyri.

LESENDARÝNI

Reikult er rótlaust þangið

Allt frá því að land byggðist hefur það verið okkur lífsnauðsynlegt að nýta auðlindir okkar til bjargar, bæði á hafi og á landi. Allt í kringum landið er matarkista sem við höfum nýtt okkur bæði til matar og afkomu. Hafið er svo sannarlega gjöful auðlind.

Það hefur þó ekki verið fyrr en á síðustu árum sem við höfum farið að þróa nýtingu á fleiri tegundum en þessum hefðbundnu og gróska hefur aukist í rannsóknum og þróun á fullnýtingu sjávarafla.

Aukinn þekking og áhugi

Fullnýting á hefðbundnum sjávarafla hefur aukist og er það vel, enda mikilvægt að nýta allan þann afla sem veiða má og auka virði hans sem mest. Samhliða því verðum við jafnframt að horfa til þess að

Halla Signý Kristjánsdóttir.

nýta aðrar tegundir og lífmassa sem finnast við strendur landsins. Rannsóknir hafa aukist á sjávargróðri og sjávardýrum eins og þangi og þara, krabba- og skeldýrum. Aukinn þekking er að byggjast upp enda sífellt fleiri sem hafa menntað sig og vilja sinna bæði rannsóknum og nýtingu. Víða um land hafa sprottið upp nýsköpunarsetur sem sinna þróun og með styrk frá háskólum og stjórnvöldum má tryggja betri nýtingu auðlindarinnar.

Sjálfbær þróun náttúruauðlinda

Sjálfbær þróun náttúruauðlinda er eitt af markmiðum stjórnarsáttmála núverndi ríkisstjórnar og fellur þörungaræktun og nýting sjávarþörunga vel þar að. Ísland er aðili að Parísarsamkomulaginu sem skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir það til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum undir 2 °C. Samfara fjölgun mannkyns, aukinni neyslu og ósjálfbærum aðferðum í ræktun og veiði hefur álag á vistkerfi jarðarinnar aukist gífurlega á undanförnum áratugum. Við þurfum að finna nýjar og betri leiðir til þess að lifa í sátt með náttúrunni.

Regluverk þarf að styðja við aukna verðmætasköpun

Á yfirstandandi þingi hef ég lagt fram þingsályktunartillögu sem gengur út á að styðja við aukna verðmætasköpun við nýtingu þörunga. Það er hægt að gera með því að fara yfir lög og reglur til þess að styðja við sjálfbæra nýtingu á þörungum sem vaxta villtir eða eru ræktaðir í sjó eða á landi. Til þess að ná árangri á þessu sviði er einnig mikilvægt að styðja við rannsóknir og nýsköpun um land allt sem varðar öflun þörunga, nýtingu þeirra sem og framleiðslu og markaðssetningu á vörum úr þeim. Samhliða því þarf svo að styrkja eftirlitsaðila og auka sérfræðiþekkingu um þörungaræktun innan viðeigandi stofnana.

Mikilvægt er að skapa leiðir fyrir fólk til þess að nýta þörunga til framleiðslu á t.d. lífeldsneyti, matvælum, lífefnavörum eða fóðurbæti fyrir dýr sem og líförvandi efnum til ræktunar Fjölmörg tækifæri eru til nýtingar á þessu sviði en svo hægt sé að grípa þau er nauðsynlegt að hefja vinnu við lagfæringar á regluverkinu. Aukinn áhugi og þekking er hér á landi á þessu sviði og löggjafinn þarf að vera tilbúinn til þess að aðstoða við þessa þróun.

Halla Signý Kristjánsdóttir,
þingmaður Framsóknar

ELDVARNIR

Heimili í dreifbýli þurfa öflugar eldvarnir

Mörg heimili í dreifbýli eru þannig í sveit sett að langt er í næstu slökkvistöð og útkallstími slökkviliðs því langur ef eldur kemur upp og aðstoðar er þörf. Það gerir að verkum að heimilisfólk er í senn sitt eigið slökkvilið og eldvarnaeftirlit. Eldvarnir og fyrstu viðbrögð heimilisfólks geta ráðið miklu um hvernig fer fyrir fólki og eignum.

Margir gera sér grein fyrir þessu og tryggja að eldvarnir heimilisins séu ævinlega eins og best verður á kosið. Aðrir þurfa sannarlega að gera betur.

Það er ekki að ósekju að Bændasamtök Íslands og Eldvarnabandalagið hafa gert með sér samkomulag um aðgerðir til að auka eldvarnir í landbúnaði og á heimilum í dreifbýli. Könnun sem Gallup gerði fyrir Eldvarnabandalagið sýnir að úrbóta er víða þörf. Að vísu má segja bændum það til hróss að eldvarnir á heimilum þeirra virðast betri en almennt gerist miðað við kannanir Gallup undanfarna áratugi. Hins vegar er ljóst að margir eru óþarflega berskjaldaðir fyrir eldsvoðum.

Mikilvægt er auðvitað að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að eldur komi upp og reyni á eldvarnir heimilisins og setji fólk í hættu. Það má gera með ýmsum hætti; fara gætilega með opinn eld, sýna aðgát við matseld, hlaða snjalltæki í öruggu umhverfi, tryggja að raflagnir séu í lagi.

Reykskynjarar bjarga mannslífum

Vilji svo óheppilega til að eldur komi upp á heimili reynir á eldvarnirnar. Áríðandi er að tryggja að heimilisfólk fái viðvörun um að eldur og reykur sé á heimilinu. Því þarf að tryggja að nægjanlegur fjöldi virkra reykskynjara sé fyrir hendi.

Vigdís Häsler.

- Best er að hafa reykskynjara í öllum rýmum, ekki síst þar sem raf- og snjalltæki eru notuð og hlaðin. Reykskynjara á að minnsta kosti að setja upp framan við eða í hverri svefnálmu og á hverri hæð á heimilinu.
- Gott er að hafa hitaskynjara í votrýmum og bílskúr.
- Prófa þarf reykskynjara að minnsta kosti árlega. Algengast er að rafhlöður í nýjum reykskynjurum endist í fimm til tíu ár en skipta þarf árlega um rafhlöðu í skynjurum með 9 volta rafhlöðu. Endurnýja skal reykskynjara á tíu ára fresti.

Samtengdir reykskynjarar eru áskjósanleg lausn, ekki síst á stærri heimilum og þar sem húsnæði er á fleiri en einni hæð.

Ef einn samtengdur reykskynjari fer í gang fara þeir allir í gang. Þar sem þráðlaust net er fyrir hendi er hægt að tengja skynjarana í síma heimilisfólks í gegnum þar til gert app.

Garðar H. Guðjónsson.

Slökkvibúnaður og flóttaleiðir

Mörgum hefur tekist að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir stórslys með notkun einfalds slökkvibúnaðar sem þarf að vera fyrir hendi á öllum heimilum.

- Slökkvitæki eiga að vera við helstu útgöngudyr. Þau eiga að vera sýnileg og aðgengileg þegar gengið er um íbúðina svo að allir viti hvar þau eru ef nauðsynlegt reynist að nota þau.
- Eldvarnateppi á að vera á sýnilegum stað í eldhúsi.

Enginn ætti þó að setja sig eða aðra í hættu við slökkvistarf. Mikilvægast er að tryggja að allir komist heilir út og hringja í neyðarnúmerið, 112. Allir á heimilinu eiga að hafa aðgang að tveimur eða fleiri greiðum flóttaleiðum. Fjölskyldan þarf að ákveða stað utandyra þar sem allir hittast þurfi fjölskyldan að yfirgefa heimilið.

Tækifærið er núna!

Bændasamtökin og Eldvarnabandalagið hafa samið við Eldvarnamiðstöðina um að selja félagsmönnum í Bændasamtökunum eldvarnabúnað á sérstökum afsláttarkjörum. Allar upplýsingar um tilboð Eldvarnamiðstöðvarinnar er að finna á Bændatorginu.

Við hvetjum félagsmenn til þess að yfirfara nú eldvarnir heimilisins og nýta sér tilboðið til að efla þær eftir þörfum.

Tækifærið er núna!

Vigdís Häsler,
framkvæmdastjóri Bændasamtakanna
Garðar H. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri Eldvarnabandalagsins

Á FAGLEGUM NÓTUM

Leiðir til að draga úr olíunotkun

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Nú þegar vorverk hjá flestum bændum landsins eru í fullum gangi er ekki úr vegi að beina spjótum sínum að olíunotkuninni, sérstaklega í ljósi þess að verð á olíu er í hæstu hæðum. Þessi staða er ekki einstök fyrir Ísland heldur er hún svona um allan heim og danskir ráðunautar hafa verið afar duglegir að deila til bænda hentugum ráðum til þess að draga úr olíunotkuninni eins og unnt er. Hér fer stutt samantekt á þeim ráðum sem þar er mælt með að bændur hugi að.

Flestir þekkja hið sterka samhengi á milli loftþrýstings í dekkjum og olíunotkunar en Danir benda á að það séu ýmis önnur ráð sem einnig draga úr olíunotkun við hefðbundin vorverk. Þar virðast venjur leika stórt hlutverk og oft virðast þarlendir velja dráttarvélar meira vegna þæginda og vana en vegna raunverulegra þarfa þeirra fyrir viðkomandi vél. Allir bændur ættu t.d. að spyrja sig hver sé raunveruleg þörf búsins fyrir afl dráttarvélanna sem á að nota.

Sparaðu olíuna t.d. með því að nota lágan snúningshraða, réttan dekkjaþrýsting, rétta þyngdardreifingu á dekkin, s.s. með því að nota réttar þyngingar ef þarf o.s.frv. Mynd / RML.

Nota réttan loftþrýsting og snúningshraða

Danskar mælingar sýna að mjög oft er notaður rangur dekkjaþrýstingur á dráttarvélum en tilfellið er að olíunotkunin getur minnkað um allt að 18% með því að lækka loftþrýstinginn og ná þannig betra gripi við vinnslu. Þetta er í raun öfugt við það sem talað er um þegar bifreiðar eru annars vegar en þar eykst orkuþörfin með minni loftþrýstingi.

Þetta veldur oft misskilningi, en skýringin felst í því að gott grip dekkja, í samræmi við þá vinnslu sem unnið er við, skiptir gríðarlegu máli. Þannig sýna danskar tölur t.d. að við það að lækka þrýstinginn úr 1,6 börum niður í 0,8-1,0 bör má spara um 10% af hráolíunni.

Enn fremur sýna erlendar tölur að ná má þónokkurri afkastaaukningu við það að aðlaga loftþrýsting dekkjanna að því verkefni sem er verið að vinna við. Enn fremur skiptir snúningshraðinn mjög miklu máli og við það að fara úr 1.800 snúningum/mínútu í t.d. 1.600 snúninga/mínútu má minnka olíunotkunina um 8-12%.

Miða við 40-45 kg/hestöfl

Annað atriði sem benda má á er áhrif hjólskriks á olíunotkunina. Þegar vélarnar draga tæki þá skripla dekkin oft aðeins og þetta hefur veruleg áhrif á olíunotkunina. Hér skiptir máli eins og að framan greinir að velja réttan loftþrýsting fyrir það verk sem er verið að vinna við en einnig að vera með rétta þungadreifingu á fram- og afturdekkin.

Með réttri þungadreifingu fæst hámarks nýting á gripi dekkjanna og er ágæt þumalfingursregla að miða við að hafa 40-45 kg vélaþunga á hvert hestafl. Sé vélin hins vegar mjög létt miðað við þann hestaflafjölda sem hún er með þá nýtist aflið ekki nógu vel út í dekkin.

Para saman rétt tæki

Það eru auðvitað ótal leiðir færar til þess að draga úr olíunotkun en ein sú einfaldasta er að fullnýta afl þeirra dráttarvéla sem er verið að nota og/eða þeirra tækja sem notuð eru. Í Danmörku gerist það oft að bændur nota of stórar vélar fyrir létt verk eða öfugt, reyna að nýta of litlar vélar fyrir stærri vinnslutæki en bæði tilfellin kalla beint á aukna olíunotkun. Þá benda danskar mælingar til þess að oft megi draga verulega úr olíunotkun með því að stilla vinnslutækin betur, t.d. við plægingu með því að leggja meiri þunga á afturhjól dráttarvélarinnar og með því minnka líkur á hjólskriki.

Nota rétta vélastærð

Annað atriði sem Danir benda á er sú staðreynd að oft er notuð of aflmikil dráttarvél miðað við það verkefni sem unnið er við. Þannig hafa mælingar á notkun á 300 hestafla vél, sem vel að merkja er vissulega hraustleg stærð, þá er oft ekki í raun verið að nota nema 50-60% getunnar í langflestum tilfellum. Þessi vannýtta umframgeta kostar bæði aukna olíunotkun og setur vissulega einnig spurningarmerki við fjárfestinguna sem slíka.

Þeir benda þó á að skoða þurfi vélaútgerðina í heild og í samræmi við þær þarfir sem viðkomandi bú er með, en tilfellið er að oft hafa danskir bændur fjárfest í of mikilli vinnslugetu miðað við raunkostnað. Raunverulegur tímasparnaður, við t.d. aukna vinnslugetu, borgi sig því ekki endilega upp vegna annars kostnaðar sem fellur til.

Sex leiðir til þess að draga úr olíunotkuninni

Dekkjaþrýstingur:
Gættu þess að samræma loftþrýstinginn í dekkjunum til samræmis við þá þörf sem á við um það verk sem verið er að vinna. Rangur loftþrýstingur getur kostað þig allt upp í 10% meiri olíunotkun!

Snúningshraði:
Dragðu úr snúningshraða vélarinnar. Nýir mótorar eru í dag þannig búnir að þeir skila frá sér því sama við nokkuð ólíkan snúningshraða. Í langflestum tilfellum er hægt að keyra á mun lægri snúningshraða en oft er valinn við ákveðin verk.

Þyngd:
Gakktu úr skugga um að þú hafir rétta þyngd miðað við afl dráttarvélarinnar. Dekkjaframleiðandinn Michelin mælir t.d. með því að til að fá bestu nýtinguna á gripi dekkjanna þá eigi að miða við 40-45 kg á hvert hestafl. Sé þetta þyngdardreifingin færist afl vélarinnar með mestri virkni niður í undirlagið sem ekið er á.

Stærð:
Íhugaðu stærð dráttarvélarinnar. Ef þörfin fyrir margra hestafla dráttarvél í aðeins örfáar klukkustundir af heildarþörf búsins, getur verið kostur að velja minni dráttarvél og aðlaga tækjakostinn að þeirri stöðu. Þetta myndi auka tímanotkunina dálítið en snarminnka olíuþörfina.

Eiginleikar:
Mundu eftir algengum aðgerðum eins og fjórhjóladrifi, mismunadrifslæsingu og þyngdarflutningi með lyftubúnaðinum. Þessi atriði hafa öll bein áhrif á olíunotkunina. Enn fremur er um að gera að hafa alltaf hugfast að keyra alltaf mögulegu stystu leiðir.

Stillingar:
Sjáðu til þess að stilla vinnslutækin kórrétt s.s. vinnsludýpt. Enn fremur er afar mikilvægt að stilla vökvakerfi dráttarvélarinnar þannig að það samræmist þörfum þess tækis sem unnið er með.



Jarðrækt – Sprotinn

Þórey Gylfadóttir
jarðræktarráðunautur RML
thorey@rml.is

Lífið fer hring eftir hring og þannig er aftur komið vor með tilheyrandi viðfangsefnum sem sum hver eru þau sömu og í fyrra en önnur ekki. Rótin lifnar, eða kannski ekki, sumt kemur á óvart en annað ekki. Og svo vaxa sprotarnir upp, en kannski mismikið, allt eftir umhverfi og aðstæðum. Jarðrækt fer fram bæði ofan- og neðanjarðar og því eru margir þættir sem hafa áhrif á árangur hennar í sínum víðasta skilningi.

Sveigjanleg ráðgjöf

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) býður upp á ráðgjafarpakka í jarðrækt sem nefnist Sprotinn. Markmiðið með Sprotanum er að veita bændum markvissa ráðgjöf í ræktun með það að leiðarljósi að bæta nýtingu áburðar og hagkvæmni fóðuröflunar.

Í Sprotanum er aðstoðað við skráningar í Jörð og umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur, viðhald túnkorta og áburðaráætlun svo eitthvað sé nefnt. Þessu til viðbótar er heimsókn ráðunautar, oftast að hausti, sem hægt er að nýta til skrafs og ráðagerða og hugsanlega jarðvegssýnatöku.

Ekki er innheimt komugjald fyrir heimsóknina. Þess ber að geta að hægt er að velja á milli tveggja misstórra pakka, sem innifela annaðhvort 7 eða 11 klukkutíma vinnu. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða ráðgjöf þannig að hægt sé að þjónusta hvern og einn eftir þörfum og leggja áherslu á þá þætti sem óskað er eftir hverju sinni.

Þannig getur hver og einn ákveðið í samráði við ráðunaut hvað leggja eigi áherslu á en það er sérstaklega gott þegar bændur nýta sér ráðgjöf í Sprota árlega.

Rétt er að benda á að auðvelt er að aðlaga ráðgjöf innan Sprotans að útiræktun á grænmeti.

Vaxandi hópur

Fjöldi bænda sem nýta sér jarðræktarráðgjöf í gegnum Sprotann hefur vaxið ár frá ári.

Á síðasta Sprota-ári voru tæplega 60 býli sem nýttu sér ráðgjöfina. Eitt af því sem gert er fyrir hvert bú er að reikna og setja fram kostnað vegna áburðarnotkunar miðað við skráða uppskeru, sjá meðfylgjandi mynd.

Vert er að benda á að upplýsingarnar byggja á skráningum í Jörð.is og ef villa er í þeim kemur hún fram við alla greiningu sem unnin er út frá þeim.

Því er mjög mikilvægt að vanda alla skráningu til að gögnin gefi sem réttasta mynd hverju sinni. Þegar myndin er skoðuð er áhugavert að sjá breytileika milli búa.

Vertu með!

Sprotinn er góð leið til að fá faglega ráðgjöf um jarðrækt. Áherslurnar geta verið breytilegar eftir búum og árum en markmiðið er alltaf að leita nýrra leiða til að gera betur í sinni ræktun á einn eða annan hátt. Svo er ekki verra að fá áminningar um skráningar og skil.

Hægt er að lesa sér nánar til um Sprotann á heimsíðu RML, undir Jarðrækt/Ráðgjafapakkar eða fá upplýsingar hjá undirritaðri í thorey@rml.is.



Ný uppskera af Sandvíkurrófufræi komið í sölu

- Þolir vel íslenskt veðurfar
- 1000 fræ í aðeins 2.2 gr
- Spírun 99.3 % líkur
- Fljótsprottið

Til að panta fræ eða nánari upplýsingar:

www.skalpur.com - Sími: 660-8038
sandvikurrofur@gmail.com

M-LISTI
SAMFÉLAGSINS Í NORÐURÞINGI

1 Áki Hauksson
- Tryggjum Reksturinn

2 Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir
- Tryggjum jafnræði

3 Birkir Freyr Stefánsson
- Fleira fólk fleiri íbúðir

4 Ágústa Ágústsdóttir
- Breið samstaða

5. Sævar Veigar Agnarsson
6. Alexander G. Jónasson
7. Gunnar Páll Baldursson
8. Elva Björk Óskarsdóttir
9. Anný Peta Sigmundsdóttir
10. Gunnar Björnsson
11. María Guðrún Jónsdóttir
12. Daníel Atli Stefánsson
13. Agnar Kári Sævarsson
14. Sigurður A. Ásmundsson
15. Heimir Sigurgeirsson
16. Sigmundur Þorgrímsson
17. Árni Stefán Guðnason
18. Guðmundur A. Hólmgeirsson

Finndu okkur á Facebook og Instagram
'M-listi samfélagsins'
Ef þú vilt senda okkur línu er netfangið aki@vikurraf.is

Settu X við M

MIÐFLOKKURINN Í MÚLAÞINGI
ÞAÐ MUNAR UM MIÐFLOKKINN!

Hefur þú áhuga á að flytja? | Ertu með áhugaverða atvinnuáætlun | Hvernig getum við aðstoðað?

1 Þröstur Jónsson

2 Hannes Karl Hilmarsson

Í Múlaþingi er mörgu að sinna
margt þar á sér stað og stund
Geskur - hér er gott að vinna
Geska - komdu á okkar fund

3 Örn Bergmann Jónsson

4 Björn Ármann Ólafsson

5 Þórlaug Alda Gunnarsdóttir

6. Snorri Jónsson
7. Sigurður Ragnarsson
8. Gestur Bergmann Gestson
9. Halla Sigrún Sveinbjörnsdóttir
10. Guðjón Sigurðsson
11. Benedikt Vilhjámsson Warén
12. Ingibjörg Kristín B Gestsdóttir
13. Stefán Scheving Einarsson
14. Viðar Gunnlaugur Hauksson
15. Grétar Heimir Helgason
16. Sveinn Vilberg Stefánsson
17. Broddi Bjarni Bjarnason
18. Rúnar Sigurðsson
19. Ingjaldur Ragnarsson
20. Sunna Þórarinsdóttir
21. Sigurbjörn Heiðdal
22. Pétur Guðvarðsson

Kosningaskrifstofa M-listans Lyngási 2
Opin alla daga frá 17:00 – 19:00
Sími: 839-9155 · Netfang: 700@midflokkurinn.is
Miðflokkurinn í Múlaþingi
Blogg: xmulathing.blog.is

MIÐFLOKKURINN
Settu X við Múlaþing

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Fyrstu nautin fædd 2017 komin í framhaldsnotkun

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur
í nautgriparækt
mundi@rml.is

Nýtt kynbótamat var keyrt núna í mars að loknu uppgjöri skýrslna fyrir febrúar. Fagráð í nautgriparækt ákvað í kjölfarið að gera nokkrar breytingar á reyndum nautum í dreifingu. Eldri kappar í þeim hópi hverfa úr notkun enda búnir að vera lengi í dreifingu og inn koma ný og efnileg naut.

Ákveðið var að taka Kláus 14031, Risa 15014, Köngul 15019, Álm 16007 og Hött 16028 úr notkun eftir langa og farsæla þjónustu, alla vega hvað þá eldri í þessum hópi varðar. Kláus 14031, Risi 15014 og Köngull 15019 teljast fullnotuð, Álmur 16007 lækkaði í mati og notkun á Hetti 16028 var fremur dræm. Því var það niðurstaðan að rýma til fyrir nýjum köppum á þessum vettvangi.

Hér á eftir verður gerð aðeins nánari grein fyrir þeim nautum sem koma nú inn sem reynd naut fyrsta sinni en þar er um að ræða fyrstu reyndu nautin fædd árið 2017.

Ný reynd naut í notkun

Að venju er verið að teygja sig eins langt og hægt er út frá fjölda dætra á bak við afkvæmadóminn vitandi það að hann getur tekið breytingum. Þau naut sem valin voru á þeim grunni eru þó það há í mati að þetta þykir réttlætanlegt. Til notkunar koma fjögur naut og er faðerni þeirra eins dreift og kostur er en feðurnir eru jafnmargir nautunum. Þannig dreifist faðerni þeirra fimmtán nauta sem eru í dreifingu á átta naut. Feðurnir eru (fjöldi sona innan sviga): Sandur 07014 (2), Keipur 07054 (1), Blámi 07058 (1), Gói 08037 (1), Bambi 08049 (3), Gustur 09003 (4), Bolti 09021 (2) og Úlli 10089 (1).

Kopar 17014 er frá Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði undan Bláma 07058 og Búvísri 555 Baldadóttur 06010. Dætur Kopars eru góðar mjólkurkýr með góð efnahlutföll í mjólk en fyrir flesta aðra eiginleika liggur hann nærri meðallagi nema hvað skap snertir. Dætur hans skarta mjög góðu skapi og koma vel út í gæðaröðun. Kopar er með 106 í heildareinkunn.



Flýtir 17016 er frá Efstu-Grund undir Eyjafjöllum undan Gusti 09003 og Rjóðri 524 Starradóttur 1637591-0455. Glöggir lesendur taka eftir því að móðurfaðirinn er heimanaut en við arfgerðargreiningu kom í ljós að Rjóð 524 var á sínum tíma rangfeðruð. Það breytir engu um að Flýtir gefur góðar mjólkurkýr með hátt fituhlutfall í mjólk, prýðilega júgurgerð og mjög gott skap enda raðast þær vel í gæðaröðun. Flýtir er með 107 í heildareinkunn.

Stæll 17022 er frá Hnjúki í Vatnsdal undan Bolta 09021 og Gjólu 356 Vindilsóttur 05028. Dætur Stæls er miklar mjólkurkýr og hlutfall fitu í mjólk er áberandi hátt. Þessar kýr koma vel út í gæðaröðun enda mjaltir úrvalsgóðar. Stælsdættur virðast vera viðkvæmar í júgri en mat hans fyrir frumutölu er lágt og þá eru spenar eilítið gleitt settir. Hafa þarf þetta í huga við notkun hans. Stæll er með 108 í heildareinkunn.

Jötunn 17026 er frá Hvanneyri í Andakíl undan Úlla 10089 og Skuld 1539 Aðalsdóttur 02039. Dætur Jötuns er miklar mjólkurkýr með gott mat fyrir flesta eiginleika, sérstaklega skap sem er mjög gott enda raðast kýrnar vel í gæðaröðun. Hann gefur hins vegar langa spena og eilítið gleitt setta. Rétt er að benda á að Jötunn er systursonur Úranusar 10081 og er með 110 í heildareinkunn.

Nautsfeður

Að undanförnu hefur Nautastöðin einkum verið að kaupa kálfa undan Hæl 14008, Kláusi 14031 og Risa 15014 ásamt því að synir Knattar 16006, Steinars 15042, Mikka 15043, Tanna 15065 og Bikars 16008 eru byrjaðir að tínast inn.

Á næstu misserum verður sjónum einkum beint að kálfum undan Mikka 15043, Tanna 15065, Bkari 16008, Jarfa 16016, Róðri 16019 og Jónka 16036 en þessi naut eru nautsfeður í dag. Auk þessara nauta verður eitthvað af nautkálfum undan Steinari 15042 og Knetti 16006 keypt inn á stöð.

Óreynd naut

Segja má að nánast allur 2020 árgangurinn sé í dreifingu nú og er þar um að ræða syni Pipars 12007, Sjarma 12090, Jörfa 13011, Hálfmána 13022, Ýmis 13051 og Kláusar 14031. Af þeim 22 nautum sem eru í dreifingu þegar þetta er skrifað stendur SpermVital-sæði til boða úr þrettán þeirra.

Upplýsingar um þessi naut er að finna á nautaskra.net.

Að lokum

Oft hef ég skrifað að kynbótastarf í nautgriparækt er langhlaup þar sem gott og vandað skýrsluhald og mikil og góð þátttaka í sæðingum eru undirstaðan. Þá hefur maður einnig margsinnis bent á mikla notkun heimanauta hérlendis en yfir 30% allra fæddra kálfa eru undan þeim. Þrátt fyrir það hafa þessi mál lítið þokast til betri vegar og því nokkuð ljóst að maður talar fyrir daufum eyrum hvað þetta snertir. Ég mun þó ekki láta deigan síga og áfram hamra á því að möguleikar okkar á eflingu kynbótastarfsins liggja að verulegu leyti í auknum sæðingum á kvígum. Auðvitað spilar aðstaða eða aðstöðuleysi til þess að fylgjast almennilega með beiðslum kvígna stóran þátt en við megum ekki gleyma því að í þessum hópi er að finna okkar erfðafræðilega bestu gripi. Þetta eru mjólkurkýr næstu kynslóðar og þær munu fæða af sér þarnæstu kynslóð mjólkurkúa. Með því að auka notkun sæðinga stuðlum við ekki einungis að auknum erfðaframförum heldur einnig aukinni hagkvæmni sæðingastarfseminnar. Það er mikilvægt, sérstaklega ef höfð er í huga sú staðreynd að fjöldi kúabúa á landinu er nú kominn niður í rétt um 500 talsins.

Mestu erfðaframfarir næstu ára munu þó verða fyrir tilstuðlan erfðamengisúrvals. Fyrstu niðurstöður rannsókna benda til þess að við munum ekki ná nægjanlegri aukningu á öryggi nema hjá arfgerðargreindum gripum. Það þýðir að við þurfum að arfgerðargreina sem flesta gripi, helst allar fæddar og ásettar kvígur. Það er því mjög mikilvægt að allir kúabændur taki virkan þátt með því að taka sýni úr sínum gripum. Til þess þarf að byrja á því að panta eyrnamerki til sýnatöku en á þessari stundu hafa ekki nema 40% kúabænda gert slíkt. Betur má ef duga skal og því um að gera að panta slík merki sem allra fyrst og hefja sýnatöku í kjölfarið.

Úrvalsnýting nautanna sem voru fædd 2016

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur
í nautgriparækt
mundi@rml.is

Sú hefð hefur skapast að sýna niðurstöður afkvæmarannsókna á nautum með því að draga saman úrvalsnýtingu innan hvers árgangs á myndrænan hátt. Með þessu má gera sér nokkra grein fyrir hvaða áhrif ætla má að komi fram í kúastofninum með notkun þeirra nauta sem valin eru til framhaldsnotkunar.

Í fyrstu skulum við skoða hvað er verið að mæla á þennan hátt. Úrvalsnýting fyrir ákveðinn eiginleika sýnir yfirburði þeirra nauta, sem valin eru til framhaldsnotkunar, í samanburði við það sem mögulega hefði mátt ná fram ef aðeins hefði verið valið fyrir þeim eiginleika og engum öðrum. Þegar valið er fyrir mörgum eiginleikum á sama tíma er illmögulegt að ná fram jákvæðu vali fyrir þeim öllum á sama tíma. Ástæða þess er ekki hvað síst að margir þeirra eiginleika sem valið er fyrir eru neikvætt tengdir innbyrðis og því verður sú útkoma ákaflega ólíkleg.



Hér verður litið á úrvalsnýtingu nauta sem fædd voru 2016 en afkvæmadómi þeirra er nýlokið og ljóst að ekki munu fleiri naut koma til framhaldsnotkunar úr árganginum. Þessi árgangur var tiltölulega stór á okkar mælikvarða en hann taldi 31 naut. Til áframhaldandi notkunar komu tólf naut, bæði mislengi og mismikið. Segja má að valið hafi verið nokkuð strangt og kröfurnar miklar til þeirra nauta sem komast til notkunar sem reynd naut.

Ef litið er á þá mynd sem kemur fram með nautin frá 2016 er hún fremur hagstæð, það er úrvalsnýtingin er jákvæð fyrir flestum eiginleikum. Gagnvart þeim eiginleikum sem snúa útliti og notagildi kúnna er hún mjög jákvæð en sýnu lakari hvað afurðaeiginleikana snertir. Þetta þýðir áhrif þessara nauta verða að öllum líkindum sterk hvað útlitsþætti varðar sem og eiginleika eins og mjaltir og skap. Eðlilega kemur hæst úrvalsnýting fram í heildareinkunn enda sú einkunn sem ræður hvað mestu um val nautanna. Annað sem óneitanlega vekur athygli er hve há úrvalsnýting þessa árgangs er fyrir eiginleika eins og mjaltir og skap. Þess er því að vænta að áhrif 2016 árgangsins verði þau að bæta mjög þessa eiginleika í kúastofninum.

Ef við berum úrvalsnýtingu þessa árgangs saman við úrvalsnýtingu nautanna frá 2013, 2014 og 2015 er hún lakari hvað afurðaeiginleikana varðar. Hvað júgur, spena, mjaltir, skap og endingu snertir er hún betri en hjá 2013 og 2014 árgöngunum og nokkuð áþekk 2015 árganginum.

Þessi niðurstaða ásamt niðurstöðunni fyrir síðustu árganga sýnir að verulegra framfara er að vænta hvað snertir júgur- og spenagerð á komandi árum auk þess sem við getum vænst mikilla framfara hvað mjaltir og skap snertir. Framgangur afurðaeiginleikanna verður eitthvað hægari. Neikvæðasta niðurstaðan er sú að úrvalsnýtingin gagnvart frjósemi er neikvæð. Þó verður að hafa í huga að meðaleinkunn þeirra nauta sem valin voru til framhaldnotkunar fyrir frjósemi er vel yfir 100.

Niðurstaðan segir okkur fyrst og fremst að þessi nautaárgangur er góður til úrvals því þar komu fram margir einstaklingar sem ná að sameina mikla kosti í mörgum eiginleikum sem færa munu íslenska kúastofninn í rétta átt.

Bændablaðið
Kemur næst út 12. maí
Smáauglýsingar 56-30-300



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Skráningar á kynbótasýningar vorsins

Halla Eygló Sveinsdóttir
ráðunautur, búfjárræktar- og þjónustusvið
halla@rml.is

Opnað verður á skráningar á kynbótasýningar nú í byrjun maí og verður það kynnt á næstu dögum á heimasíðu RML. Skráning og greiðsla fer fram í gegnum heimasíðu RML www.rml.is en á forsíðunni er flýtihnappur sem skráð er í gegnum. Á forsíðu WorldFengs er einnig hægt að skrá hross til sýningar. Nánari leiðbeiningar varðandi skráningar er að finna á heimasíðu RML.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvaða sýningarstaðir eru í boði og lokaskráningardag á hverja sýningu en skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umsjónarmaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu.

Til að fá aðstoð er hægt að hringja í síma 516-5000, eða senda tölvupóst á netföngin halla@rml.is og hross@rml.is. Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umsjónarmenn hrossa til að skrá tímanlega.

RML áskilur sér rétt til að fækka dögum á sýningum ef skráningar eru færri en búist er við og sameina sýningar ef þess gerist þörf. Sýning verður ekki haldin nema lágmarksfjöldi skráninga náist sem eru 30 hross. Hér að neðan má sjá sýningaáætlun vorsins og hvenær eru síðustu skráninga- og greiðsludagar.

Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðunni www.rml.is, þegar þær eru tilbúnar sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.

Sýningagjöld og fleira

Verð fyrir fullnaðardóm er 31.350 kr. en fyrir sköpulagsdóm/hæfileikadóm 24.000 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkortum, ekki er hægt að greiða með millifærslu. Um leið og hrossið hefur verið skráð birtist það strax inn á viðkomandi sýningu. Ef það gerist ekki er rétt að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við skráninguna.

Aðeins þau hross sem hlotið hafa fullnaðardóm á sama sýningarári er hægt að skrá eingöngu í reiðdóm.

Endurgreiðslur á sýningagjöldum koma því aðeins til greina ef forföll eru tilkynnt með tölvupósti fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku á netfangið hross@rml.is.

Endurgreitt er 18.000 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 14.000 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði.

Endurgreiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 1. júlí. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássið. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.

Dómarar á samræmingarnámskeiði í mars 2022.

Minnum á eftirfarandi:

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggi fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt
- Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.



Af heimasíðu RML er auðvelt að skrá hross til sýningar.

Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar. Hross sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði, verður vísað frá sýningu strax hjá mælingamanni án undantekninga. Sýningargjald er ekki endurgreitt í slíkum tilfellum.

Ef þess er nokkur kostur þá er fyrir alla aðila farsælast að skrá rétt hross á sýningu strax í upphafi því það einfaldar alla vinnu á sýningarstað. Munum því eftir að taka sýni og röntgenmyndir í tíma.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni www.rml.is eða hringja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið hross@rml.is.

Gaddstaðaflatir við Hellu.

Sýningaáætlun vorsins

Dags.	Staður	Loka skráningar- og greiðsludagur
23.5- 27.5	Gaddstaðaflatir, Hella I	föstudagur 13. maí
30.5- 03.6	Sprettur, Kópavogi I	föstudagur 20. maí
30.5- 03.6	Gaddstaðaflatir, Hella II	föstudagur 20. maí
30.5- 03.6	Hólar, Hjaltadal I	föstudagur 20. maí
07.6- 10.6	Sörlastaðir, Hafnarfirði I	föstudagur 20. maí
07.6- 10.6	Gaddstaðaflatir, Hellu III	föstudagur 20. maí
07.6- 10.6	Sprettur, Kópavogi II	föstudagur 20. maí
07.6- 10.6	Hólar, Hjaltadal II	föstudagur 20. maí
13.6- 16.6	Sörlastaðir, Hafnarfirði II	föstudagur 20. maí
13.6- 16.6	Gaddstaðaflatir, Hellu IV	föstudagur 20. maí
13.6- 16.6	Selfoss	föstudagur 20 maí
13.6- 16.6	Hólar, Hjaltadal III	föstudagur 20. maí

VÉLABÁSINN

Nýr sparneytinn Honda HR-V

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Fyrir nokkru síðan frumsýndi Askja nýjan Honda HR-V Hybrid-bíl, sjálfskiptan, framhjóladrifinn með 1.498 cc. bensínvél + rafmagn sem á að skila samanlagt yfir 130 hestöflum. Ég tók bílinn í prufuakstur fyrir nokkru síðan og var nokkuð sáttur fyrir utan nokkur atriði.

Þægilegur í akstri og rúmgóður

Að keyra bílinn er þægilegt fyrir utan eitt atriði, en aldrei áður hef ég kvartað undan gólfmottum í bíl. Af þessum gólfmottum var ég ekki hrifinn. Motturnar eru svo hálar að í beygjum og þegar ekið er í holur rennur hællinn til á fætinum sem er á gjöfinni og hvílir á mottunni til hliðar, en mér fannst þetta ekki boðlegt. Annaðhvort var þetta efnið í mottunum eða eitthvert efni sem á þær var sett sem ekki var að virka, en allavega er þetta í fyrsta sinn sem ég gef gólfmottum í bíl falleinkunn.

Eins og alla bíla sem ég prófa var byrjað á að hávaðamæla bílinn á 90 km hraða og mælingin kom vel út því hávaðinn inni í bílnum mældist ekki nema 69,5db. þrátt fyrir gróf vetrardekk og töluverða rigningu (Gæti vel trúað að mælingin í þurru á sumardekkjum væri nálægt 66-67db.).

Þrjár mismunandi aksturssstillingar

Hægt er að velja um þrjár mismunandi aksturssstillingar, Sport, Normal og Econ og eyðslan er mismunandi eftir því á hvaða stillingu maður setur. Vissulega fannst mér skemmtilegast að keyra bílinn í Sport-stillingunni, en við mælingu á minni eldsneytiseyðslu var hún þá um 7,6 lítrar á hundraðið. Þegar ég keyrði í Econ-stillingunni var tölvan að segja mig eyða 4,6 lítrum á hundraðið, en mér fannst billinn fulllatur og viðbragðið ekki spennandi á Econ-stillingunni. Uppgefin eyðsla í sölubæklingi er 5,4 í blönduðum akstri á Honda HR-V. Á erlendum vefsíðum er uppgefin meðaleyðsla enn minni, en lægsta uppgefin eyðsla sem ég fann er 4,2 á hundraðið í blönduðum akstri. Allavega fannst mér aksturstölvan segja mig eyða óeðlilega litlu miðað við mitt aksturslag.

Prufuaksturinn var nálægt 200 km

Fyrst ók ég í langkeyrslu og fannst þægilegt að keyra bílinn, sætin góð og rými mikið.

Næst var það malarkeyrslan, en þar var aðeins malarhljóð undir bílnum sem var að trufla, fjöðrunarkerfið virkar fínt, en það sem var að trufla mest á mölinni er lágur prófíll hjólbarðanna sem var ekki að gera mikið fyrir fjöðrunina (225/50/18 er ekki skemmtileg dekkjastærð fyrir malarvegaakstur).

Á mikið skemmdum malbikuðum götum Reykjavíkur eru bæði dekk og felgur í hættu og hreinlega spurning um hvort ekki væri hægt að minnka felgurnar fyrir annars slæmt vegakerfi sem við búum við.

Gott verð og mikið af öryggisbúnaði og aukaþægindum

Verðið á Honda HR-V er gott, eða frá 5.390.000 (Elegance) upp í 6.190.000 (Advance Style), en billinn sem var prófaður kostar 5.790.000 og heitir Honda HR-V Advance.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.380 kg
Hæð	1.582 mm
Breidd	1.790mm
Lengd	4.340 mm

Honda HR-V Advance. Myndir / HLJ

Finnst alltaf flott að sjá afturljós sem eru þvert yfir bíl.

Fer vel um 2 aftursætisfarþega, en lítið spennandi að sitja í miðjunni.

Þessi gólfmotta fékk falleinkunn hjá mér.

Best er að hafa þennan takka alltaf svona og slökkva aldrei, þá er maður alltaf löglegur í umferðinni.

Fjórir síðustu túrar og eyðslan í hverjum þeirra á mismunandi aksturssstillingum.

Óneitanlega er þægilegt að vera með hita í stýrinu (finnst að það ætti að vera í öllum bílum). Billinn skiptir sjálfvirkt upp og niður háu ljósunum úti á vegi, nálgunarvarar eru bæði að framan og aftan, blindhornsvari á hliðum og gefur viðvörunarljós í hliðarspegli. Akreinalesari er í bílnum, árekstrarvörn, RDM rásvörn.

Alltaf hef ég verið hrifinn af hliðarspeglum í Hondabílum.

Fín mæling á vetrardekkjum og í rigningu.

Svolítill sóði upp á hliðar en minni að aftan.

Kostir og gallar

Kostirnir eru; gott verð, 5 ára ábyrgð, þægilegur og rúmgóður bæði fyrir farþega og farangur.

Mjög mikið af aukabúnaði er í boði á þennan bíl (Honda hefur alltaf boðið upp á mikið af aukahlutum í flesta sína bíla).

Ókostir eru ekki margir, en ég hefði viljað hafa varadekk sem mér finnst sárlega vanta. Billinn er að vísu með dekkjaviðgerðarsett sem ekki allir kunna og hafa þekkingu til að nota.

Gólfmotturnar fram í bíl of hálar. Billinn er ekki gefinn upp með neina dráttargetu. Samkvæmt því er ekki hægt að nota hann til að draga kerru og hjólhýsi.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Borgarnes er snyrtilegasta bæjarfélagið þetta vorið – þar sópa menn götur og plön af mikilli samviskusemi:

Fegrum umhverfið, umgengni við landið mætti vera betri

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Fyrstu daga apríl mátti sjá í ýmsum bæjarfélögum vélsópa þrífa með kantsteinum, en mér fannst biðin eftir að sjá eða að heyra í vélsóp í höfuðborginni löng í samanburði við önnur bæjarfélög. Get ekki komist hjá því að nefna það að í tvo daga í röð stuttu fyrir páska þurfti ég að fara í Borgarnes vinnu minnar vegna og í báðum þessum ferðum sá ég vélsóp vera að sópa götur Borganess og lítinn vélsóp vera að sópa bílaplan, en þetta bæjarfélag var langsnyrtilegasta bæjarfélagið sem ég hafði komið í þetta vorið á þessum tíma.

Sú hugsun kom upp í höfði mínu að sú borg sem fyrst væri búin að sópa allar götur og gangstéttir ætti að verðskulda umhverfisverðlaun ársins og verðlaunin væru umtöluð og vegleg, gæti það orðið til þess að þokkalegur afrakstur yrði á stóra plokkdeginum, víða mátti sjá svona síðasta sunnudag. Keppni í snyrtimennsku væri almennri og metnaðarfyllri. Einhvern veginn finnst manni stundum eins og öllum sé sama um óþrifnaðinn og draslið í vegköntunum, bæði fyrir utan veg og á vegum, en í mínum huga þetta vorið á Borgarnes vinninginn.

Með ólíkindum hvað mikið rusl er í öllum vegköntum

Ég fer víða vinnu minnar vegna og er duglegur að ferðast og það gleður mig alltaf að sjá fólk sem er að tína rusl í vegköntum. Í vinnunni þarf ég stundum að dæla röngu eldsneyti af bílum í vegköntum við þjóðvegi og á meðan dælan dælir er oft þetta 10-30 mínútna bið, þá rölti ég stundum fram eða aftur fyrir bílinn og tíni rusl í vegkantinum. Það er nánast sama hvar maður stoppar, það tekur ekki nema um 10 mínútur að fylla einn hefðbundinn ruslapoka.

Það er eitthvað mikið að hjá fólki sem hagar sér svona gagnvart náttúrunni.

Þetta er ekkert óalgeng sjón sem blasir við mér í vegköntum þar sem ég er að aðstoða fólk.

Í byrjun apríl þurfti ég að aðstoða mann rétt norðan Hvalfjarðarganga, nánar tiltekið um 100 metra inn á veginum að Akranesi. Í nálægt 30 mínútur vorum við að vinna við bílinn og á meðan sáum við mann sem hafði lagt í vegkantinn um 100 metrum frá okkur vera að tína rusl í vegkantinum. Frá þeim stað sem hann lagði og að hringtorginu við norðurenda Hvalfjarðarganga voru um 200 metrar. Á þessari stuttu vegalengd kom hann klyfjaður með að mér sýndist þrjá fulla plastpoka, búinn að tína rusl beggja vegna við veginn á aðeins 300 metrum.

Þokkalegur afrakstur á stóra plokkdeginum, víða mátti sjá svona síðasta sunnudag.

Ófögur sjón stutt frá álverinu í Straumsvík

Sumt fólk hagar sér skammarlega gagnvart náttúrunni, en fyrir nokkrum dögum ók ég vegslóða stutt frá álverinu í Straumsvík og allt í einu blasti við mér ófögur sjón. Heilum bílfarmi af rusli hafði verið hent í vegkantinn á vegslóðanum, hreint skelfileg framkoma við náttúruna. Miðað við magnið af ruslinu þarf ekki að skoða það lengi til að finna nafn þess sem þetta rusl á, eflaust hefur þessi hrúga verið minni þegar þetta var losað, en mávur og hrafn hafa gatað marga pokana og dreift ruslinu enn frekar. Afskaplega dapurt að sjá svona umgengni.

Stóri plokkdagurinn er flott framtak

Síðastliðinn sunnudag var áberandi viðburður sem nefndur er „Stóri plokkdagurinn“, sem hófst formlega í Gufunesi þar sem umhverfisráðherra Guðlaugur Þór hóf daginn með sinni þátttöku í að plokka rusl á víðavangi. Seinni part sunnudagsins mátti sjá mjög víða í vegköntum afrakstur dagsins og fyrir mér virtist þetta vera heldur meira en á síðasta ári.

Rusl er alls staðar og margir hópar og einstaklingar tína rusl reglulega og oft má sjá fólk í vissum bæjarfélögum og hverfum vera að tína rusl á sama staðnum aftur og aftur (einhvern veginn finnst mér mesta ruslið alltaf vera í nágrenni við bensínstöðvar, sjoppur og verslanir sem eru opnar allan sólarhringinn. Ég tel það ekki neina frekju í mér að biðla til stjórnenda á þessum ofangreindu stöðum að tína rusl oftar. Síðan er það spurning sem mætti huga að hvort einn stór plokkdagur sé nægur, en við gætum haft apríl sem „Plokkmánuð“ sem tæki við af „Mottumars“.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	173	ÞVAÐRA	HLUT-SKIPTA	PEST	BAKKI	SKJÁTA		KVÖÐ	RÖLT	VESÆL			
	MÁLA-FYLGJA										PUKRA		
	KK. NAFN						VIÐSKIPTI / TOG						
	HVÍLA					LEYNA / AUÐGA							
	SKOTT / TÓNLIST				GLUMDI / FUGL					SNÖR			
		SLYS	PEX / TVEIR EINS				LAUT / HRÓSS				TVEIR EINS / MONTAST		
ÓGNA					INNI-LEIKUR / OFTAKA					FUGL / HLUTVERKI			
SEMSÉ						HÆRRA / REGNHÉLA					UPPHRÓPUN / MÆLI-EINING		TITTIR
HLJÓTA			PLATA / GLUFAN						RASK / RÓGUR				
ÞAR TIL				ÞEI / ÓÞURFT				FLEKKA / SKORPA					
		DRAUGUR / STÆKKA					FRESTA / GRENJA					ÓKYRRÐ	
STRENGUR					EINHVER						ORG / SKRIÐA		
MIÐJA					HUGBOÐ / TVEIR EINS					KLINK / ÖFUG RÖÐ			
GNÆFA						JURT					STILLTUR		
RANNSAKA						MÆDDI							

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: GABRIELE KOTHE-HEINRICH (CC BY-SA 3.0)

	172	MYRKVAST	SJÓÐA	RÖST	KRYDD		RÓGUR	DAGSETUR	ÁLÍTA	ÞREIFT			
	TIL-HÖGUNAR	S	K	I	P	U	L	A	G	S	SÖGU		
	ÞYRFTI	Y	R	Ð	I	DREN	A	F	R	Á	S		
	GORT	R	A	U	P	MÓÐGA / VITLEYSA	S	T	U	Ð	A		
	Í RÖÐ / BRODD	T	U	AÐ BAKI / HÖGVÆR	A	F	T	A	N	VÍÐÁTTA	G		
	B	BAND	DRYKKUR / TVEIR EINS	G	A	M	B	R	I	HEITI / ANNARS	N	A	F	N
PÍNU-LÍTILLA	A	G	N	A	STING / VÍTA	A	L	LITÞROTA	R	E	N	TÓNN / RÍKI Í AFRÍKU	L	A
JARÐAR	L	A	N	D	S	TITILL / FJADRA	J	A	R	L	GEGNSÆR / MISMUNUR	T	Æ	R
TITILL	D	R	DÚND / ÞOKKA	D	E	D	Ú	MYNDABÓK / ÁVÖXTUR	A	L	B	Ú	M	FIKTA
ÞANGAÐ TIL	U	N	S	UNDIROKA / SIÐA	K	Ú	G	A	RUNNI / AMA	E	I	N	I	R
	R	GARÐI / JARÐEFNI	J	A	T	A	GAUR / VEIKI	N	A	G	L	I	FLÍK	J
SKJÖGRA	S	L	A	G	A	RÍKI Í AFRÍKU / HVAÐ	G	A	N	A	FORSÖGN / UPP-HRÓPUN	S	P	Á
FÆÐA	B	E	R	A	SVENGJA / SJÚK-DÓMUR	H	U	N	G	R	A	RÓMVERSK TALA / TVEIR EINS	I	L
STIG	R	I	M	MASAR	M	A	L	A	R	HJÚPUR	H	U	L	A
SKRAMBI	Á	R	A	N	S	RÓLEGUR	A	S	A	L	A	U	S	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 12. maí
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Mjósyndi

Bændurnir í Mjósyndi keyptu af Bjarka Reynissyni og Valgerði Gestsdóttur 2020 og fluttu hingað í júlí sama ár.

Þau eru að klára að breyta fjósinu í hesthús með inniaðstöðu og kartöflugeymlan er orðin fínasta fjárhús.

Býli: Mjósyndi.

Staðsett í sveit: Flóahreppi í Árnessýslu.

Ábúendur: Grétar Geir Halldórsson, Anna Linda Gunnarsdóttir og Katrín Eva Grétarsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við þrjú og sonardóttir okkar Grétars og Önnu, hún Gabríela Máney Gunnarsdóttir, 10 ára. Það eru þrír hundar, Brúnó, Ugla og Rösk ásamt köttunum Tófu og Nölu.

Stærð jarðar? Um 130 hektarar.

Gerð bús? Hross og fé.

Fjöldi búfjár og tegundir? 35 hross og 34 kindur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Grétar og Anna vinna úti frá búinu, Gabríela fer í skólann og Katrín rekur tamningastöð hér

á daginn og kennir á kvöldin. Eftir vinnu er fénu sinnt og tekin staðan á útiganginum og þeim gefið eftir þörfum. Á jörðinni eru folaldsmerar, tryppi og stóðhestar, bæði frá okkur og öðrum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það eru engin leiðinleg verk í sveitinni en girðingavinna er ekki vinsæl. Skemmtilegustu verkin eru að sinna fénu (Anna), setja upp ljós, helst útiljós (Grétar),

útreiðar á góðum hestum (Katrín og Gaby).

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Svipaðan, að það sé rekin tamningastöð og hrossarækt ásamt að hafa nokkrar kindur.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Vöruþróun og hreinleika.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur og smjör.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Föstudagspitsan.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar fyrstu folöldin og lömbin fæddust hér.

MATARKRÓKURINN

Bleikja, blómkál og andabringur

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com

Nú þegar líða fer að vori er gott að byrja njóta, gera salat með ferskum tómötum og ferskri basilíku.

Bakað tómatsalat

- 4 stórir tómatar eða 1 pakki af kirsuberjatómötum (líka hægt að nota ferska tómata, ekki bakaða)
- 15 ml balsamedik
- nokkur basilíkulauf
- 50 ml olía (t.d. ólífuolía)
- salt og pipar

Takið tómatana og skerið niður eftir stærð, bakið í ofni við 100 gráður í 1-2 klukkustundir, raðið þeim fallega upp á disk og stráið söxuðum basilíkulaufum yfir. Setjið síðan balsamedik og olíu yfir allt saman. Kryddið með salti og pipar.

Maríneraður lax eða bleikja með blómkáli

Nú þarf að vinna niður síðasta veiðisumarið úr frystinum og gera pláss, eða nota eldisfisk sem hægt er að fá ferskan allt árið.

- 250 g laxaflök, roðlaus og beinlaus
- 2 hvítlauksgeirar
- 1 lime eða annar sítrusávöxtur
- salt og pipar

Skerið bleikju eða lax í 2-3 cm teninga. Rífið niður limebörk og blandið honum saman við limesafa og smátt saxaðan hvítlauk.

Veltið fiskteningunum upp úr blöndunni og kryddið með salti og pipar. Það er passlegt að marinera fiskinn í eina eða tvær klukkustundir.

Sýran í sítrusávextinum eldar fiskinn og gerir hann hvítan og fallegan. Það er í góðu lagi að skella réttinum örstutt undir grill eða brúna hann lítillega með gasloga.

Blómkálssúpa með blómkálskurli

- 1½ blómkálshaus
- 400 ml rjómi
- 400 ml nýmjólk
- safi úr hálfri sítrónu
- kraftur (t.d. kjúklingakraftur)
- salt

Skerið heila blómkálshausinn í bita og setjið í pott með mjólk og rjóma.

Látið allt sjóða þar til kálið verður mjúkt undir tönn.

Maukið súpuna í blandara og setjið maukið svo aftur út í pottinn til að

þykkja súpuna.

Notið salt, kraft og sítrónusafa til að laða bragðið fram.

Rífið svo hálfa blómkálshausinn

Andabringur með hunangi og ferskmuldum pipar

- 800 g andabringur (2 stórar)
- 4 msk dökkt hunang
- 4 tsk græn piparkorn
- olía
- salt og pipar

Kryddið bringurnar með salti og pipar. Hitið pönnuna með olíu og leggið bringurnar á með skinnið niður.

Steikjið þetta rólega á meðalhita í 8-10 mín. Þá snúið þið bringunum á hina hliðina í um 30 sek. á meðan þið penslið skinnhliðina með hunangi og grænum piparkornum. Snúið loks aftur við og látið hunangið verða karamellukennt í hitanum, látið bringurnar standa í fimm mínútur áður en þið skerið þær í jafna bita (til dæmis 6 stykki).

Það er sniðugt að fleyta mestu fituna af pönnunni, setja síðan smáappelsínusafa út í pönnusafann og gera þar með ljúffenga sósu með réttinum. Munið að krydda til með krafti eða kryddi. Ef þið rispið í fituna og nuddið hana með salti þá verður hún stökk og góð.

með grófu rifjárni og myndið þannig kurlið sem við sáldrum yfir súpuna.

Berið fram með grófu brauði og smjöri.

HANNYRÐAHORNIÐ

VOR / HAUST

Litríkir vettlingar úr Sauðabandi frá Rúnalist

Við birtum hér aftur uppskriftina úr síðasta blaði, þar sem mynstursteikninguna vantaði þá með.

Þó að vetur konungur sé vonandi á förum er alltaf gott að eiga hlýja vettlinga, t.d. í fjallgönguna eða útileguna. Uppskriftin heitir HAUST en því er auðvelt að breyta í VOR, litavalið eitt ræður því. Uppskriftin er hugsuð þannig að vettlingaparið sé hvort með sínum munsturlitnum.

En þessi uppskrift er einnig kjörin til að nýta umframgarn og leika sér að litum.

Höfundur: Sigrún Helga Indriðadóttir

Stærð: Dömu

Efni: Sauðaband frá Rúnalist eða Hulduband frá Uppspuna.

Aðallitur: 60-70 g

Munsturlitir alls: 25-30 g

Prjónfesta: 5 x 5 cm = 12 lykkjur og 12 umferðir slétt á prjóna nr. 4½. Hægt er að minnka eða stækka vettlingana með því að breyta um prjónastærð.

Leiðbeiningar



- Fitja upp 40 lykkjur með aðallit á prjóna nr. 4
- Tengið saman í hring og prjónið stroff: *2 slétt, 2 brugðið* þar til stroffið mælist 8-9 cm
- Skiptið yfir á prjóna nr. 4 1/2 og prjónið eina umferð slétt en aukið jafnframt út um 3 lykkjur jafnt yfir umferðina = 43 lykkjur.
- Þá er byrjað á munstrinu. Lesið munstrið frá hægri til vinstri og byrjið hjá pílunni
- Aukið út fyrir þumli eins og sýnt er á myndinni.
- Þegar komið er að rauðu línunni er tekið auka band í öðrum lit og prjónað yfir 11 lykkjur, setjið þessar 11 lykkjur aftur yfir á prjóninn og haldið áfram með munstrið þar til komið er að úrtöku.
- Fellið af samkvæmt útskýringu og þegar 11 lykkjur eru eftir, klippið þá bandið og dragið í gegn.
- Þumall: takið upp 24 lykkjur; 11 lykkjur að framan og aftan auk 2 lykkjur sitthvoru megin við þessar 11 lykkjur sem prjónaðar voru á auka bandið (1 lykkja, 11 lykkjur, 1 lykkja, 11 lykkjur). Byrjið þar sem pílan er og prjónið frá hægri til vinstri.

Sauðaband - Lambaband

Sérvalin 100% íslensk ull frá Stórhól í Skagafirði. Rekjanleg til kindar og merkt framleiðandanum (kindinni). Spunnin í Uppspuna fyrir Sigrúnu í Stórhól sem er höfundur uppskriftarinnar að þessu sinni. Sigrún H. Indriðadóttir handlitar garnið sitt og nefnir það eftir blómum í íslenskri náttúru sem hafa sama lit og garnið fær eftir litun.

Hægt er að panta pakka hjá Sigrúnu til að prjóna þessa fallegu vettlinga á www.runalist.is í s. 823-2441 á runalist@runalist.is eða koma við hjá henni á Stórhól, þar sem hún rekur Rúnalist Gallerí og er með litla verslun með vörur beint frá býli og selur þar vörur úr eigin framleiðslu og vörur frá öðrum í nágrenni við sig.

Í þessa vettlinga má sömuleiðis nota hulduband frá sauðfjárbændum sem hafa látið spinna ull fyrir sig í Uppspuna og eru að selja garnið sitt víða um landið.

Mikołaj Walc
walc.mikolaj@gmail.com
Tel. +48 517 716 117
facebook.com/walc.mikolaj
linkedin.com/in/mikolaj-walc
Tarnowskie Góry, Poland
Born: 27.07.2003

Professional Summary
I am a student in a polytechnic class in high school. I have several years of experience in programming independent computer games. I can steer a sailing yacht and dive. In my free time I read philosophical books and play chess. I want to develop professionally for resourcefulness and experience in a job.

Education
• 09.2019 - 04.2022
1st High School in Tarnowskie Góry - Polytechnic Profile

Certificates
• 09.2018
Certificate of Competency of Inland Skipper, Issued.: *Polish Yachting Association*
• 2015
Junior Silver Diver CMAS, Issued.: *Underwater Activity Commision*

Abilities
• Driving License • Operating MS Office • Operating graphic programs • Programming in Python language • Audio-Video Editing

Language Skills
• English - B2 level • Polish - native language

Additional Activity
• 09.2013 - 03.2020 - *Liturgical Service* (Altar boy)
• 03.2017 - 03.2020 - *Liturgical Lector Service*

Interests
• Programming • Philosophy • Cycling

I agree to the processing of personal data provided in this document for realizing the recruitment process pursuant to the Personal Data Protection Act of 10 May 2018 (Journal of Laws 2018, item 1000) and in agreement with Regulation (EU) 2016/679 of the European Parliament and of the Council of 27 April 2016 on the protection of natural persons with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data, and repealing Directive 95/46/EC (General Data Protection Regulation).

Létt

		5	9				7	2
	4	1			3	8		
	8		4	6				9
1	6	8		5	7			
	2						3	
			1	9		5	8	6
3				7	4		2	
		4	2			6	5	
7	5				1	9		

Miðlungs

9				6				5
		5	4		1	7		
	3		8		2		6	
8		3				9		6
	4						3	
5		2				4		1
	6		7		4		5	
		1	5		6	3		
2				8				7

Þung

							6	8
				4				3
					9	1		4
	5				3	2	4	
		6	9		1	8		
	7	2	8				1	
1		7	5					
2				7				
3	8							

Þyngst

					6			9
8		2		4			7	
		3				5		
1								
	9		8		4		5	
								7
		5				2		
	1			2		8		3
4			3					

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Klikkað að snerta köngulær

Hekla Lind er sjö ára meyja, sem langar að búa á hóteli í Danmörku.

Nafn: Hekla Lind Gísladóttir.

Aldur: 7 ára.

Stjörnumerki: Meyja.

Búseta: Hallveigartröð 1 en mig langar að búa á hóteli í Danmörku.

Skóli: Grunnskólinn á Kleppjárnsreykjum.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Að fara í íþróttir og vera frjálst í ipad.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Köttur og Mósa mín, sem er hesturinn minn og hundur.

Uppáhaldsmatur: Kakósúpa og svona litlir hamborgarar.

Uppáhaldshljómsveit: Reykjavíkurdætur en uppáhaldslagið mitt heitir Skinka og það er á YouTube.

Uppáhaldskvikmynd: Mjög margar sko, en ég ætla segja Ninja Turtles.

Fyrsta minning þín? Það er bara fjölskyldan mín.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég er að æfa fimleika og líka að æfa mig að spila á blokkflautu.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég hef ekki hugmynd og ég ætla bara að sjá til hvað gerist. En ég verð að fá pening hjá bankanum.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Snert könguló, ég er sko skíthrædd við köngulær.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt um páskana? Hámaði í mig páskaegginu mínu.

Næst » Ég skora á frænku mína að svara næst, sem er geggjað skemmtileg. Hún heitir Eydís Ósk.

UTAN ÚR HEIMI

Að hafa ljósa og ljómandi húð þykir afar eftirsóknarvert í Suður-Kóreu.
Mynd / Unsplash

K-Beauty:

Kóresk húðumhirða byggir á hefð náttúrulegra hráefna

Á markaði fegurðar og eilífrar æsku hafa nú suður-kóreskar snyrtivörur farið eins og stormsveipur um heimsbyggðina og má segja að ekkert lát virðist á. En hvert er leyndarmálið?

Sagan segir að ímynd kóreskrar fegurðar hafi orðið til á tímum konungsríkjanna þriggja þar sem fegurðarmenning – ef svo má að orði komast – var í hávegum höfð. Margar húð- og förðunarvörur voru unnar úr náttúrulegum innihaldsefnum plantna og ilmolía sem var gjarnan blandað við vörurnar til að draga úr streitu eða þreytu. Að hafa ljósa og ljómandi húð þótti eftirsóknarverðust og þykir enn í dag, en framleiðendur kóreskra snyrtivara leggja mikla áherslu á að neytendum þeirra hlotnist sú gleði. Mörgum er það kappsmál að ná fullkomlega jöfnum húðlit. Hin dæmigerða daglega þriggja þrepa rútína hjá almennum neytendum – að nota hreinsiefni, andlitsvatn og rakakrem – er ívið meiri í Suður-Kóreu, en þá er húðumhirða á bilinu sjö til tólf þrepa, með áherslu á að gera húðina raka með mildu, náttúrulegri hráefni. Sumir myndu líta á sjö til tólf þrepa andlitshreinsun frekar mikið af hinu góða en komið hefur í ljós skv. vísindamönnum er stóðu fyrir rannsókn á málefninu að staðreyndin er einmitt á hinn bóginn.

Hunda eða kattaaugu, sniglaslím og perlur

Rótgróið er í kóreskri menningu að hugsa vel um húðina frá unga aldri, bæði með hreinsun og því sem fólk lætur inn fyrir varir sínar. Þekkt andlit þarlendis eru því jafnan afar fersk ... ef svo má að orði komast, allt að hrukkulaus og barnsleg auk þess sem bæði snyrting augnaumgjarðar og vara ýtir undir unglegt og saklaust útlit. Beinar augabrýr þykja yngja auk þess sem öfugt við flesta þá sem nota augnblýant og hafa masterað augnlínu sem kölluð er „cat-eye“ velja þeir sem þykja mest móðins í förðunarheimi Kóreu frekar það sem þeir kalla „puppy-dog-eyes“ eða hvolpaaugu. Þá er augnlínan dregin niður í stað þess að vísa upp.

Vegna þess hve mikil samkeppni er í kóreskum fegurðariðnaði hvað varðar gæði er mikið um rannsóknarvinnu við framleiðslu og samsetningu varanna auk þess sem aðstandendur skorast ekki undan að kynna ný, einstök hráefni í formúlurnar sínar. Þar má nefna sniglaslím (rakagefandi) muldar perlur (gefa ljóma) grænt te (fyrir feita húð) og propolis – kvoðukennt vax sem býflugur nota til að styrkja bú sín og halda örverum í skefjum (skaðlegt bakteríum semsé) og hafa þessi innihaldsefni gefið ótrúlega góða raun.

Fegurðariðnaðurinn rúmum tíu árum á undan öðrum í þróun

Telja þeir sem vit á hafa að fegurðariðnaður Suður-Kóreu sé rúmum 10 árum á undan öðrum í heiminum og áhugavert er að árið 2017 var hann metinn á rúmlega 13 milljarða Bandaríkjadala. Einnig er bent á að þótt aðrir jarðarbúar séu að uppgötva K-beauty, eins og þessi ógurlegi stormsveipur snyrtimenningar Kóreubúa hefur verið nefndur, þá hefur hún alltaf verið til, en áhugi hafi aukist á síðastliðnum árum samhliða auknu veldi samfélagsmiðla, áhrifavalda og bloggara.

Álitið er að markaður kóreskra snyrtivara sé kominn til að vera, bæði vegna þess hve yngri neytendur eru meðvitaðir um umhverfi sitt, umhverfisáhrif og hvernig náttúrulegar auðlindir fara vel með bæði ytri og innri mann. Meiri meðvitund er varðandi fæðu sem innbyrt er, auk þess sem vakandi auga er nú á dýraníði hverslags. Árið 2010 lögðu suður-kóresk stjórnvöld annars blátt bann við því að snyrtivörur yrðu prófaðar á dýrum og er stór hluti þjóðarinnar hlynntur grænmetisáti. Allt teljast þetta jákvæðar forsendur í nútíma samfélagi og góð fyrirmynd á heimsvísu. Svo verður að hafa í huga að ef kóreski fegurðariðnaðurinn er í raun tíu árum á undan okkur hinum er ekki vitlaust að hafa það í huga ef ætlunin er að yngjast með árunum.

/SP



Hér á fyrri myndinni má sjá þá augnmálningu er Kóreubúar aðhyllast – þá hvolpaaugu í stað hinnar klassísku uppsveigðu augnlínu kattarins.

LESENDARÝNI

Blóðmerahald í samanburði við annan húsdýrabúskap

Húsdýrabúskapur byggist á því að menn halda skepnur og hafa gott af þeim á einhvern hátt en þeir leggja þeim líka gott til á móti. Þannig er grundvallareðli málsins. Þetta eru því í raun gagnkvæm samskipti, þó þeim sé ekki komið á með gagnkvæmu upplýstu samþykki beggja aðila, sem er eðli málsins samkvæmt ómögulegt.

Þó má mjög víða og oft sjá jákvæð og meira að segja sterk jákvæð viðbrögð hins mállausa aðila innan þessara samskipta, jafnvel einlæga langvarandi vináttu. Það er jafn vel þekkt, að einlæg eftirsjá og söknuður eigenda eftir missi á hjartfólgnum dýrum sínum er til staðar hjá eigendum. Um það eru til ótal sögur.

Húsdýrabúskapur er yfirleitt rekinn á eins mannúðlegan máta og kostur er og engir eru gegnumsneitt eins miklir dýravinir og húsdýrabændur þó það sé ekki vani þeirra að bera yfirlýsingar þar um á torg. Þeir fordæma yfirleitt allt dýraníð og eru í mörgum tilvikum hver öðrum aðhald og hjálp í velferðarmálum húsdýra. Vel er líka þekkt hvernig þeir yfirleitt bregðast við í alvarlegum tilvikum, þegar slys eða óhöpp koma upp í hjörðum eða á einstaklingum. Hjálparhöndin er þá nær alltaf tiltæk.

Án húsdýrabúskapar væru fæst íslensk húsdýr yfirleitt til og viðleitni bænda til að hafa hagnað af bústarfsemi sinni er fólgin í því að búa vel að skepnunum og tryggja þeim velsæld. Í fljótu bragði man ég

Páll Imsland.

ekki það húsdýrahald sem byggist á því að fara illa með skepnur. Enda reyna yfirvöld víðast hvar að koma í veg fyrir slíkt með boðum og bönnum, lögum og reglugerðum, eftirliti og viðeigandi áróðri. Það væri þá kannski helst nauta- og hanahald í löndum þar sem nauta- og hanaat er þjóðarsport, en fyrir utan sjálft atið er þó ekki endilega illa búið að skepnunum.

Án húsdýrahalds væru langflestar þessara skepna ekki til og villt líf þeirra í íslenskri náttúru væri allt erfiðara og þrautameira og allir stofnar þeirra sáralitlir. Ef íslenski hesturinn ætti að lifa villtur í íslenskri náttúru væri ástand hans allt annað en það er í búskapnum. Hvað ímynda menn sér að stofninn væri þá stór og hvernig ímynda menn sér að líðan dýranna að vetri og ástand einstaklinganna væri á vorin? Þessar spurningar má yfirfæra á öll hin húsdýrin, hænsni, nautgripi, svín og svo framvegis. Líklega væru það helst sauðkindur sem spjöruðu sig í smærri hópum á takmörkuðum svæðum. Þar sem fé hefur lagst út og myndast hafa villistofnar þess hefur þeim verið eytt, nú síðast í Tálkna í nafni mannúðar. Það var ekki talið réttlætanlegt af þar til bærum yfirvöldum, ekki mannsæmandi, að þessar kindur væru til vegna þess hversu hörð kjör þær bjuggu við.

Eðli blóðmerabúskapar er ekki frábrugðið eðli annars húsdýrabúskapar, báðir aðilar hafa hag af, og það eru ekki sjáanlegar aðrar frambærilegar ástæður fyrir banni á blóðmerabúskap í því áróðursstríði sem nú er háð gegn þessum búskap en siðferðilegar.

Ef blóðmerabúskapur verður bannaður hér á landi, á íslensk þjóð siðferðilega ekki annarra kosta völ en að endurskoða, ekki bara annan hrossabúskap, heldur allan annan húsdýrabúskap í landinu.

Annað væri skinhelgi og hræsni. Hér má meira að segja bæta við öllu gæludýrahaldi líka.

Og í framhaldi af þessu má líka spyrja: Er það sanngjarnt af hendi ríkisvaldsins gagnvart þeim 100 bændum sem stunda þessa búgrein, blóðmerahald, að setja þá eina og sérstaklega undir siðferðilegt mæliker?

Páll Imsland

Bætt aðgengi fatlaðra

Við þurfum ekki öll að sigra heiminn. Margt smátt gerir eitt stórt og þannig ber okkur að hugsa þegar kemur að aðgengi. Við skulum fyrst og fremst huga að okkar nærumhverfi og þeim verkefnum sem við sjálf vinnum að og standa okkur nærri.

Hér koma nokkrar hugmyndir um hluti sem ég tel mikilvæga og ættu allir að geta fundið eitthvað sem þeir geta gert:

Stofnanir og fyrirtæki þurfa að innleiða aðgengi í alla sína vinnuferla og hafa aðgengi til hliðsjónar í öllum ákvörðunum sem teknar eru. Aðgengismál eiga að vera hluti af fyrirtækjamenningu.

Hér koma nokkur dæmi um aðgengi innan stofnana og fyrirtækja:

- Aðgengi hjólastóla, rampar, skábrautir o.s.frv.
- Skýrar og góðar umhverfismerkingar.
- Gæta þess að handrið sé á öllum tröppum og þær merktar með afgerandi lit, þ.e. tröppunef.
- Engar hindranir á gangvegi. Leiðarlínur og áherslusvæði fyrir blinda og sjónskerta.
- Huga að hljóðvist. Er mikill kliður eða bergmál?
- Hafa þægilega og góða lýsingu.
- Aðgengi að salernum fyrir fatlaða.
- Góðar og skýrar merkingar á lyftuhnöppum. Talandi lyftur.
- Aðgengileg heimasíða.
- Ekki aðeins huga að aðgengi fyrir viðskiptavini. Starfsfólk nýtur einnig góðs af góðu aðgengi.
- Bjóða upp á að hafa samband í síma, spjallglugga og tölvupósti eða að koma á staðinn. Sami samskiptamátinn hentar ekki öllum.
- Huga þarf að aðgengi þegar kemur að lausnum á borð við sjálfsafgreiðslukassa, hraðbanka, innskráningarskjái o.fl.
- Huga að aðgengi utandyra sem og innandyra.

Hlynur Þór Agnarsson.

- Vera með augljósar og opnar samskiptaleiðir þar sem almenningur getur komið ábendingum til skila, t.d. varðandi aðgengismál.

Þegar verið er að byggja, breyta eða endurnýja húsnæði skal huga að aðgengismálum frá upphafi. Kröfur um aðgengi og algilda hönnun má m.a. finna í núgildandi byggingarreglugerð.

Einnig þarf við hönnun, breytingu eða skipulagningu á svæði utandyra að huga að aðgengi og má þar nýta sér nýlegar leiðbeiningar um „Hönnun fyrir alla – algild hönnun utandyra“ sem nálgast má á vef Vegagerðarinnar. Við smíði á nýju vefsvæði eða smáforriti er brýnt að huga að aðgengismálum frá upphafi og í gegnum allt ferlið. Notast skal við WCAG aðgengisstaðalinn þegar kemur að stafrænu aðgengi, gera notendaprófanir o.s.frv.

Einstaklingar sem vilja láta gott af sér leiða og stuðla að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra geta t.d. sótt smáforritið Be My Eyes og skráð sig sem sjálfboðaliða.

Almenningur getur einnig sent ábendingar á sveitarfélög í gegnum heimasíður þeirra, komi þeir auga á eitthvað sem betur má fara, t.d. bilaðir ljósastaurar, illa farnir göngustígar, óaðgengilegar byggingar eða vefsíður o.s.frv. Komum ábendingum áleiðis frekar en að bölva í hljóði.

Listinn hér að ofan er langt frá því tæmandi og það er fjölmargt sem við sem einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir getum gert, auk ríkis og sveitarfélaga.

Ef þú hefur einhverjar spurningar, vilt óska eftir ráðgjöf eða fá frekari upplýsingar, hvet ég þig til að hafa samband við okkur hjá Blindrafélaginu í síma 525 0000 eða senda tölvupóst á netfangið adgengi@blind.is.

***Hlynur Þór Agnarsson**,*
aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins

Vissir þú að:

Blindrafélagið er í samstarfi við ýmis fyrirtæki og er með umboð fyrir ýmsar vörur hérlendis er snúa að aðgengismálum? Við getum veitt ráðgjöf og útvegað lausnir sem stuðla að bættu aðgengi, hvort sem það er í raunheimum eða stafrænum lausnum:

- **Umboðsaðili fyrir leiðarlínur og aðrar umhverfismerkingar frá fyrirtækjunum Handi-Friendly frá Tékklandi og Olejár frá Slóvakíu.**
- **Umboðsaðili ReadSpeaker á Íslandi. Talgervislausnir á borð við vefþuluna (hlusta hnappinn) og fleira.**
- **Samstarfsaðili Siteimprove á Íslandi. Siteimprove býður lausnir sem snúa að því að bæta gæði vefsvæða, allt frá aðgengi upp í leitarvélabestun.**
- **Umboðsaðili NaviLens á Íslandi. NaviLens er ný og spennandi tækni fyrir merkingar í umhverfi, vörum og í raun hverju sem er.**
- **Samstarfsaðili Be My Eyes á Íslandi. Með Be My Eyes appinu geta sjáandi einstaklingar aðstoðað blinda og sjónskerta notendur með ýmis hversdagsleg verk með einföldum hætti.**

HUMBAUR KERRURNAR ÞÝSKU ERU TIL Á LAGER!

Gerð HA752513
750kg heildarburður,
mál innan: 251x131x35cm
verð kr:295,000,-m/vsk.

Gerð HA133015
1300kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:530,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HA 203015
2000kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:630,000,-m/vsk og skráningu.



Gerð HA 253015
2500kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm verð kr:665,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HT 203116
2000kg heildarburður,
mál innan: 310x165x30cm
verð kr:740,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HTK 3000,31
3000kg heildarburður,
mál innan: 314x175x35cm
verð kr:1,550,000,-m/vsk og skráningu.
Sturtukerra.

Topplausnir
Smiðjuvegi 12, græn gata
200 Kópavogur
Sími 517 7718
www.topplausnir.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Höfum til sölu Furuflís í um 28 kg böllum. Verð kr. 1.875- Brimco ehf. S. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30

Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

Varahlutir á lager framleiddir af Chevrolet á 35% afslætti í þjónustumiðstöð okkar. Fyrir nánari upplýsingar getur þú haft samband við varahlutir@benni.is, í s. 590-2000 eða mætt í þjónustumiðstöð okkar að Tangarhöfða 8-12.

Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd 420 cm x hæð 110 cm. Möskvar 10 x15. Verð frá kr. 24.900 +vsk. Sett með lömum og loku aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.

Vönduð og áhugasöm 17 ára þýsk stúlka óskar eftir að dvelja hjá góðri íslenskri hestafjölskyldu frá um 23. júlí - 3. september núna í sumar og starfa við umhirðu og aðhlynningu íslenska hestsins. Á sjálf íslenskan hest og hefur margra ára reynslu af íslenskum hestum í Þýskalandi. Vinsamlega hringið í Báru s. 896-4494.

Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor- 12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is

Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Dísel hitari í bátinn 24v 5 og 8kw. Verð frá kr. 48.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Erum með labradorgot undan Bólstaðar Sölku og Skjaldar Castró, komu 10 stykki. Og nú eru þeir að leita að framtíðarheimili. Frábærir veiðihundar, henta einnig sem heimilishundar. Tilbúnir til afhendingar 5. júní. Með ættbók frá Hundaræktarfélaginu, heilsufarsskoðaðir, örmerktir og bólusettir. Frekari upplýsingar í s. 898-9085, Skarphéðinn.

Plastfötur með loki (20 ltr) fást gefis hjá mjólkurvinnslunni Örnu í Bolungarvík gegn því að vera sóttar. Föturnar eru undan ávaxtasultu og falla til í hverri viku. Arna ehf. S. 456-5600. pantanir@arna.is

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Aukin ökuréttindi

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Næstu námskeið

Fjarfundur í rauntíma

10. maí
7. júní

Menntun ökumanna er okkar fag

Umferðaröryggi
7. maí - 9:00 - 16:00
18. maí - 17:00 - 20:30 - hluti 1
19. maí - 17:00 - 20:30 - hluti 2
Vistakstur
9. maí - 17:00 - 20:30 - hluti 1
10. maí - 17:00 - 20:30 - hluti 2
14. maí - 9:00 - 16:00
Lög og reglur
11. maí - 17:00 - 20:00 - hluti 1
12. maí - 17:00 - 21:00 - hluti 2
23. maí - 17:00 - 20:00 - hluti 1
24. maí - 17:00 - 21:00 - hluti 2
Vöruflutningar
16. maí - 17:00 - 20:30 - hluti 1
17. maí - 17:00 - 20:30 - hluti 2
28. maí - 9:00 - 16:00
Skyndihjálp
21. maí - 9:00 - 16:00

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

senmatic
Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús
Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar

Arvirkinn
Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Frá Jólagarðinum. Nú langar okkur að gera lífið jafnvel ennþá skemmtilegra og bæta við okkur ögn af íslensku jólahandverki fyrir sumarið. Á óskalistanum er, gömlu íslensku jólasveinarnir – jólakötturinn. Jólaskraut tálgað, útskorið eða málað – líka eitthvað óhefðbundið. Prjónles jólamunstur í jólalitum (rautt/grænt/hvítt) Jósep, María og Jesúbarnið „í íslenskri útgáfu". Ef þú ert að gera eitthvað skemmtilegt sem gæti hentað þá endilega sendu okkur myndir á jolagard@simnet.is. Svörum öllum erindum.

Sólar lofthitari OS20 520w Hitar útiloft 10-15 gráður. Þurrkar upp raka. Innbyggð vifta með sólarsellu. Ekkert rafmagn, ekkert viðhald. Verð kr. 98.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik, s. 888-1185.

Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 8924163.

Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is

Til sölu 3 stk 22 fm hús, eru langt komin, tilbúin að utan og byrjað að flísa baðið og tilbúið fyrir gólfefni. Hvert hús kostar kr. 5.500.000 +vsk. eins og þau eru, en hægt að fá þau alveg tilbúin fyrir hærra verð. Eru í Grindavík s. 768-2110.

Sumarhús/gestahús til sölu. Húsið er 18 fermetrar og í góðu standi. Húsið er byggt á stálgrind með hífikrókum neðst. Panill á veggjum og plastparket á gólfum. Rafmagnstafla og raflagnir. Vel einangrað hús sem er tilbúið til flutnings. Uppl. í s. 660-6250.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Varahlutir á lager, fyrir Musso, framleiddir af SsangYong á 35% afslætti í þjónustumiðstöð okkar. Fyrir nánari upplýsingar getur þú haft samband við varahlutir@benni.is, í s. 590 2000 eða mætt í þjónustumiðstöð okkar að Tangarhöfða 8-12.

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð-breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.

Tilboð á Peruzzo Pro 1800 sláttuvögnum. kr. 2.200.000 m/vsk. Sláttubreidd 1,80m. Graskassinn tekur 2100 ltr. Með vökvalyftibúnaði, hægt að tæma í gám o.fl. Fyrir sveitarfélög, verktaka og bændur. Uppl. í s. 564-1864. Vetrarsól ehf. Kópavogi.

Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.

Póstverslun·is

Er lúsmý að angra þig? Höfum til sölu vönduð sérhönnuð lúsmýsnet til að byrgja glugga á íbúðarhúsum og sumarhúsum. Netin eru 1,4 m að breidd og seld óklippt í metratali. Netin eru mun fínriðnari en hefðbundin flugnanet og gulltryggja að lúsmýið sleppi ekki í gegn. Pantaðu á netinu og við sendum þér vöruna samdægurs um hæl. Höfum einnig fjölmargar aðrar vörur til varnar lúsmý. Leitið upplýsinga á postverslun.is.

Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“, 3“, 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sólarsellur 120w kr. 21.900.- 180w kr. 29.900.- 370w kr. 59.900.- og fylgihlutir Orkubóndinn.is . Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.

Landini 7-200 Vario 6 cylindra vél tilsölu. Framleidd 2020 tekin í notkun 2021 Notkun- 1.350 klst. - ný innflutt. Þessi flotta vél er til sölu hjá okkur. FPT mótor 6,7 lítra, 200 hestöfl. ZF-Vario kassi. Ámoksturstæki - Framlyftur - Aflúttak framan - skotkrókur Led ljós - Isobus - og fleira og fleira Verð kr. 16.000.000 +vsk. Uppl. í s. 412-3000

Til sölu Daf 410 húsbíll, árgerð 1991, fornbíll. Engin bifreiðagjöld, akstur óþekktur, en vél ekin 115.000 km. Í góðu lagi en þarfnast lagfæringar á boddíi. Verð kr. 1.200.000. Uppl. í s. 893-2683.

Vinnulyfta Nifti 120, árgerð 2006.100% rafmagn, keyrslubúnaður hámarksvinnuhæð 12 m. Verð kr. 1.500.000 +vsk. Uppl. í s. 893-2673.

Vinnulyfta octo pussy, 12 bensín og landrafmagn, beltadrif. Hámarksvinnuhæð 12 m. Verð kr. 1.800.000. Uppl. í s. 893-2673.

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

MF 135, árgerð 1973 í ágætu lagi, en þarnast umhyggju. Verð kr. 200.000. Uppl. í s. 893-2673.

Subaru Forester 2008, ekinn 164.000 km, 2 eigendur. Nýleg harðkornadekk. Skoðaður- 2023. Bremsur nýjar, sjálfskipting biluð. Selst í núverandi ástandi. Verð kr. 400.000 staðgr. larusjg@hugall.is

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

DeLonghi Magnifica 1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn, cappuchino system, býr til gufu til að flóa mjólk, CRF Tækni - Betri bragðgæði. Kostar ný kr. 69.995 - Verðhugmynd kr. 50.000. Vélin er keypt í Heimilistækjum 6. september 2020 og er í ábyrgð í tvö ár. Vélin er nýhreinsuð og í góðu standi. Tilvalin í fjósið. Uppl. í s. 863-3083 eftir kl. 16 á daginn.

Glussadrifin færibönd fyrir handtínslu á hvítkáli, rauðkáli o.fl. grænmeti. Smíðað úr flugvélaáli, mjög léttbyggt (8,3 m = 130 kg með glussaslöngum) 3 heildarlengdir í boði, 6,9 m, 7,9 m, 8,3 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang- hak@hak.is Vefsíða- www.hak.is

Til sölu M. Benz árg. 1997 Ruthmann með skotbómulyftu, innfluttur árið 2007. Skoðaður án athugasemda 2021 af Frumherja og Vinnueftirliti. Verð tilboð. Upplýsingar gefur Vilhelm í s. 898-2063.

Apollo áburðardreifari til sölu. Lítið notaður og í toppstandi. Alltaf geymdur inni og segl fylgir. Ásett verð kr. 700.000. Staðsettur á Norðurlandi. Skoða skipti á snjóblásara. Frekari uppl. í s. 898-0541.

Bilxtra kerra, hægt er að taka af skjólborðin að framan og aftan ásamt hliðum. Rampar fylgja með. Lþ- 2500 kg, 415x205x35 cm. Uppl. s. 837-7750.

Taðklær á lager. Breiddir- 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is

Condor kerra- uppákeyrslubrautar, styrktur stálrammi, ál skjólborð sem er hægt taka af bæði að framan og aftan ásamt hliðum. 330 x 180 x 35 cm, Heildarþyngd- 2700 kg. S. 837-7750, info@bilxtra.is

JOBMAN WORKWEAR
Frábærar skyrtur frá Jobman!
Durability at work since 1975
Vattfóðruð skyrta J5157
Verð: 7.612 kr.
Þunn skyrta J5138
Verð: 6.490 kr.
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
Vefverslun: Khvinnufot.is
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is
KH VINNUFÖT Réttu fötin fyrir þig!

Lely Center Ísland
EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

GAS LYKKJUBYSSA
Hentar einkar vel fyrir girðinga-vinnu og aðrar framkvæmdir
Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS
SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544

Ný sending af glugganeti og riflásum
Vörn gegn lúsmý og öðrum skordýrum!
Einfalt í uppsetningu með riflásum.
I Heildverslun ehf.
Hvaleyrarbraut 35
S: 555-2585
www.ihverslun.is

VÍKURVAGNAR EHF.
ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM
Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Bilxtra BD7530UT. Grindiner öllsoðin, sterkbyggð, heitgalvaniseruð. Opnanlegir hlerar, 6 innfeld augu fyrir festingar og sturtumöguleiki. 750 kg, 304 x 150 x 35 cm, S. 837-7750.

Bátakerra 7,80m á lengd og 2,30 m á breidd. Má bera 2,3 tonn. Verð kr. 800.000. Uppl. í s. 892-0330.

Sturtuvagn til sölu. Verð kr. 550.000. Upplýsingar í s. 892-0330.

Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði.https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf, www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

Massey Ferguson 5711 með tækjum, árg. 2019. Notuð 300 vinnustundir. Verð kr. 9.800.000 +vsk. Staðsett á NA-landi. Nánari upplýsingar s. 899-2664.

Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Til sölu bakaraofn Ariston Digital. Virkar vel. Er með snúningstein fyrir grill. Verð kr. 20.000. Er í 104 Reykjavík. S. 664-2105 eða 866-7644.

Polaris 800 6x6, árgerð 2012, ekið ca 4000. Verð kr. 1.500.000. Uppl. í s. 893-1872.

Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð kr. 9.900 m/vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.

Sláttuvélar í ýmsum stærðum og útfærslum fyrir hvers kyns rudda og graslúða. Þessi litla sæta er fyrir traktor 40hp+ og slær 175cm. Verð kr. 320.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – s. 555-6520.

Hörkuduglegur kurlari með 6,5 hp bensínmótor sem hæfir skógrækt í smærri stíl. Verð kr 160.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.

Til sölu Ford Econoline, árg.´96,ekinn 280.000 km. V8 bensín. Verð kr. 1.490.000. Allar nánari upplýsingar eru veittar í s. 898-5254.

Léttar og góðar fjárgrindur sem hægt er að skella saman án mikillar fyrirhafnar. Geggjaðar í sauðburðinn. 1200 x 1170 mm verð kr. 8.690 +vsk 1800 x 1170 mm kr. 10.990 +vsk. Búvís, Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri, s. 465-1332, buvis@buvis.is

Hliðgrindur. Eigum til hliðgrindur í þremur stærðum. 3500 x 1050 mm Kr. 19.800 +vsk 4000 x 1050 mm Kr. 24.900 +vsk 5000 x 1050 mm Kr. 29.900 +vsk Búvís, Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri, s. 465-1332, buvis@buvis.is

2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vikta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163,hak@hak.is, www.hak.is

M. Benz 519 CDI 3 way Kipper 4x4 2021. Ekinn 1000 km. Sjálfskiptur. Vel útbúinn. Heildarþyngd 5010 kg. Dráttarbeisli. Uppl. kaldasel@islandia.is s. 820-1071.

Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo. Lengd- 4,5 m. Breidd- 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd- 100 kg, burðargeta- 1.100 kg. Max stærð af mótor- 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang : hak@hak.is

Drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Ekkert rafmagn 100% frostfrítt. Einfalt í uppsetningu. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Verð kr. 118.000 +vsk. Til á lager Formax Paralamp ehf. Upplýsingar í s. 562-6800.

Stubbastandar - Stubbahólkar!! Bæði frístandandi og veggfestir. Uppl. stubbastandur@gmail.com S. 842-2535.

Varahlutir á lager framleiddir af Opel á 35% afslætti í þjónustumiðstöð okkar. Fyrir nánari upplýsingar getur þú haft samband við varahlutir@benni.is, í s. 590-2000 eða mætt í þjónustumiðstöð okkar að Tangarhöfða 8-12.

Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af 2ja og 3ja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is

Stórviðarsög á braut. Aflgjafar- 3 fasa rafmótor 5,5 kw eða Kohler bensínmótor 14 hö. Lengd á braut- 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol- 66 cm. Framleitt í Póllandi. Ce merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is

Týndur hestur! Flottur frá Felli. Var á Hlíðarási í Kjós. Rauður, rautt fax og tagl, tvístjörnóttur. Uppl. í s. 846-8336.

Nýtt heimili Mahle á ÍsLandi. Nú er hægt að panta Mahle startara, alternatora og varahluti hjá Sturlaugi Jónssyni & co. Við höfum náð samkomulagi um að vera dreifingaraðili þeirra á Íslandi. Þú getur haft samband í s. 412-3000 eða sent póst á sala@sturlaugur.is og fengið nánari upplýsingar og verðtilboð.

Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.

Tökum að okkur nýsmíði á gluggum ásamt ísetningu, sem og glerskiptum. Sanngjarnt verð og fagmannleg vinnubrögð. Komum á staðinn, mælum og gerum þér tilboð. bsbverktakar@gmail.com s. 868–1158 Benni Húsasmíðameistari.

Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf , s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu

New Holland 935 heybindivél og KR baggatína. Uppl. í s. 893-2356.

Gott útigangshey til sölu á sanngjörnu verði. Staðsett í Flóahrepp. S. 899-1748.

Til sölu Toyota Hilux, árgerð 2005, í varahluti. Upplýsingar í s. 895-8770.

Hefurðu áhuga á uppstoppuðum fuglum og dýrahausum? Opið hús á Lækjarbrún 5, Hveragerði, 29. apríl milli kl. 14-19 og sunnudaginn 1. maí kl. 14-19. Uppstoppað hrafnaþing og fleiri fuglategundir, einnig verður hrútakofinn opinn. Uppl. í s. 899-4600.

2x6 SAC innrétting í mjaltagryfju, 2 Nedap(SAC) kjarnfóðurbásar, hálsbönd og kubbar, Dairypower flórsköfudælustöð með mótor ásamt tjökkum, SAC sogdæla og 3 fasa mótor. Fæst fyrir sanngjarnt verð. Upplýsingar í s. 899-5494 eða á agustk@visir.is

Ford 350 til sölu. Árgerð 2005, ekinn 195.000 km. Nýskoðaður. Upplýsingar í s. 895-9059.

Óska eftir

Óska eftir notaðri stórviðarsög á braut, til að saga trjáboli. Uppl. í s. 894- 5856.

Óska eftir litlum jarðvegstætara sem gott er að nota í beð og gróðurhús. Uppl. Í s. 789-1212.

Óska eftir Fella sm 320 sláttuvél. Má vera biluð. Upplýsingar í s. 867-4658.

Óska eftir Valtra Valmet 865 týpu. Má vera biluð en með gírkassa í lagi. Vantar einnig sláttuvél í varahluti, Lely Splendimo. Uppl. í s. 434-7729/694-8570.

Atvinna

Óskum eftir aðstoðarfólki í sauðburð, einnig til almennra landbúnaðarstarfa. Starfsreynsla og þekking á vélavinnu kostur. Erum í Hrútafirði. S. 894-5504 eða reykirtvo@gmail.com

Lambhagi ehf. óskar eftir rösku pari til ýmissa starfa á gróðrarstöðinni. Lítið starfsmannahús er til afnota á staðnum. Áhusamir sendið svar á- lambhagi@lambhagi.is.

Óskum eftir áhugasömu og duglegu aðstoðarfólki í sauðburð frá um 5. til 25. maí. Staðsetning Vesturland. Nánari upplýsingar s. 897-9603.

Óskum eftir starfskrafti á blandað bú á Suðurlandi. Reynsla af landbúnaðarstörfum kostur. Upplýsingar í s. 899-5494 eða agustk@visir.is

Starfskraftur óskast í sauðburð í maí. Upplýsingar í s. 897-0052.

Óska eftir duglegum og áhugasömum unglingi, á aldrinum 13-16 ára, til að vinna á blönduðu búi á Suðurlandi í sumar. Nánari upplýsingar í s. 848-9406.

16 ára strákur óskar eftir vinnu á sveitabæ. Er vanur vinnu og tækjum. Uppl s. 774-5994- Matthías Karl.

Einkamál

Kona, búsett á Suðurlandi óskar eftir kynnum við karlmann, 40-55 ára. Þarf að vera traustur, fjárhagslega sjálfstæður og í góðum tengslum við sjálfan sig. Sterk fjölskyldubönd kostur. Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á netfangið konaisveit@gmail.com, gaman væri ef mynd fylgdi.

Húsnæði

Til sölu gróðurhús 3 stk. um 450 fm. Húsin eru 6,1 m breið og eru með auka vindstyrkingu. Húsin eru ósamansett og eru til afhendingar strax. Verðhugmynd kr. 2.100.000. Uppl. í s. 821-2757.

Jarðir

Til sölu er lögbýli í Árborg 58,2 ha án húsa. Staðsetning er góð, aðkoma frá Holtsvegi 314, 45 mín. akstur frá Reykjavík. Jörðin hentar fyrir hestafólk, skógrækt eða til uppbyggingar f. fjárfesta. Liggur nálægt Selfossi. Óska eftir tilboði. Uppl. í s. 895-9066.

Leiga

Til leigu eða afnota á jörðinni Svarfhóli, Svínadal, Hvalfjarðarsveit um 60 hektarar af túnum í góðri rækt. Uppl. í s. 892-0388.

Óska eftir að fá leigt sem fyrst, stæði undir gám, eða gám í stæði, jafnvel geymsluskúr. (Gæti e.t.v. keypt gáminn). Á höfuðborgarsvæðinu eða nágrenni. S. 651-6527.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com, Einar G.

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
5630300

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóubryr. Reimskífur fyrir alternatora. Kóplingslreur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternatora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.
ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

STERKI VAGNINN
Kynningarverð: 189.000 kr.

Þessi er algjör nauðsyn á öllum vinnusvæðum. Hentar fyrir nánast hvað sem er!
- 400 lítra
- 750 kg burðargeta
- Löggilt hífingaraugu
- Auðveldur í notkun
STARKE ARVID
NOTAÐU TÆKNINA
SPARAÐU ORKUNA
www.diapro.is | diapro@diapro.is | S: 6937700 | Stapahraun 7, 220 Hafnarfjörður

Handsápur sem mýkja hendur og erta ekki húð
henta því einstaklega vel á tímum sauðburðar
Sonett hreinlætisvörur brotna 100% niður í náttúrunni ásamt því að vernda náttúrulegar vatnsauðlindir.
Hráefnin eru unnin úr jurtum og steinefnum og innihalda engin ensím.

sonett
Söluaðilar: Byko Breidd, Fjarðarkaup, Nettó, H Verslun, Hlíðarkaup, Húsasmiðjan, Kjörbúðin, Krónan, Lyfjaver, Melabúðin, Samkaup og Verslunarfélag Drangsness ehf.

Hvernig flýgur þú?

	KEF-LON	AEY-LON
Fargjald (fram og til baka)	103.600	109.660
Akstur innanlands	17.160	2.200
Veitingar innanlands	12.000	5.000
Bensín innanlands	16.757	0
Bílastæði KEF (7 dagar)	12.250	0
Gisting KEF (1 nótt)	21.300	0
Vinnutap/orlof (2 dagar fyrir tvo)	96.668	0
	279.735	**116.860**
Sparnaður við AEY		**162.875 kr.**

Hafðu það meira næs

NICEAIR
North Iceland

Forsendur:
Hjón búsett á Norðurlandi á vikuferðalagi með handfarangur. Slembidagsetningar valdar. Tveir orlofsdagar notaðir til aksturs til og frá Keflavík. Laun beggja áætluð 580.000 kr. Meðalverð á gistingu eina nótt í Keflavík. Akstur og eldsneyti: 858 kílómetrar fram og til baka, 6,3 l dísel/100 km.